



Ársskýrsla

KFUM og KFUK á Íslandi
Starfsárið 2018–2019





Inngangur formanns



Helgi Gíslason
formaður KFUM
og KFUK

Ágæta félagsfólk

Starf KFUM og KFUK var að venju fjölbreytt og yfirgrípsmikið. Við getum verið stolt og þakklát yfir því hversu vel hefur tekist til í fjölmörgum greinum.

KFUM og KFUK er fyrst og fremst sjálfbóðaliðahreyfing og allt starf félagsins byggist að miklu leyti á starfi þeirra. Félagið hefur að sjálfsögðu öfluga starfsmenn í föstu starfi árið um kring. Meginhlutverk þeirra er hins vegar að vera stuðningur við sjálfbóðaliðana, sem með margvíslegum hætti taka þátt í starfi félagsins.

Það er þakkað hversu margir hafa áhuga á að leggja félagsstarfinu lið. Margir sjálfbóðaliðar tengjast ákveðnum verkefnum svo sem Jólum í skókassa, leikskólanum Vinagarði eða einhverjum sumarbúðanna. Ef til vill getum við staðið betur að því að bjóða og hvetja hvert annað til þess að taka þátt í öðrum starfsgreinum félagsins. Margir sjálfbóðaliðar kjósa að gerast formlegir félagar og skráðum fullorðnum félögum fjölga stöðugt. Nú nálgast það mark að félagar í KFUM og KFUK á Íslandi verði fleiri en 1000 og það gerist líklega á þessu ári sem að sjálfsögðu er gleðiefni.

Meginhlutverk KFUM og KFUK er að efla ungt fólk til þátttöku með kristin gildi og trúna á Jesú Krist sem leiðarljós. Vel hefur tekist til að fá fleiri unglinga til að taka þátt í leiðtogafræðslu. Það er hins vegar áskorun hvernig við getum náð til fleiri barna og unglinga. Þörf er á markvissri stefnu og leit að nýjum tækifærum, athuga hvar þörfin sé mest og hvaða hópum barna og unglinga er minna sinnt en öðrum?

Um leið viljum við hlúa að og efla enn frekar það starf sem gengur vel. Sumarbúðir og leikskólinn Vinagarður njóta stöðugra vinsælda og vel hefur tekist til með ýmis verkefni svo sem Jól í skókassa, Basar KFUK, karla- og kvennakóra, útivistarhóp og svona mætti lengi telja.

Á síðasta ári voru liðin 150 ár frá fæðingu sr. Friðriks Friðrikssonar stofnanda KFUM og KFUK á Íslandi. Afmælið var haldið hátíðlegt í samstarfi við Bandalag íslenskra skáta, Karalakórinn fóstbræður ásamt Íþróttafélagunum Haukum og Val í Reykjavík, en upphaf þessara félaga má rekja með einum eða öðrum hætti til sr. Friðriks og KFUM og KFUK. Þessar sameiginlegu rætur vekja samhug, virðingu og gleði í öllum þessum félögum. Þessi félög, ólík sem þau eru, eiga sér síðan sameiginlegan vettvang í starfi í Friðrikskapelli, en hún átti einmitt 25 ára vígsluafmæli á síðasta ári.

Grundvöllur og markmið starfs KFUM og KFUK er efling ungs fólks með því að kynna fyrir því boðskapinn um Jesú Krist og það gerist lærisveinar og liðsmenn hans til framtíðar. Framgangur og efling félagsstarfsins þarf að hafa þetta markmið skýrt um leið og ég minni á hvatningu Jesú, „biðið og yður mun gefast“, sem undirstrika mikilvægi þess að við biðjum stöðugt fyrir öllu starfi KFUM og KFUK.

Með góðri kveðju,

Helgi Gíslason
Formaður KFUM og KFUK á Íslandi

Efnisyfirlit

1. Forysta KFUM og KFUK	6	10. Vindáshlið	31
2. Æskulýðsstarf	10	11. Vatnaskógur	35
3. Fræðslustarf	15	12. Hólavatr	42
4. Fjölskyldu- og fullorðinsstarf	18	13. Ölver	44
5. Leikjanámskeið	23	14. Kaldársel	47
6. Alþjóðastarf	24	15. KFUM og KFUK á Akureyri	50
7. Innlend samstarfsverkefni	26	16. KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum	52
8. Útgáfu- og kynningarmál	28	17. KFUM og KFUK á Suðurnesjum	54
9. Jól í skókassa	30	18. Vinagarður	56

Nafnið segir hver við erum

KFUM og KFUK stendur fyrir Kristilegt félag ungra manna og kvenna.

Við búum við þau forréttindi að nafn félagsins segir hver við erum.

Hver stafur hefur sína merkingu.

K

Kristilegt

Við fræðum þátttakendur um boðskap Biblíunnar, líf og starf Jesú Krists, kennum þeim að þekkja trú sína, rækja hana og meta gildi hennar.

F

Félag

Við erum frjáls félagasamtök og störfum eftir lýðræðislegum leikreglum.

U


Ungra

Við erum æskulýðshreyfing og leggjum áherslu á að standa fyrir heilbrigðu félagsstarfi fyrir börn og ungmenni.

M/K

Manna og kvenna

Við stuðlum að mannrækt og mannúð. Við stöndum fyrir uppbyggjandi verkefnum, gagnlegum samfélaginu.



Merkið undirstrikar markmiðið

KFUM og KFUK er æskulýðshreyfing sem hefur að markmiði að stuðla að heilbrigði mannsins til líkama, sálar og anda. Þríhyrningurinn í merki félagsins undirstrikar þetta, en hliðar hans tákna líkama, sál og anda. Aðferðafræðin er aðferð Jesú Krists: Að mæta hverri manneskju af umhyggju, kærleika og virðingu.

120 ára æskulýðsfélag

KFUM og KFUK voru stofnuð 1899. Stofnandinn sr. Friðrik Friðriksson telst til merkari manna 20. aldarinnar. Mörg önnur félög eiga rætur að rekja til KFUM og KFUK og starfs sr. Friðriks, þar á meðal íþróttafélögin Valur og Haukar, karlakórinn Fóstbræður og skátastarf á Íslandi. Fjölbreytnin í starfi KFUM og KFUK er í samræmi við orð stofnandans: „Ekkert sannarlega mannlegt er óviðkomandi sönnun kristindómi.“



Stytta af sr. Friðriki Friðrikssyni stofnanda KFUM og KFUK stendur við Lækjargötu í Reykjavík.

Fjölbreytni einkennir starfið

Starf KFUM og KFUK er mjög fjölbreytt. Við eigum og starfrækjum fimm sumarbúðir, höldum úti 29 æskulýðsdeildum víðs vegar á landinu, stöndum fyrir stórum og smáum viðburðum og metnaðarfullri leiðtogaþjálfun. Þá eigum við leikskólann Vinagarð, rekum þjónustumiðstöð við Holtaveg auk þriggja félagsheimila á landsbyggðinni.



Æskulýðsstarf



Vatnaskógur



Kaldársel



Sumarbúðir



Leiðtogaþjálfun



Viðburðir



Ölver



Sæludagar



Hólavatn



Alþjóðleg hreyfing



Farmingarnámskeið



Leikjanámskeið



Jól í skókassa



Vindáshlíð



Fullorðinsstarf



Leikskóli



Fyrir fjölskyldur

1. Forysta KFUM og KFUK

Aðalfundur KFUM og KFUK fór fram laugardaginn 14. apríl 2018 á Holtavegi 28 í Reykjavík. Í upphafi fundar hafði sr. Guðni Már Harðarson, prestur í Lindakirkju, hugvekju, þar sem hann rifjaði upp leiðtogahlutverk sr. Friðriks Friðrikssonar. Fyrir fundinum lágu hefðbundin aðalfundarstörf. Á fundinum var almennt félagsgjald hækkað úr 5.000 kr. í 6.000 kr. Þá var félagsgjaldið fyrir yngri en 25 ára, eldri en 67 ára og öryrkja hækkað úr 2.500 kr. í 3.000 kr. Jákvæð og uppbyggileg umræða einkenndi fundinn. Fundarstjóri var Viðar Helgason og fundarritarar þau Guðrún Nína Petersen og Ingi Bogi Bogason.

Í stjórninni 2018–2019 störfuðu eftirtalin og skiptu þannig með sér verkum:

Helgi Gíslason, formaður
Sólveig Reynisdóttir, varaformaður
Guðlaug Jökulsdóttir, ritari
Sigurður Erlingsson, gjaldkeri
Blær Elíasson, meðstjórnandi
Henryr Pór Gränz, meðstjórnandi
Karen Lind Ólafsdóttir, meðstjórnandi
Salóme Jórunn Bernharðsdóttir, meðstjórnandi
Helga Kolbeinsdóttir, varamaður
Magnús Viðar Skúlason, varamaður

Hjá félaginu hefur skapast sú hefð að varamenn er ávallt boðaðir á fundi og eru jafnan virkir stjórnarmenn.

Auk þess skiptir stjórnarfolk með sér að vera tengiliðir við stjórnir starfsstöðva félagsins:

Sólveig Reynisdóttir - Ölver
Guðlaug Jökulsdóttir - Hólavatn og Akureyri
Sigurður Erlingsson - Vatnaskógur
Karen Lind Ólafsdóttir - Vinagarður, leikskóli KFUM og KFUK
Blær Elíasson - Kaldársel
Henryr Pór Gränz - Vestmannaeyjar
Helga Kolbeinsdóttir - Vindáshlíð
Magnús Viðar Skúlason - Reykjanesbær

Stjórnarfundir

Þegar þetta er ritað hefur stjórnin haldi tíu stjórnarfundir og eru tveir á dagskrá fram að aðalfundi sem boðaður hefur verið 13. apríl.

Málefni á borði stjórnar voru margvísleg, t.d.

Framtíðaruppbygging félagsins á Holtavegi 28
Breytingar og viðhald félagshússins Holtavegi 28
Aukin áhersla á ungleiðtogaþjálfun KFUM og KFUK
Góður gangur í æskulýðsstarfinu
Framkvæmd hátíðar vegna þess að 150 ár eru liðin frá fæðingu sr. Friðriks Friðrikssonar
Rekstur og fjármál
Ný persónuverndarlög
Alþjóðlegt samstarf á vegum KFUM og KFUK
Samfélags- og fullorðinsstarf félagsins

Verkefni hjá starfsstöðvum félagsins
Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019
Starfsmannamál
Hátíðar- og inntökufundur KFUM og KFUK á Íslandi
Aðalfundur og fulltrúaráðsfundur KFUM og KFUK á Íslandi.

Råd á vegum stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi

Tvö råd voru virk á starfsárinu; alþjóðaráð og húsråd. Alþjóðaráð sinnir samskiptum við systurhreyfingar erlendis og skipuleggur þátttöku í viðburðum og mótum á erlendri grundu (sjá nánar kafla um alþjóðastarf). Húsråd heldur utan um framkvæmdir og viðhald aðalstöðva félagsins við Holtaveg. Þá vöru lögð drög að endurvakningu kynningarráðs og fjármálaráðs.

Alþjóðaráð:

Sólveig Reynisdóttir, formaður
Anna Elísa Gunnarsdóttir
Dagrún Linda Barkardóttir
Gísli Stefánsson
Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir
Tinna Rós Steinsdóttir

Húsråd:

Henryr Pór Gränz, formaður
Björn Pór Baldursson
Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson

Heiðursfélagar:

Heiðursfélagar KFUM og KFUK eru þau Ásgeir B. Ellertsson, Betsy R. Halldórsson, Emília Ósk Guðjónsdóttir, Guðmundur Ómar Guðmundsson, Helga K. Friðriksdóttir og Sverrir Axelsson. Einn heiðurfélagi, Sigurður Pálsson, lést rétt áður en þessi skýrsla fór í prentun.


Hátíðar- og inntökufundur

Á hverju ári eru nýir félagar í KFUM og KFUK boðnir velkomnir í félagið á sérstökum hátíðar- og inntökufundi sem að þessu sinni fór fram 7. febrúar 2019 í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg. Á þessu starfsári gekk 21 nýr félagi til liðs við félagið.

Dagskrá fundarins var í senn hátíðleg og skemmtileg, undir öruggri fundarstjórn þeirra Gunnars Hrafn Sveinssonar og Hreins Pálssonar. Upphafsorð hafði Helga Kolbeinsdóttir. Kór KSS söng fyrir gesti. Hugvekju flutti sr. Guðni Már Harðarson. Sólveig Reynisdóttir varaformaður bauð nýja félaga velkomna með hefðbundnum og hátíðlegum hætti. Hátíðarfundurinn var að vanda veislufundur með veglegum kvöldverði. Umsjón með fundinum var alfarið í höndum stjórnar félagsins.

150 ár frá fæðingu sr. Friðriks Friðrikssonar

Þann 25. maí 2018 voru liðin 150 ár frá fæðingu stofnanda KFUM og KFUK á Íslandi, sr. Friðriks Friðrikssonar. Af því tilefni var boðið til fagnaðar sem hófst í Friðrikskapelli 24. maí. Þess var minnst að 25 ár voru liðin frá vígslu kapellunnar. Í hádeginu 25. maí var blómsveigur



Þann 25. maí 2018 voru 150 ár liðin frá fæðingu sr. Friðriks Friðrikssonar. Þess var minnst með veglegri dagskrá dagana 24.–27. maí. Við þessi tímamót voru tekin saman 12 tilvitnanir í sr. Friðrik og þeim gerð góð skil á samfélagsmiðlum og á veggspjaldi.



*Styrkur Guðs ríkis er í því fölginn,
að það tekur engan naudugan,
vill enga þræla,
heldur frjálsa menn sem sjálfsboða.*

Sr. Friðrik Friðriksson

Heiðitýtt hugtök 1916, 7. – Rithöfundur: Jón Þ. Friðriksson. Fjall á fundi í KFUM.
vél umgripa sjónar fjalla í A. 20. 30. nóvember 1916.



lagður við styttna af sr. Friðrik í Lækjargötu. Seinna þann dag opnaði Valur formlega Fjósið á Hlíðarenda eftir endurbýggingu. Síðdegis var einnig Sr. Friðrikshlaupið ræst frá Holtavegi. Hápunktur afmælisins var stórglæsileg hátíðarsamkoma í Lindakirkju um kvöldið. Þar komu fram Jóhann Helgason ásamt Karlað KFUM, Karlaðrinn Fóstbræður, Skátakórinn, Ljósbrót kvennakór KFUK og hljómsveitin Sálmar. Þá var einnig kvikmynd um sr. Friðrik frumsýnd. Sunnudaginn 27. maí svar svo vígsluhátíð í Vatnaskógi sem lesa má um í kaflanum um Vatnaskóg. Í afmælisnefnd voru sr. Guðni mór Harðarson formaður f.h. KFUM og KFUK, Lárus Loftsson f.h. fóstbræðra, Þorgrímur Þráinsson f.h. Vals, Magnús Gunnarsson f.h. Hauka, Dagbjört Brynjarsdóttir f.h. Skáta og Þórarinn Björnsson f.h. KFUM og KFUK.

Félagshúsið Holtavegi 28

Aðalstöðvar félagsins á Holtavegi 28 eru tvö hús, tengd saman með tengibýggingu sem jafnframt er anddyri að báðum hlutum. Eldra húsið var byggt 1952 og gegndi hlutverki félagsheimilis til ársins 1986, er því var breytt í skrifstofu og fundaraðstöðu fyrir félagið. Í beinu framhaldi var nýrri hlutinn byggður sem félagsheimili og tekinn í notkun árið 1994.

Eldri hlutinn er ónýtur

Eldri hluti aðalstöðva félagsins við Holtavegi 28, skrifstofuhúsnæði félagsins, hefur verið dæmdur ónýtur. Á árinu 2015 greindist myglusveppur á nokkrum stöðum í þeim hluta hússins. Í kjölfarið var skrifstofa félagsins flutt yfir í félagsheimilið til bráðabirgða. Húsið hefur staðið óhreyft á starfsárinu. Það verður rífið þegar búið er að taka ákvörðun um hvað verður byggt í staðinn.

Nýrri hlutinn - breytingar innandyrna

Á starfsárinu 2018 var unnið að breytingum á skipulagi aðalhæðar til að fjölga fundarýmum og skapa betri starfsaðstöðu, bæði fyrir starfsfólk og sjálfsboðaliða. Fyrir hafði parketið á hæðinni verið slípað og lakkað. Salnum hafði verið skipt í tvennt með fellivegg auk þess sem fundarherbergi hafði verið stúkað af í suð-vesturenda kaffiteríunnar. Á starfsárinu var útbúin skrifstofuaðstaða fyrir starfsfólk þar sem áður var kennslustofa og geymsla. Þetta var umtalsverð framkvæmd þar sem fjarlægja þurfti vegg og breyta geymslulofti. Þá var smíðaður nýr afgreiðsluskenkur, kerfisloft sett upp, gólfteppi lagt og ný og léttari húsgögn sett inn í rýmið.

Í framhaldi var kaffiteríunni breytt með nýjum og huggulegum húsgögnum. Settir voru fram gamlir munur og myndir úr sögu félagsins sem nú eru til sýnis og gefa hlýlegan brag. Veggir og loftbitar voru málaðir og gardínur settar verða settar upp. Breytingarnar tókust mjög vel. Kalt og stofnanalegt svæði var gert hlýlegt og aðlaðandi.

Framtíðaruppbygging á lóð félagsins

Umræður um hvernig bregðast skuli við ónýta húsinu hafa fengið góðan tíma. Um er að ræða stórar ákvarðanir sem lúta ekki aðeins að því að byggja nýtt hús, heldur einnig hvernig skuli fjármagna þá framkvæmd, þörf félagsins fyrir nýtt hús og mikilvægi þess að hafa tekjur til að reka þá fermetra til framtíðar.

Umræðurnar hafa leitt okkur út á þá braut að skoða hvort nýta megi betur lóðina á Holtavegi 28. Sú hugmynd sem unnið hefur verið með á starfsárinu snýst um að fá að nýta hluta lóðarinnar undir íbúðir sem yrðu seldar og með því náð að fjármagna byggingu á nýju húsi í stað þess



Á starfsárinu gekk 21 nýr félagar til liðs við KFUM og KFUK. Fjórten þeirra voru með á hátíðar- og inntökufundi þann 7. febrúar 2019, þar sem þau voru boðin velkomin í félagið. Auk þeirra eru á myndinni Sólveig Reynisdóttir varaformaður KFUM og KFUK, Ásgeir Ellertsson heiðursfélagi og Tómas Torfason framkvæmdastjóri.

sem þarf að rífa. Þá er horft til þess að nýtt hús yrði í notkun 30–50% beint fyrir félagið en 50–70% undir tekjuberandi starfsemi á vegum þess, t.d. með ungmennahosteli og jafnvel frístundaheimili að hluta. Með því væri samhliða verið að styrkja tekjugrunn félagsins og stuðla að sjálfbærni í rekstri húsakosta á Holtavegi. Forysta félagsins hefur kynnt skipulagsyfirlöðum í Reykjavík hugmyndir sínar og á í viðræðum við borgaryfirvöld um breytingar og uppfærslu á lóðasamningi.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórastjórn

Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum var haldinn í Ósló í Noregi 25. og 26. janúar 2019. Helgi Gíslason og Tómas Torfason sóttu fundinn fyrir hönd Íslands. Tómas sótti einnig árlegan fund framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu, sem haldinn var í Minsk í Hvíta-Rússlandi 28.–30. október 2018.

Persónuverndarlög

Ný persónuverndarlög snerta starfsemi KFUM og KFUK. Stjórn félagsins boðaði til fræðslufundar um málið þann 24. október 2018. Áslaug Björgvinsdóttir, lögfræðingur og sérfræðingur í persónuverndarlögunum flutti erindi og svaraði fyrirspurnum.

Í framhaldi skipaði stjórn félagsins vinnuhóp til þess að setja upp áætlun og skerpa á verklagi innan félagsins svo öruggt sé að kröfum laganna sé mætt í starfi KFUM og KFUK. Vinnuhópin skipa Helgi Gíslason, Alla Rún Rúnarsdóttir, Elín Hrund Garðarsdóttir, Davíð Örn Sveinbjörnsson og Nanna Guðný Sigurðardóttir.

Starfsfólk KFUM og KFUK

Starfsfólk KFUM og KFUK eru: Tómas Torfason, framkvæmdastjóri, Þröstur Árni Gunnarsson, fjármálastjóri, Klara V. Þórhallsdóttir sem sér um bókhald og rekstur, Elín Hrund Garðarsdóttir, þjónustufulltrúi, Unnur Ýr Kristinsdóttir, verkefnastjóri æskulýðssviðs, Hjördís Rós Jónsdóttir, verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar, Gunnar Hrafn Sveinsson, æskulýðsfulltrúi.

Eydis Ösp Eypórsdóttir æskulýðsfulltrúi og svæðisfulltrúi á Norðurlandi hefur verið í barnsburðarleyfi og hefur Sindri Geir Óskarsson leyst hana af. Þá er Gísli Stefánsson í 15% starfi með aðsetur í Vestmannaeyjum. Sumarstarfsmaður á skrifstofunni 2018 var Hulda Guðlaugsdóttir. Á skrifstofu félagsins á Holtavegi er einnig starfsaðstaða framkvæmdastjóra Vatnaskógar, Ársæls Aðalbergssonar.

Nokkrir starfsmenn sinntu hlutastörfum á æskulýðssviði veturinn 2018–2019 og leiða æskulýðsdeildir sem starfræktar eru í samstarfi við sóknir. Matthías Guðmundsson er í 20% starfi við að sinna æskulýðsstarfi í samstarfi við Akraneskirkju, Heiðar Örn Hönnuson í 10% starfi í samstarfi við Njarðvíkursókn, Tinna Dögg Birgisdóttir er í 20% starfi að sinna æskulýðsstarfi í samstarfi við Hveragerðiskirkju og Hreinn Pálsson og Gunnar Hrafn Sveinsson í 10% starfi að sinna æskulýðsstarfi í Lindakirkju.

Á starfsárinu urðu breytingar í starfsmannahópnum. Bylgja Dís Gunnarsdóttir lét af störfum sem þjónustufulltrúi á skrifstofu félagsins. Óskar Birgisson lét af störfum sem æskulýðsfulltrúi. Starf Hjördísar Rósar fór úr 50% í 30% og sinnir hún nú fyrst og fremst leiðtogaþjálfun.



Miklar breytingar hafa verið gerðar innandyrna í félagsheimili okkar við Holtaveg. Myndirnar hér að ofan sýna svipað sjónarhorn fyrir og eftir breytingar. Þar sem áður var kennslustofa og geymsla (og afgreiðsluskenkur frammi á gangi) er nú komið glæsilegt afgreiðslu- og skrifstofurými. Fundarherbergi er nú komið í enda kaffiteriunnar og hún var gerð hugguleg og hlýleg með nýjum húsgögnum. Veggir og loftbitar voru málaðir og gamlir munir og myndir úr sögu félagsins gefa hlýlegan brag. Mikil ánægja er með þessar breytingar.





2. Æskulýðsstarf

Æskulýðsstarf er kjarnastarfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Markmið félagsins er að bjóða ungu fólki að taka þátt í að skapa jákvætt félagsstarf sem mætir hverjum einstaklingi af umhyggju og virðingu og stuðlar að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska hvers og eins. Í KFUM og KFUK fær ungt fólk tækifæri til að vaxa í vitund um sjálf sig, um aðra, um samfélagið í kringum okkur og um lífandi Guð. Með þátttöku í starfinu öðlast einstaklingar færni til að hafa áhrif til breytinga á þessum sviðum. Æskulýðsstarfinu er sinnt af sjálfboðaliðum sem hafa fengið þjálfun, fræðslu og handleiðslu. Margir þeirra hafa tekið þátt í starfinu frá því þeir voru börn en svo fengið tækifæri til að axla ábyrgð og vaxa og þroskast í hlutverki leiðtoga. Það er því mikilvægt verkefni stjórnar og starfsfólks félagsins að hlúa að leiðtogunum og veita þeim tækifæri til virkrar þátttöku í starfinu.

Vetrarstarf KFUM og KFUK starfsárið 2018-2019

Veturinn 2018-2019 voru starfræktar 29 KFUM og KFUK deildir. Starfinu var haldið uppi af 97 leiðtogum og aðstoðarleiðtogum. Í vetur hefur flottur hópur ungmenna tekið þátt í leiðtogabjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára og hefur hluti af þeirra bjálfun farið fram í deildastarfinu. Starfið í vetur var afar blómlegt og auk vikulegra samverustunda var boðið upp á fjölbreytta viðburði fyrir þátttakendur

Viðburðir og verkefni í æskulýðsstarfinu

Vorferð yngri deilda

Vorferð yngri deilda var farin síðasta vetrardag ársins, eða 18. apríl. Öllum börnum í yngri deildum KFUM og KFUK var boðið að taka þátt í vorferðinni, sem farin var í Vatnaskóg þar sem gist var eina nótt. Um 100 þátttakendur úr starfi félagsins í Reykjavík, Keflavík, Kópavogi, Hveragerði, Grindavík og Innri-Njarðvík tóku þátt í vel heppnaðari ferð. Dagskráin var ekki af verri endanum, en boðið var meðal annars upp á leiki og fjör, skemmtilega kvöldvöku, náttfatapartý, morgunstund og ævintýraratleik. Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir var mótsstjóri og sá um undirbúning ásamt leiðtogum í starfi KFUM og KFUK.

Partý fyrir unglingadeildir

Þann 20. apríl 2018 var haldið unglingadeildarpartý sem var lokaviðburður fyrir deildirnar á suðvestur-horninu. Þar mættu um 50 unglingar, boðið var upp á hamburgara sem Gunnar Hrafn Sveinsson grillað og einnig var í boði alls konar annað fjör. Bubbluboltar á túninu, ýmis konar útileikir og auk þess var í boði skemmtun inni eins og spil, þrautir og myndabás. Það var mikill stéming í hópnum og ákveðið var að endurtaka fjörið í samstarfi við KSS.

Hér má sjá fjölda deilda og fjölda þátttakenda í vetrarstarfi KFUM og KFUK árið 2018–2019 í samanburði við 2016–2017 og 2017–2018.

	Fjöldi deilda 2016-2017	Fjöldi þátttakenda 2016-2017	Fjöldi deilda 2017-2018	Fjöldi þátttakenda 2017-2018	Fjöldi deilda 2018-2019	Fjöldi þátttakenda 2018-2019
Vínadeildir (6–9 ára)	2	33	4	104	5	137
Yngri deildir (10–12 ára)	16	520	14	457	13	326
Unglingadeildir (13–15 ára)	10	413	12	452	11	307
Samtals	28	966	30	1013	29	770

Kvöldvaka sumarbúðanna

Tæplega 200 manns mættu í yndislegu veðri á Holtaveg 28 til að taka þátt í kvöldvöku sumarbúðanna þann 17. ágúst 2018. Kvöldvakan er sameiginlegur viðburður allra sumarbúða KFUM og KFUK og nokkurs konar uppskeruhátíð eftir sumarstarfið. Æskulýðsfulltrúi hélt utan um viðburðinn og stýrði honum ásamt fjölmörgum af starfsmönnum sumarbúðanna. Boðið var upp á sigild kvöldvökuatriði frá sumarbúðunum, söng og gleði, kandíffloss, grillaðar pylsur og ís. Hægt var að taka þátt í ýmsum leikjum og hoppukastalarnir sívinsælu voru á sínum stað. Hljómsveitin Sálmarí spilaði fyrir söng og Jónas Gíslason og Þráinn Andreusson sáu um tæknilínur. Kvöldvakan var vel heppnuð og gleðin skein úr hverju andliti.

Þeir héldu heim á leið. Viðburðurinn er orðinn órjúfanlegur þáttur í starfi unglingadeilda KFUM og KFUK og stækkar með hverju ári. Mótið styrkir samböndin milli deildanna og í senn eflir líkamann, sálina og andann. Mótsstjóri í ár var Gunnar Hrafn Sveinsson æskulýðsfulltrúi.

Hrekkjavökupartý yngri deilda

Föstudaginn 2. nóvember var haldið í fyrsta skipti Hrekkjavöku-partý fyrir allar yngri deildir KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Það var mikið fjör og mjög gaman hjá börnunum sem mættu. Margt var í boði eins og draugahús, alls konar ógeðis þrautir og diskó. Mikið var um flotta búninga og börn og foreldrar höfðu greinilega lagt mikinn metað í þá. Um 100 börn og leiðtogar mættu og skemmtu sér konunglega.

Jól í skókassa

Líkt og fyrri ár hefur verkefnið Jól í skókassa fengið sérstaka umfjöllun í deildastarfinu. Deildirnar hafa haldið sérstakan Jól í skókassa-fund þar sem börnin fá að heyra um verkefnið, fræðast um Úkraínu og hafa svo útbúið skókassa í kjölfarið. Þátttaka hefur verið mjög góð og 300-400 kassar hafa skilað sér úr deildum KFUM og KFUK. Nánar má lesa um verkefnið Jól í skókassa á bls. 30.

Miðnæturmót unglingadeilda

Miðnæturiþróttamót unglingadeilda KFUM og KFUK er orðinn fastur liður í starfi félagsins. Í ár var mótið haldið í Vatnaskógi dagana 16. -17. nóvember. Rúmlega 100 manns mættu á mótið og skemmtu sér langt fram eftir nóttu. Dagskráin var ekki af verri endanum og gátu ungmenntin tekið þátt í ýmsum leikjum og keppnum. Haldin voru fótboltamót, borðtennismót, þyðhokkímót, blakmót, billiardmót, fúðballmót og spurningakeppni UD. Einnig voru alls konar partýleikir, spilahorn, brjóstsykursgerð, hoppukastalar og heitir pottar, að ógleymdri Vatnaskógarkvöldvökunni. Þátttakendur voru þreyttir en afar sáttir þegar



Yfirlit yfir félagsdeildir, forstöðufólk og leiðtoga, veturinn 2018–2019

VD KFUM og KFUK Akranesi

Aníta Eir Einarsdóttir
Sigrún Dóra Jóhannsdóttir - Forstöðukona
Práinn Haraldsson
Þátttakendur á haustönn: 32
Þátttakendur á vorönn: 24

YD KFUM og KFUK Akranesi

Matthías Guðmundsson – Forstöðumaður
Aníta Eir Einarsdóttir
Sigrún Dóra Jóhannsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 25
Þátttakendur á vorönn: 20

UD KFUM og KFUK Akranesi

Matthías Guðmundsson – Forstöðumaður
Aníta Eir Einarsdóttir
Sigrún Dóra Jóhannsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 52
Þátttakendur á vorönn: 49

VD KFUM og KFUK Akureyri

Sindri Geir Óskarsson – Forstöðumaður
Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir
Elisabet Jóhannsdóttir
Stefán Sigurðsson
Þátttakendur á vorönn: 41
(deildin hófst á vorönn 2019)

Leikjafjör KFUK Akureyri

Sindri Geir Óskarsson – Forstöðumaður
Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson
Telma Guðmundsdóttir
Dóróthea Gerður Örnólfsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 19
Þátttakendur á vorönn: 17

Leikjafjör KFUM Akureyri

Sindri Geir Óskarsson – Forstöðumaður
Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson
Telma Guðmundsdóttir
Dóróthea Gerður Örnólfsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 17
Þátttakendur á vorönn: 15

UD KFUM og KFUK Akureyri/ UD Glerá

Sindri Geir Óskarsson – Forstöðumaður
Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson
Ingimar Eydal Ingimarsson
Sunna Kristrún Gunnlaugsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 21
Þátttakendur á vorönn: 19

Leikjafjör KFUM og KFUK í Dalvíkurkirkju

Sindri Geir Óskarsson – Forstöðumaður
Elisabet Jóhannsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 41
Þátttakendur á vorönn: 37

VD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Sr. Jón Ómar Gunnarsson
Ída Hlín Steinþórsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 24
Þátttakendur á vorönn: 27

Leikjafjör KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Marta Andrésdóttir
Ásgeir Ólafsson
Þátttakendur á haustönn: 8
Þátttakendur á vorönn: 11

UD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Ásta Guðrún Guðmundsdóttir
- Forstöðukona
Pétur Ragnhildarson - Forstöðumaður
Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir
María Rut Arnarsdóttir
Ásthildur Ben Davíðsdóttir
Bjarkey Rúna Jóhannsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 17
Þátttakendur á vorönn: 14

VD KFUM og KFUK í Grindavík

Álfheiður Ingibjörg Arnfinnsdóttir
- Forstöðukona
Herborg Jóhannsdóttir
- Forstöðukona
Aleksander Jan Strazalka
Gunnar Þór Snæberg Valdimarsson
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 13

YD KFUM og KFUK í Grindavík

Álfheiður Ingibjörg Arnfinnsdóttir – Forstöðukona
Herborg Jóhannsdóttir - Forstöðukona
Guðbjörg Ylfa Elvudóttir
Aleksander Jan Strazalka
Gunnar Þór Snæberg Valdimarsson
Þátttakendur á haustönn: 37
Þátttakendur á vorönn: 45

UD KFUM og KFUK í Grindavík

Haukur Arnórsson – Forstöðumaður
Álfheiður Ingibjörg Arnfinnsdóttir – Forstöðukona
Herborg Jóhannsdóttir - Forstöðukona
Pétur Bjarni Sigurðarson
Þátttakendur á haustönn: 32
Þátttakendur á vorönn: 41

YD KFUM og KFUK í Hveragerði

Tinna Dögg Birgisdóttir – Forstöðukona
Sr. Gunnar Sigurjónsson
Pétur Bjarni Sigurðsson
Ríkharður Esterarson
Andrea Sjöfn Heimisdóttir
Aníta Ósk Arnarsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 23
Þátttakendur á vorönn: 19

UD KFUM og KFUK í Hveragerði

Tinna Dögg Birgisdóttir – Forstöðukona
Sr. Gunnar Sigurjónsson
Pétur Bjarni Sigurðsson
Ríkharður Esterarson
Þátttakendur á haustönn: 44
Þátttakendur á vorönn: 37

YD KFUM og KFUK í Innri-Njarðvík

Heiðar Örn Hönnuson - Forstöðumaður
Blær Elíasson
Ósk Dís Kristjánsdóttir
Bergþóra Sif Árnadóttir
Þátttakendur á haustönn: 15
Þátttakendur á vorönn: 20

VD KFUM og KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Brynja Eiríksdóttir – Forstöðukona
Björn Kristinn Jóhannesson
Lilja Þorsteinsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 24
Þátttakendur á vorönn: 17



YD KFUM Hátúni (Reykjanesbæ)

Sveinn Valdimarsson – Forstöðumaður
Adam Sveinsson
Ólafur Þór Gunnarsson
Ragnar Snær Sigurðsson
Einar Sæþór Ólafsson
Þátttakendur á haustönn: 33
Þátttakendur á vorönn: 33

YD KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Sigurbjört Kristjánsdóttir – Forstöðukona
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir
Elín Pálsdóttir
Helga Sveinsdóttir
Bergrún Dögg Bjarnadóttir
Helga Vigdís Thordersen
Lilja Þorsteinsdóttir
Elfa Magnúsdóttir
Esther Gustavsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 86
Þátttakendur á vorönn: 86

UD KFUM og KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir
– Forstöðukona
Birta Rún Benediktsdóttir
Einar Sæþór Ólason
Ragnar Sigurðsson
Óli Þór Örylgsson
Helga Sveinsdóttir
Eliza Iiv Taylor
Þátttakendur á haustönn: 15
Þátttakendur á vorönn: 12

UD KFUM og KFUK í Kópavogskirkju

Hreinn Pálsson – Forstöðumaður
Fannar Logi Hannesson
Ása Hrönn Magnúsdóttir
Jóel Kristjánsson
Þátttakendur á haustönn: 16
Þátttakendur á vorönn: 12

YD KFUM í Lindakirkju

Gunnar Hrafn Sveinsson – Forstöðumaður
Róbert Ingi Þorsteinsson
Þátttakendur á haustönn: 17
Þátttakendur á vorönn: 20

YD KFUK í Lindakirkju

Agnes Björk Brynjarsdóttir
Briet Eva Gísladóttir
Nanna Guðrún Sigurðardóttir
– Forstöðukona
Þátttakendur á haustönn: 41
Þátttakendur á vorönn: 20

UD KFUM og KFUK í Lindakirkju

Gunnar Hrafn Sveinsson – Forstöðumaður
Hreinn Pálsson – Forstöðumaður
Andrea Rut Halldórsdóttir
Ísak Jón Einarsson
Salóme Pálssdóttir
Þátttakendur á haustönn: 57
Þátttakendur á vorönn: 59

Lindubuff - í Lindakirkju

Arnar Ragnarsson – Forstöðumaður
Hákon Arnar Jónsson
– Forstöðumaður
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 8

Leikjafjör KFUM og KFUK í Ólafsfjarðarkirkju

Sindri Geir Óskarsson – Forstöðumaður
Sigríður Munda Jónsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 19
Þátttakendur á vorönn: 17

UD KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum

Gísli Stefánsson – Forstöðumaður
Ásgeir Þór Þorvaldsson
Gabriel Guðmundsson
Ísabella Ýr Héðinsdóttir
Rósa Kristín Friðriksdóttir
Sandra Dögg Valgeirsdóttir
Jóhannes Þór Jóhannesson
Stefanía Bjarnadóttir
Per Henrik Guðbrandsson
Arnar Gauti Egilsson
Sigurlás Hafsteinsson
Snorri Rúnarsson
Trausti Mar Sigurðarson
Veigar Máni Vattnes Sævarsson
Þátttakendur á haustönn: 25
Þátttakendur á vorönn: 20

Vindáshlíðardeild

Ásta Guðrún Guðmundsdóttir
– Forstöðukona
Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 7

Æskulýðsmótið Friðrik

Æskulýðsmótið Friðrik var haldið helgina 22.-24. febrúar í Vatnaskógi. Mótið var haldið fyrir unglinga í 8.-10. bekk og hefur verið órjúfanlegur hluti af deildarstarfi KFUM og KFUK undanfarin ár. Að þessu sinni tóku deildir frá Fella- og Hólakirkju, Kópavogskirkju, Lindakirkju, Reykjanesbæ, Grindavík, Hveragerði, Akranesi, Vestmannaeyjum og Akureyri þátt í herlegheitunum í Svinadal. Mótstjóri var Gunnar Hrafn Sveinsson, æskulýðsfulltrúi. Margt var í boði líkt og fyrri ár. Má þar nefna workshops, heita potta, kvöldvökur, íþróttir og leiki, brjóstsykursgerð og spilastundir, svo fátt eitt sé nefnt. Að ógleymdu Svinadalshúsinu fræga sem var í umsjá Dj Loghan og Krilla West. Kristín Tómasdóttir og Bjarni Fritzson stóðu fyrir námskeiðinu: Út fyrir kassann, en því er ætlað að efla sjálfstraust unglinga og styrkja félagsfærni þeirra. Við erum mjög glöð að hafa boðið upp á þennan dagskrárlið á mótinu.

Vetrarferð KFUM og KFUK

Hópur ungmenna munu fjölmenna í vetrarferð KFUM og KFUK og KSS til Akureyrar dagana 15.-17. mars. nk. Þar mun hópur ungmenna á Akureyri undir stjórn Sindra Óskarssonar æskulýðsfulltrúa taka á móti ungmennum 15 ára og eldri. Gert er ráð fyrir að allt að 30 manns í ferðina þar sem boðið verður uppá diskóskaute, skíðaferð í Hlíðarfjall, kvöldvöku að hætti KSS, sundferð, lofjörð í Akureyrarkirkju, svo eitthvað sé nefnt.



KFUM og KFUK á nokkra hoppukastala sem nýttir eru viðsvegar í starfinu. Á starfsárinu bættust tveir nýjir kastalar í safnið.

Viðburðir leiðtoga

Kósýkvöld leiðtoga

Vorönn 2018 var enduð með kósýkvöldi leiðtoga í Vatnaskógi. Þar gafst leiðtogunum tækifæri til að eiga saman notalega stund á fallegum stað án formlegrar dagskrár. Boðið var upp á dýrindis kvöldmat og bröns. Þeir sem vildu gátu gist í Vatnaskógi og nýttu sér það margir. Það er þakkarvert að hafa svona flotta og metnaðarfulla leiðtoga í starfi félagsins. Án þeirra væri ekki hægt að halda úti því frábæra og faglega starfi sem KFUM og KFUK býður upp á.

Skipulagsfundir með forstöðufólki

Áður en deildarstarfið hefst á hvorri önn fyrir sig setjast leiðtogar starfsins niður og fara yfir verkefni sem framundan eru. Í ár voru haldnir tveir skipulagsfundir, en ólíkt fyrri árum voru það eingöngu æskulýðsfulltrúar og forstöðufólk sem hittist til að ræða málin og skipuleggja starfið. Á fundunum var farið yfir fræðsluefni vetrarins og dagskrárbóð kynnt, farið var yfir viðburðina framundan og fyrri viðburðir endurskoðaðir.

Jólasamvera leiðtoga

Þriðjudaginn 18. desember var öllum leiðtogum og aðstoðarleiðtogum á höfuðborgarsvæðinu í deildarstarfi KFUM og KFUK boðið á sérstaka jólasamveru. Tilgangurinn var að gera sér glaðan dag og fá um leið að þakka öllum leiðtogum fyrir frábært og óeigingjarnt starf fyrir félagið. Jólasveinar kíktu í heimsókn og jóla-spurningarkeppni vakti mikla lukku. Kvöldið var mjög skemmtilegt og leiðtogar voru leystir út með jólagjöfum. Mikilvægt er fyrir leiðtogana að fá líka að hittast utan viðburða og eiga góða stund saman. Leiðtogarnir á Akureyri héldu einnig sérstaka jólasamveru með góðum mat og félagsskap sama kvöld og hún var haldinn í Reykjavík.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Um fimm ára gamall var ég leiddur til sr. Friðriks Friðrikssonar, stofnanda KFUM. Ég man að hann reyndi að útskýra fyrir mér leyndardóma trúarinnar. Ég fékk síðan að rölta um herbergið hans og aldrei hafði ég séð svo margar bækur komnar saman á einum stað. Frá þessari stundu hefur hugsjón KFUM og KFUK, og sá grundvöllur sem starfsemi félaganna byggist á, ofið sig inn í líf mitt.



Á tímum sérgæsku, sundurlyndis og upplausnar er nauðsynlegt að gefa fólki tækifæri til að gaumgæfa og tileinka sér kristin viðhorf. Kynslóð okkar biður um frið, ekki bara milli þjóða og einstaklinga, heldur einnig hið innra. KFUM og KFUK hefur í 120 ár haldið á lofti friðar-, kærleiks- og náðarboðskap Krists – ekki bara í orði heldur í öflugu verki. Sumarbúða- og leikskólastarfið um landið er til vitnis um það. Félögin eru mikilvægur lýðræðislegur vettvangur til að laða komandi kynslóðir að lífsgrundvelli friðar og kærleika.

Þess vegna eru KFUM og KFUK mér mikils virði.

Ingibjörgur Friðriksson



Eldri hópurinn sem tók þátt í leiðtogahelgi í janúar 2019.

3. Fræðslustarf

KFUM og KFUK er vettvangur þar sem ungt fólk fær tækifæri til að vaxa, þroskast og eflast sem einstaklingar. Þess vegna leggur félagið mikla áherslu á metnaðarfullt fræðslustarf til að undirbúa leiðtoga félagsins á sem bestan hátt til að sinna starfi með börnum og unglingum á vettvangi deildastarfsins og sumarbúðanna. Fræðslustarf KFUM og KFUK byggist á fjórum þáttum sem leggja grunninn að hlutverki og markmiði félagsins og koma fram í nafni þess. Bókstafurinn K táknar að við erum kristilegt félag með það aðalmarkmið að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist. Þess vegna er einn af grunnþáttum fræðslustarfsins að fræða um líf og starf Jesú Krists, bænalið og helgihald. Bókstafurinn F táknar að við leggjum áherslu á fræðslu um félagsstarf. Bókstafurinn U táknar að KFUM og KFUK er félag fyrir ungt fólk og leggur mikið upp úr því að leiðtogar í barna- og unglingastarfi séu búnir undir hlutverk sitt. Bókstafirnir M og K tákna að KFUM og KFUK er mannærktarhreyfing fyrir fólk á öllum aldri þar sem mannúðar- og samfélagsmál eru í brennidepli.

Leiðtogapjálfun KFUM og KFUK

KFUM og KFUK hefur það hlutverk að efla ungt fólk til líkama, sálar og anda. Sem kristilegt félag leitast KFUM og KFUK við að efla trúarþroska ungs fólks og sjálfsmynd þeirra sem kristinna einstaklinga. Leiðtogapjálfun KFUM og KFUK tekur einnig mið af því að á hverju ári þarf félagið hóp af ungu fólki til að starfa á vettvangi þess; sem starfsmenn í sumarbúðum, leiðtogar í æskulýðsstarfi, verkefnastjórar í viðburðum eða til að taka sæti í stjórn og nefndum. Leiðtogapjálfun KFUM og KFUK skapar góðan grunn til frekari starfa á vettvangi félagsins.

Samstarf um fræðslumál 2018-2019

KFUM og KFUK er hluti af Æskulýðsvettvanginum (ÆV) ásamt Bandalagi íslenskra skáta (BÍS), Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu og Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ). Tilgangur ÆV er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum barna og ungmenna auk þess að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogapjálfunar og fræðslu- og forvarnarmála. Má til dæmis nefna Verndum þau-námskeiðið, en KFUM og KFUK leggur mikla áherslu á að allir sem starfa á vegum félagsins sækja það námskeið annað hvert ár. Á starfsárinu voru haldin þrjú Verndum þau-námskeið hjá KFUM og KFUK, tvö þeirra í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg 28 og eitt í Sunnuhlíð á Akureyri.

Námskeið á starfsárinu 2018-2019

Leiðtogapjálfun fyrir 15-17 ára 2018-2019

Leiðtogapjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára ungmenni hélt áfram frá síðasta starfsári. Leiðtogapjálfunin samanstendur af fjórum helgarsamverum á tveggja ára tímabili auk verklegrar þjálfunar milli leiðtogahelganna. Á hverri helgi fá þátttakendur fræðslu úr fjórum áttum, K= kristin fræðsla, F=félagsmálafræðsla, U=ungmennalýðræði og M/ K=mannærkt. Hjördís Rós Jónsdóttir heldur utan um leiðtogapjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára, en hún hefur fengið til liðs við sig frábært fólk sem styður við þjálfunina með einum eða öðrum hætti. Á þessu starfsári útskrifaðist fyrsti hópurinn úr leiðtogapjálfun KFUM og KFUK fyrir

15-17 ára og nýr hópur hóf þátttöku. Á starfsárinu voru því haldnar tvær leiðtogahelgar þar sem fræðslan var að öllu leyti tvískipt.

Leiðtogahelgin 21.-23. september 2018

Fyrri leiðtogahelgin var haldin í Vindáshlíð dagana 21.-23. september. Þar fóru fram tvö aðskilin námskeið, leiðtogahelgi I (fyrir þá sem voru að stíga sín fyrstu skref í leiðtogabjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára) og leiðtogahelgi III (fyrir þá sem byrjuðu í leiðtogabjálfuninni haustið 2017). Þátttakendur á námskeiðunum tveimur sóttu mismunandi fræðslu en hittust svo í frjálsa tímanum og á matmálstímum. Þátttakendur voru 51 talsins og voru flestir úr deildarstarfi KFUM og KFUK og sumarbúðum félagsins. Helgin var vel nýtt í fræðslu og fjör þar sem frábærir fyrirlesarar kenndu. Arnar Ragnarsson opnaði helgina með samhringingi af bestu gerð. Fyrirlesarar á leiðtogahelgi I voru Jón Ómar Gunnarsson en hann fjallaði um rauða þráðinn í Biblíunni, Erla Björg Káradóttir talaði um styrkleika leiðtoga og markmiðasetningu, Gunnar Hrafn Sveinsson sagði leiðtogunum frá KFUM og KFUK og sr. Friðriki Friðrikssyni og Hjördís Rós Jónsdóttir fór yfir siðareglur, barnaverndarmál og grunnatriði í leikjafræði. Í leiðtogabjálfun III fjallaði Jón Ómar um gamla testamentið og þátttakendur æfðu sig í hugleiðingagerð, Sabína Steinunn Halldórsdóttir var með félagsmálafræðslu, Unnur Ýr Kristinsdóttir fór yfir helstu atriði viðburðarstjórnunar og Ásgeir Pétursson var með áhugaverðan fyrirlestur um það hvernig við getum boðið upp á faglegt starf fyrir börn og unglinga þannig að öllum líði vel. Námskeiðin gengu vel fyrir sig og fóru þátttakendur sáttir heim eftir lærdómsrika helgi í frábærum félagsskap.

Leiðtogahelgin 18.-20. janúar 2019

Síðari leiðtogahelgin var haldin í Vatnaskógi 18.-20. janúar 2019. Var hún með svipuðu sniði og fyrri helgin, þ.e. boðið var upp á leiðtogabjálfun II og leiðtogabjálfun IV á sama tíma. Þátttakendur voru 44. Fræðslan í leiðtogabjálfun II var ekki af verri endanum. Guðni Már Harðarson hóf námskeiðið með erindi um mikilvægi kristilegrar fræðslu í starfinu. Bjarni Fritzson fjallaði um sjálfsmynd og framkomu, Unnur Ýr Kristinsdóttir fór yfir hvað þarf til að halda utan um og stýra deildafundum og Gunnar Hrafn Sveinsson var með fyrirlestur um fyrirmyndar leiðtogann. Þátttakendur í leiðtogabjálfun IV voru að klára sína síðustu leiðtogahelgi og því var mikið um verklega bjálfun í þetta skipti. Meðal verkefna sem þau þurftu að sinna var að undirbúa og kenna krökkunum á hinu námskeiðinu leiki og flytja hugleiðingu fyrir framan hóp. Leikkonurnar Ebba Katrín Finnsdóttir og Elísabet Skagfjörð fóru með hópinn í gegnum alls konar æfingar í þeim tilgangi að stækka örlítið þægindarammann og æfa framkomu. Allir þeir sem útskrifuðust úr bjálfuninni fóru í einstaklingsviðtöl hjá Hjördísi Rós, verkefnastjóra leiðtogabjálfunarinnar, þar sem farið var yfir hvernig þau höfðu staðið sig sl. tvö ár. Það er skemmt frá því að segja að framtíð félagsins er í góðum höndum með þessa leiðtoga innan borðs.

GLS (2.-3. nóvember)

Líkt og fyrri ár sótti starfsfólk KFUM og KFUK og nokkrir stjórnarmeðlimir úr stjórnunum sumarbúðanna leiðtogaráðstefnuna GLS eða Global Leadership Summit. Ráðstefnan er haldin ár hvert og á rætur sínar að rekja til Willow Creek-kirkjunnar í Bandaríkjunum. Fengnir eru úrvals fyrirlesarar með góðan og uppbyggilegan boðskap sem veita leiðtogum sem ráðstefnuna sækja innblástur. Í ár sóttu einnig nokkrir yngri leiðtogar úr deildastarfinu ráðstefnuna.



Frá leiðtogahelgi sem haldin var í janúar 2019. Yngri hópurinn taldi 25 þátttakendur sem voru í leiðtogabjálfun II.



Á námskeiði í skyndihjálpi og brunavörnum er m.a. kennt að nota slökkvitæki.

Viðburðastjórnunarnámskeið

Viðburðir af ýmsum toga gegna veigamiklu hlutverki í starfi félagsins. Þann 27. ágúst bauð KFUM og KFUK leiðtogum sem stýra viðburðum innan félagsins á viðburðastjórnunarnámskeiði. Þar var farið yfir helstu atriði viðburðastjórnunar, skipulag, undirbúning, tímaáætlun, fjármál og fleiri atriði sem skipta máli þegar halda á viðburð. Gestur á námskeiðinu var Jón Ingvar Bragason sem var viðburðarstjóri World Scout Moot Iceland, 6.000 manna skátamóti sem fram fór á Íslandi sumarið 2017. Umsjón með námskeiðinu hafði Tómas Torfason.

Námskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi

Á hverju ári býður KFUM og KFUK upp á námskeið og fræðslu til undirbúnings sumarstarfs og leikjanámskeiða. Boðið var upp á nokkur slík námskeið á liðnu starfsári.

Námskeið fyrir sumarþóðastarfsfólk

Dagana 1.-3. júní var haldið námskeiði fyrir starfsfólk sumarsins. Námskeiðið var í Vatnaskógi og hafði Halldór Elías Guðmundsson yfirumsjón með því. Í ár var lögð áhersla á samstarf og aðferðir í sumarþóðastarfi. Þátttakendur unnu ýmis hópverkefni og fengu að glíma við praktísk vandamál, sem upp geta komið í starfinu, í öruggu umhverfi. Einnig voru haldnar pallborðsumræður þar sem eldri og reyndari foringjar sátu fyrir svörum. Á laugardagskvöldinu var öllu forstöðufólki sumarsins boðið að bætast í hópinn og borða kvöldmat með starfsfólkinu.

Námskeið fyrir aðstoðarforingja

Öllum þeim sem hugðust starfa sem aðstoðarforingjar í sumarþóðum félagsins var boðið á námskeið 30. maí. Þar var farið yfir helstu atriði sem fylgja því að starfa í sumarþóðum, siðareglur félagsins, barnaverndarmál og viðbrögð við því sem getur komið upp á. Hjördís Rós Jónsdóttir kenndi á námskeiðinu.

Samráðsfundur forstöðufólks

30. maí var samráðsfundur forstöðufólks sumarþóðanna. Á fundinum gafst forstöðufólki sumarsins tækifæri til að ræða saman um áskoranir í starfinu, auk þess að deila reynslu og lausnum hvert með öðru. Anna Elísa Gunnarsdóttir kynnti viðbragðsáætlun og viðbragðsteymi félagsins og Hjördís Rós Jónsdóttir fór yfir barnaverndarmál, tilkynningarskyldu og fræðsluefni sumarsins. Góðar umræður sköpuðust og var fundurinn vel heppnaður. Það er dýrmætt fyrir forstöðufólk, sem er að stíga sín fyrstu skref, að fá að læra af þeim sem eldri og reyndari eru.

Skyndihjálpi og brunavarnir

Á hverju ári fara starfsmenn sumarsins í gegnum námskeið í skyndihjálpi og brunavörnum. Í ár var námskeiðið haldið þann 15. maí að Holtavegi 28. Líkt og undanfarin ár sáu þeir Jón Pétursson slökkviliðsmaður og Kristján Sigfússon bráðataeknir um kennsluna og fengu þeir til liðs við Pál Ágúst Þórarinnsson.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Ég var sjö ára þegar ég kynntist fyrst starfi KFUM og KFUK persónulega. Ég fór þá á feðgahelgi upp í Vatnaskóg ásamt pabba og stóra bróður. Þaðan var ekki aftur snúið. Æskulýðsstarf félaganna var eitt það skemmtilegasta sem ég tók þátt í sem barn, bæði YD starfið í Frostaskjólínu sem þá var og líka sumarþóðadvalirnar í Vatnaskógi. Félagsskapurinn, leikirnir og íþróttirnar voru æðislegar og ekki má gleyma trúarfræðslunni.

Í gegnum árin hef ég alltaf haft mikið gaman af þeirri leiðtogaþjálfun og fræðslu sem að félögin hafa boðið upp á. Það er ótrúlega dýrmætt að hafa upplifað það traust sem manni hefur verið sýnt í starfi félaganna. Það að fá að spreyta sig í hinum ýmsu hlutverkum og læra af reynslunni og halda áfram að betrubæta sig hefur haft mikil áhrif á líf mitt og starf. Það var til dæmis í gegnum foringja starfið í sumarþóðunum sem að ég uppgötvaði löngun mína til að verða kennari. Reynslan úr starfinu hefur gefið mér góða æfingu í að tala fyrir framan fólk og ekki síður gefið manni hugmyndir um hvernig hægt er að reyna að krydda upp á kennsluna.

Í félögunum hefur maður einnig eignast marga góða vini og enn þann dag í dag er maður að kynnast fleira yndislegu fólk hér. Það er allt þetta frábæra fólk sem að gerir félögin svo skemmtileg og kristilegi þátturinn og boðunin sem að gerir starfið svo mikilvægt að mínu mati. Ég er því gríðarlega þakklátur fyrir KFUM og KFUK og þau tækifæri sem að ég hef fengið í félögunum til að vaxa og dafna í trú minni, lífi og starfi í gegnum árin.

Benjamín Sveinbjörnsson



4. Fjölskyldu- og fullorðinsstarf

Fjölskyldu- og fullorðinsstarf á vegum KFUM og KFUK á Íslandi er mikilvægur þáttur í starfi félagsins sem safnar saman fólki á öllum aldri. Þar er áhersla lögð á að efla einstaklingana til líkama, sálar og anda, styrkja tengsl fjölskyldna og samfélag félagsfólks með margvíslegum hætti. Leitast er við að bjóða upp á uppbyggilega dagskrá og samverustundir fyrir ólíka aldushópa.

Fjölskyldustarf í sumarbúðum KFUM og KFUK

Stærstur hluti starfsemi sumarbúða KFUM og KFUK fer fram í dvalarflokkum fyrir börn og unglinga á sumrin en að hausti og vori er einnig boðið upp á styttri flokka fyrir fjölskyldufólk og fullorðna. Á liðnu starfsári voru haldnir feðgaflokkar, feðginaflokkur, mæðgnaflokkur, fjölskylduflokkar, Heilsudagar karla og kvennaflokkur auk fjölskylduhátíðarinnar Sæludaga í Vatnaskógi. Fjölskyldutilboð sumarbúðanna fóru fram í Vatnaskógi, Vindáshlíð og Ölveri. Hér fyrir neðan má sjá þátttökutölur:

Feðgaflokkur Vatnaskógi 2018	96
Fjölskylduflokkar Vatnaskógi vor 2018	60
Heilsudagar karla Vatnaskógi 2018	54
Mæðgnaflokkur Vindáshlíð 2018	50
Krifaflakur Ölveri 2018	22
Sæludagar Vatnaskógi 2018	900

Sæludagar í Vatnaskógi

Skógarmenn stóðu fyrir Sæludögum, vímalausri hátíð fyrir alla fjölskylduna um verslunarmannahelgina 2.–6. ágúst 2018. Um 1000 manns heimsóttu Vatnaskóg þessa helgi. Markmiðið með dagskrá hátíðarinnar var að höfða til sem flestra aldurshópa. Meðal dagskrárliða voru tónleikar með Friðriki Ómari og Reginu Ósk, vatnafjör, Vatnaskógarkvöldvökur, fræðslustundir, bænastundir, íþróttir og margt fleira. Fjöldi starfsmanna og sjálfbóðaliða sem kom að hátíðinni hljóp á tugum. Af stökum viðburðum í starfi KFUM og KFUK teljast Sæludagar í Vatnaskógi til þeirra umfangsmestu. Nánar er fjallað um Sæludaga í kaflanum um starfið í Vatnaskógi.

Fullorðinsstarf karla og kvenna að vetri

Yfir vetrarmánuðina eru haldnir vikulegir fundir í fullorðinsstarfi hjá aðaldeildum félagsins, AD KFUM og AD KFUK, í húsi félagsins við Holtaveg. Áralöng hefð er fyrir þessum fundum og form þeirra er nokkuð fastmótað. Umfjöllunarefni fundanna er þó fjölbreytt og margt spennandi sem ber á góma. Á fundina koma ýmsir gestir sem upplýsa og fræða félagamenn um áhugaverð málafni.

Aðaldeild KFUK heldur fundi á Þriðjudögum. Líkt og árið á undan hófust fundir kl. 17:00 með kaffisopa og samveru í kaffiteríu félagsheimilisins við Holtaveg. Fundarefni og dagskrá hófst síðan um 17:30 og stóð til



u.þ.b. 18:30. Þetta nýja fundarform og fundartími hefur tekist vel. Kristín Sverrisdóttir, Dagný Bjarnhéðinsdóttir, Sólbjörg Linda Reynisdóttir og Hildur Þóra Halbjörnsdóttir hafa verið í forsvari fyrir hópinn.

Aðaldeild KFUM heldur fundi á fimmtudögum. Á bilinu 40–60 karlar sækja fundina. Skipulag fundanna veturinn 2017–2018 var í höndum Árna Sigurðssonar, Ársæls Aðalbergssonar, Gunnars Jóhannesar Gunnarssonar sem leiðir hópinn, Inga Boga Bogasonar og Ólafs Sverrissonar.

Sameiginleg verkefni aðaldeildanna

Sameiginleg verkefni aðaldeildanna voru þrjú á haustmisseri. Helgi Ágússon fyrrverandi sendiherra sagði frá landhelgisdeilunni á sameiginlegum fundi 18. október. Þann 9. nóvember var farið í sameiginlega heimsókn til Rauða krossins. Þá var aðventufundurinn

6. desember sameiginlegur að vanda. Að vori 2018 var einn sameiginlegur fundur, auk Hátíðar- og inntökufundar félagsins. Þá var farin sameiginleg vorferð í Reykjanesbæ í lok apríl.

Grasrótarhópurinn Ferðir / útivist / hreyfing stóð fyrir margs konar útivist á starfsárinu 2018. Myndirnar eru frá göngu um Geldingarnes, göngu frá Hvalfirði yfir á kaffisölu í Vindáshlíð og kvöldferð um miðborg Reykjavíkur þar sem komið var við á ýmsum stöðum sem tengjast sögu KFUM og KFUK.

Sr. Friðrikshlaupið

Miðvikudaginn 25. maí 2018 var sr. Friðrikshlaupið haldið í fimmta sinn á 150 ára afmælisdegi sr. Friðriks Friðrikssonar, stofnanda félagsins. Hlaupaleiðin var sem fyrr í Laugardalnum og var fimm kílómetra löng með tímatöku. Samtals 69 hlauparar á öllum aldri voru skráðir til leiks. Yfir 20 sjálfboðaliðar hjálpuði til við framkvæmd hlaupsins. Undirbúningur og framkvæmd hlaupsins var í höndum Önnu Elísu Gunnarsdóttur, Báru Sigurjónsdóttur, Guðlaugar Jökulsdóttur og Guðnýjar Ólafsdóttur.

Ferðir / útivist / hreyfing

Á vordögum 2017 var stofnað til grasrótahóps innan KFUM og KFUK til að standa fyrir ferðum, útivist og hreyfingu. Á árinu 2018 var m.a. boðið upp á hjólaferð í Hafnarfjörð, göngu um Geldinganes, göngu frá Hvalfirði yfir á Kaffisölu í Vindáshlíð og kvöldferð um miðborg Reykjavíkur þar sem komið var við á ýmsum stöðum sem tengjast sögu KFUM og KFUK. Hópurinn miðlar upplýsingum um viðburði á Facebook undir nafninu: Ferðir / útivist / hreyfing - KFUM og KFUK. Af öðrum öðstuðum hafa Anna Magnúsdóttir, Pétur Ásgeirsson og Hallgerður Bjarnhéðinsdóttir verið duglegust að standa fyrir viðburðum á starfsárinu. Tæplega 300 manns eru skráðir í hópinn á Facebook.



Friðrikskapella varð 25 ára á starfsárinu. Þar eru haldnar bænasmætur í hádeginu á mánudögum yfir vetrartímann.

Friðrikskapella á Hlíðarenda - 25 ára vígsluafmæli

Þann 24. maí 2018 var 25 ára vígsluafmæli Friðrikskapellu minnst með veglegri afmælissamkomu. Karlakór KFUM söng, Þórarinn Björnsson var með fróðleiksmola, sr. Valgeir Ástráðsson var með erindi um aðdragandann og framkvæmd byggingarinnar og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir flutti hugverkju.

Bænasmætur voru haldnar í hádeginu á mánudögum yfir vetrartímann í Friðrikskapellu við Hlíðarenda í Reykjavík. Hver stund felur í sér altarisgöngu og bænastund og er í umsjá presta höfuðborgarsvæðisins. Friðrikskapella er í eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, íþróttafélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur. Kapellan var vígð 25. maí 1993 og er minnisvarði um sr. Friðrik Friðriksson stofnanda KFUM og KFUK. Stjórn Friðrikskapellu skipuðu þau Kári Geirlaugsson (KFUM og KFUK) formaður, Ásbjörn Vilhjálmsson (Karlakórinn Fóstbræður), Þórarinn G. Valgeirsson (Valur), Ingi Rafn Ólafsson (Skátasamband Reykjavíkur) og séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir (Biskupsstofa).

Þakklæti til sjálfboðaliða

Lögð er áhersla á að ábyrgð og umsjón viðburða í fjölskyldu- og fullorðinsstarfi KFUM og KFUK sé í höndum sjálfboðaliða. Flestir viðburðir fullorðinsstarfsins hafa orðið að veruleika fyrir tilstilli, frumkvæðis- og vinnu sjálfboðaliða úr röðum félagsfólks. KFUM og KFUK á Íslandi færir þeim kærar þakkar fyrir óeigingjarnt og alúðlegt starf í þágu félagsins og ómetanlegt framlag til þess.



Ljósbrott - kór KFUK

Ljósbrott hefur nú starfað í rúm þrjú ár. Í hópnum er um 20 konur á breiðu aldursbili. Stjórnandi kórsins er Keith Reed, einsöngvari, píanisti, organisti og kórstjóri með meiru. Stjórn kórsins skipa Dagný Bjarnhéðinsdóttir og Elín Einarisdóttir. Stjórnin hittist einu sinni á haustönn og annars óformlega á æfingum kórsins. Æfingar kórsins eru á miðvikudögum kl. 17:00 við Holtaveg 28. Kórinn söng einu sinni fyrir jól á aðventustund í Ástjarnarkirkju. Fyrirliggjandi á vorönn eru ýmsir söngviðburðir og árleg samverustund. Samsöngurinn er gefandi, og eru meðlimir kórsins sammála um að kórstjórinn hafi kennt mikið í raddbeitingu og öndun. Það er ósk kórmeðlima að starfið blómstri og dafni á komandi árum. Allar lagvissar konur eru velkomnar til liðs við Ljósbrott.

Basar KFUK

Markmið verkefnisins Basar KFUK felst í fjáröflun og snýst um árlegan jólabasar sem haldinn er laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Hlutverk stjórnarinnar er að koma að undirbúningi og framkvæmd Basars KFUK. Í stjórn verkefnisins eru þær Bára Sigurjónsdóttir formaður, Anna Elísa Gunnarsdóttir gjaldkeri, Hildur Þ. Hallbjörnsdóttir ritari og María Sighvatsdóttir meðstjórnandi. Þær Aðalheiður Sighvatsdóttir, Anna Magnúsdóttir, Berglind Einarsdóttir, Betsý Halldórsson, Gunnlaug Sverrisdóttir, Hanna Jósafatsdóttir og Hildur Gunnarsdóttir störfuðu síðan með stjórninni í undirbúningsnefnd.

Basar KFUK bar upp á 1. desember að þessu sinni, daginn sem þjóðin hélt upp á 100 ára fullveldisafmæli sitt. Í tilefni dagsins voru sjálfboðaliðar hvattir til að skarta þjóðbúningi. Ánægjulegt var að sjá hversu margar konur klæddust peysufötum eða upphlut, auk þess sem margar voru með þjóðlegar svuntur eða klæddust jólalegum peysum í tilefni dagsins. Einnig mátti merkja á ýmsum varningi sem boðinn var til sölu að verið var að halda upp á fullveldið. Hér á árum áður var hefð fyrir því að bjóða upp á skemmtidagskrá samhliða basarum og í tilefni afmælisins var fjölskyldubandið Rósa, Rimsen og tríó Zimsen fengið til að skemmta gestum og gangandi.

Stjórn Basars KFUK stóð að venju fyrir happadrætti með vinningum af basarum á adventufundi KFUM og KFUK 6. desember.

Stjórn verkefnisins vill þakka öllum þeim konum og körlum sem lögðu Basar KFUK lið á árinu með því að leggja fram handverk, heimagert bakkelsi, sultur og annað góðgæti. Ánægjulegt var að sjá hvað margir lögðu metnað sinn í vandaðan frágang og merkingar á vörum.

Í samræmi við samþykktir verkefnisins renna 10% af tekjum basarsins í Kærleikssjóð KFUM og KFUK. Hlutverk sjóðsins er að gleðja veika og/eða aldraða félagsmenn. Stjórn verkefnisins leggur til að það sem eftir stendur renni til framkvæmda við ofna- og hitaveitukerfi í Vindáshlíð.

Það er mat stjórnar verkefnisins að basarinn hafi heppnast einstaklega vel.





Karlakór KFUM

Karlakórinn æfir reglulega einu sinni í viku yfir veturinn í félagshúsinu við Holtaveg og hóf æfingar eftir jólafrí þann 15. janúar 2018. Ársfundur kórsins var haldinn mánudaginn 12. mars eftir stutta æfingu. Rædd voru ýmiss mál, m.a. fyrirhuguð ferð til Færeyja vorið 2019, fjárhagsstaða kórsins og fleira er laut að samfélagi kórfélaga og starfinu. Úr stjórn gekk Gunnar E. Finnbogason ritari, og voru honum þökkúð góð störf í þágu kórsins. Guðlaugur Gunnarsson var kosinn í hans stað til þriggja ára og var hann boðinn velkominn til starfa. Tók hann við hlutverki ritara stjórnar. Aðrir í stjórn voru Þórarinn Björnsson, gjaldkeri, og Ingi Bogi Bogason, formaður. Laufey Geirlaugsdóttir stjórnaði sem áður karlakórnum og Ásta Haraldsdóttir lék á píanó við söng kórsins á æfingum og tónleikum, en hún hefur einnig útsett nokkur af lögum kórsins. Kórfélagar þakka þeim báðum fyrir samstarfið á liðnu starfsári og trausta og faglega stjórn. Bjarni Gunnarsson hefur nokkrum sinnum leikið á píanó með kórnum í forföllum Ástu og hefur hann einnig útsett nokkur lög sem kórinn hefur sungið. Skráðir kórfélagar voru 43 á árinu.

Sunnudaginn 4. mars söng kórinn þrjú lög á samkomu í Kristniðssviku á Háaleitisbraut 58. Miðvikudagskvöldið 14. mars söng kórinn þrjú lög á söngsamkomu í Kristniðssalnum og var gerður góður rómur að söng kórsins. Að kvöldi sumardagsins fyrsta, þann 19. apríl, söng kórinn að vanda á fjóröflunarsamkomu Skógarmanna KFUM. Vortónleikar Karlakórsins voru haldnir þriðjudagskvöldið 1. maí undir yfirskriftinni „Með söng í hjarta“. Um 180 manns sóttu tónleikana. Þorvaldur Sigurðsson sá um að taka tónleikana upp, en slíkar upptökur eru ómetanlegar fyrir kórfélaga við mat og æfingu á lögum, auk þess sem þau eru góðar heimildir. Ekki hefur verið farið út í útgáfu efnis enn sem komið er. Kórinn fór í vorferð til Akraness mánudaginn 7. maí og söng þá í Akranesvita áður en sameiginleg máltíð var snædd í safnaðarheimili Akraneskirkju. Eftir það var samvera í kirkjunni þar sem kórinn söng og sr. Þráinn Haraldsson rakti sögu kirkjunnar. Fimmtudagskvöldið 24. maí söng kórinn við 25 ára vígsluafmæli Friðrikskapellu. Föstudagskvöldið 25. maí tók kórinn þátt í sérstökum hátíðartónleikum í Lindakirkju í tilefni af 150 ára ártíð sr. Friðriks Friðrikssonar og söng þá þrjá söngva eftir hann, tvo þeirra ásamt Jóhanni Helgasynti.

Eftir sumarfrí tók kórinn aftur til við æfingar haustsins mánudaginn 17. september. Sunnudaginn 28. október söng kórinn svo í KFUM og KFUK messu í Keflavíkurkirkju. Fimmtudagskvöldið 1. nóvember tók kórinn þátt

í Vatnaskógarkvöldvöku/herrakvöldi í félagshúsinu á Holtavegi. Haldið var í æfingabúðir í Ölver undir Hafnarfjalli föstudagskvöld til laugardags 23.-24. nóvember. Æfingabúðirnar tókust mjög vel og aðstæður allar góðar og gott samfélag manna á milli. Sunnudaginn 25. nóvember sungu kórfélagar í Tómasarmessu í Breiðholtsskirkju, mánudaginn 3. desember söng kórinn nokkur jólalög á aðventustund á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ og þann 4. desember söng Karlakór KFUM að vanda á aðventukvöldi Friðrikskapellu ásamt Valskórnum og karlakórnum Fóstbræðrum. Jólátónleikar karlakórsins voru miðvikudagskvöldið 12. desember undir yfirskriftinni „Stjarnan ljómar í nótt“. Miðar á tónleikana voru í fyrsta sinn boðnir til sölu gegnum vefsíðu KFUM og hátt í tvö hundruð manns sóttu tónleikana sem þóttu takast einkar vel. Laufey Geirlaugsdóttir söng einsöng með kórnum í tveimur lögum. Jóhannes Sigurðsson sá eins og áður um gerð á auglýsingum og miðum fyrir tónleika kórsins með mikilli þryði og Stefán Ingi útbjó auglýsingu á útvarpsstöðinni Lindinni. Það gerir þessa tónleika nokkuð sérstaka að æ fleiri af söngvunum og textunum eru eftir einhverja úr kórnum eða þeim tengdum.

Auk þessa hafa kórfélagar sungið við tvær jarðarfarir á árinu, útför Ólafar Magnúsdóttur í Grafarvogskirkju miðvikudaginn 25. apríl og útför Kristínar Þór í Grafarvogskirkju fimmtudaginn 20. september.

Stjórn kórsins hefur haldið nokkra stjórnarfundir á starfsárinu, oftast í tengslum við æfingar. Nokkur tími hefur farið í undirbúning Færeyjaferðar og hafa þeir Ingi Gunnar Jóhannsson og Ólafur Jóhannsson haft veg og vanda að undirbúningnum í samvinnu við stjórnina og færeyska ferðaþjónustuaðila og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

Vefsíða kórsins, karlakor.kfum.is, hefur komið sér einkar vel fyrir kórfélaga, en þar geta þeir séð yfirlit yfir alla söngva sem kórinn hefur verið að syngja og æfa undanfarin ár, nálgast söngvalista fyrir tónleika, séð hvað er næst á döfinni, hver hefur umsjón með orði og bæn á æfingum og lesið yfir bænalista kórsins. Á æfingum geta menn stuðst við söngtexta og nótur söngvanna á heimasíðunni og geta þess utan hlustað á hljóðskrár fyrir hverja rödd allra söngva kórsins og þannig æft sig og rifjað upp raddir sínar hvenær sem þeim hentar. Einnig er hægt að sækja nótnaskrár til útprentunar eftir þörfum. Margir fundu fyrir því þegar heimasíða kórsins lá niðri nokkra daga í nóvember, en Geirlaugur Sigurbjörnsson hjálpaði til við að koma henni aftur í gagn. Umsjón og gerð vefsíðunnar hefur verið í höndum Guðlaugs Gunnarssonar.



Leikjanámskeið félagsins fyrir 6–9 ára börn hafa verið vel sótt.

5. Leikjanámskeið

Leikjanámskeið KFUM og KFUK voru haldin á tveimur stöðum sumarið 2018, í Lindakirkju í Kópavogi og í Hátúni 36 í Reykjanesbæ. Markmið leikjanámskeiðanna er að bjóða börnum á aldrinum 6–9 ára upp á metnaðarfullt sumarstarf þar sem áhersla er lögð á aukinn þroska líkama, sálar og anda. Mikið er lagt upp úr því að mæta hverju barni á eigin forsendum svo að það fái að njóta sín sem best. Á námskeiðunum er unnið með kristið siðferði í hugsunum, orðum og gjörðum og sérstök áhersla á vináttu, kærleika og virðingu. Börnin fá daglega kristilega fræðslu, syngja kristilega söngva, biðja bænir og taka þátt í leikjum og styttri ferðalögum.

Í Lindakirkju í Kópavogi voru haldin fimm leikjanámskeið sumarið 2018. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:30. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg en hefðbundinn dagur á leikjanámskeiðinu byrjar á leikjum og upphafsstund í Lindakirkju þar sem er sungið og hlýtt á hugleiðingar og dæmisögur úr Guðs orði. Eftir nestispásu um morguninn var jafnan farið í skemmtilegar ferðir á hina ýmsu staði og komið til baka um þrjúleytið. Á föstudögum var síðan góðri viku lokið með því að fara á sumarhátíð á Holtavegi 28, en þar var boðið uppá grillaðar pylsur, andlitsmálningu og hoppukastala. Á leikjanámskeiðunum starfaði forstöðukona, tveir starfsmenn eldri en 18 ára og tveir aðstoðarleiðtogar sem Vinnuskóli Kópavogs lagði til. Þátttakendur námskeiðanna voru 125 talsins og var biðlisti á öll námskeiðin.

Starfsfólk leikjanámskeiðanna sótti ýmis undirbúningsnámskeið áður en sumarstarfið hófst. Lesa má nánar um þau í kaflanum um fræðslustarf. Eftirfarandi störfuðu á leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Lindakirkju sumarið 2018: Unnur Rún Sveinsdóttir, Bryndís Schram, Jóhanna Elísa Skúladóttir, Bogi Benediktsson, Telma Ýr Birgisdóttir og Guðrún Birna Guðlaugsdóttir.

Í Reykjanesbæ voru haldin fjögur leikjanámskeið sumarið 2018. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:30. Leikjanámskeiðin gengu mjög vel og gaman var að sjá bæði leiðtoga og börn setja svip sinn á bæinn í byrjun sumars. Einnig var mikil almenn ánægja foreldra með námskeiðin og mörg barnanna voru að koma í annað og þriðja skipti. Starfsfólkið hélt úti virkri fésbókarsíðu á netinu svo að foreldrar gátu fylgst vel með hvað var að gerast. Á leikjanámskeiðunum störfuðu tveir forstöðumenn og sex ungmenni. Þátttakendur á námskeiðunum voru samtals 100.

Eftirtaldir störfuðu á Leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Reykjanesbæ sumarið 2018: forstöðufólk allar vikurnar voru Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir, Þráinn Andreusson og Brynja Eiríksdóttir. Ungleiðtogar voru Eliza Liv Taylor, Ragnar Snær Sigurðsson, Ólafur Þór Gunnarsson, Eva María Thorarensen, Elísabet María Kristinsdóttir, Bergrún Dögg Bjarnadóttir, Rakel Jóhanna Jóhannsdóttir og Þórunn Kolbrún Árnadóttir.

6. Alþjóðastarf

Alþjóðastarf er mikilvægur þáttur í starfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Eitt af markmiðum KFUM og KFUK á Íslandi er að félagsfólk upplifi að þeir séu hluti af stærri heild á alþjóðavísu. Unnið er í samstarfi við önnur KFUM og KFUK félög, bæði í Evrópu og á heimsvísu, ásamt sérstöku norrænu samstarfi. Þar að auki tekur félagið þátt í ýmsum æskulýðs- og leiðtogaverkefnum sem tengjast öðrum félagasamtökum. Það alþjóðastarf sem KFUM og KFUK á Íslandi tekur þátt í er því fjölbreytt og á sér stað bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Samtals 11 fulltrúar félagsins tóku þátt í ráðstefnum, námskeiðum eða verkefnum sem tengdust alþjóðastarfi KFUM og KFUK, auk fjölda sjálfbóðaliða sem lögðu hönd á plóginn í verkefninu Jól í skólkassa.

Alþjóðaráð KFUM og KFUK hefur umsjón með alþjóðastarfi félagsins. Sem fyrr er alþjóðaráð skipað af stjórn félagsins og á hún þar einn fulltrúa. Starfsárið 2018 sátu eftirfarandi einstaklingar í alþjóðaráði: Sólveig Reynisdóttir, fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi og formaður, Anna Elísa Gunnarsdóttir, Dagrún Linda Barkardóttir, Gísli Stefánsson, Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir og Tinna Rós Steinsdóttir.

NCYC fundur í Kaupmannahöfn

13.–16. september 2018 var haldinn fundur á vegum NCYC í Kaupmannahöfn. Gísli Stefánsson sótti fundinn, en hann situr í NCYC nefndinni fyrir hönd KFUM og KFUK á Íslandi ásamt Jóhanni Þorsteinssyni.

Nordic Child and Youth Committee er ráð innan KFUM og KFUK félaga á Norðurlöndum sem skipuleggur norræn ungmennamót, sem eru haldin á tveggja til þriggja ára fresti. Markmið nefndarinnar er að efla samskipti milli Norðurlandanna og veita upplýsingar um stöðu æskulýðsmála í hverju aðildarfélagi. Næsta norræna ungmennamótið verður haldið 2020 í Lapplandi í Finnlandi.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórafundur

KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við systurfélögin á hinum norðurlöndunum. Árlegur samráðsfundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum var haldinn í Ósló í Noregi 25. og 26. janúar 2019. Helgi Gíslason og Tómas Torfason sóttu fundinn fyrir hönd Íslands.

KFUM í Evrópu

KFUM og KFUK á Íslandi er fullgildur aðili að KFUM í Evrópu, samtökum KFUM félaga í Evrópu. Félagið tekur virkan þátt í starfi samtakanna á fjölbreyttan hátt, meðal annars með því að sækja ráðstefnur, námskeið og aðalfundi.

Aðalfundur KFUM í Evrópu 2018

Aðalfundur KFUM í Evrópu var haldinn í Hintersee í Suður-Pýskalandi 10.–13. maí 2018. Þar komu saman fulltrúar frá hinum ýmsu KFUM-félögum sem eiga aðild að KFUM í Evrópu. Fulltrúar KFUM og KFUK á Íslandi á fundinum voru Hjördís Rós Jónsdóttir og Sólveig Reynisdóttir.



Ársæll Aðalbergsson og Jóhann Þorsteinsson voru fulltrúar Íslands á alþjóðlegri ráðstefnu KFUM-sumarbúða sem haldin var í Estes Park í Colorado 7.-10. nóvember 2018.



Hjördís Rós Jónsdóttir og Sólveig Reynisdóttir voru fulltrúar Íslands á aðalfundi KFUM í Evrópu sem fram fór í Hintersee í Suður-Pýskalandi. Með þeim á myndinni er Marta Guretska frá Úkraínu sem á fundinum var kosin í stjórn KFUM í Evrópu.

YES-námskeið

YES er ungmennastarf KFUM í Evrópu. Markmið YES er að efla ungt fólk til að láta rödd sína heyrast bæði innan KFUM sem og í samfélaginu. Formlegir YES fundir eru að öllu jöfnu haldnir fyrir aðalfund KFUM í Evrópu.

Fundur framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu

Árlegur fundur framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu var haldinn í Minsk í Hvíta-Rússlandi 28.–30. október 2018. Tómas Torfason framkvæmdastjóri KFUM og KFUK á Íslandi sótti fundinn.



Hópmynd af þátttakendum á aðalfundi YMCA Europe sem fram fór í Hintersee í Suður-Pýskalandi 10.–13. maí 2018.

YMCA 175

4.–8. ágúst 2019 verður haldinn stór KFUM viðburður í London Excel til að fagna 175 árum frá stofnun KFUM. Stefnt er á að senda þátttakendur frá Íslandi og er félagsfólk hvatt til að kynna sér viðburðinn og bætast í hóp þátttakenda. Unnur Ýr Kristinsdóttir, æskulýðsfulltrúi, heldur utan um viðburðinn fyrir hönd KFUM og KFUK á Íslandi.

Heimssamband KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi hefur til margra ára verið fullgildur aðili að heimssambandi KFUK. Fyrir nokkrum árum ákvað heimssamband KFUK að endurskoða aðildargjald og olli það miklum móttbyr hjá fjölmörgum aðildarþjóðum, meðal annars okkur á Íslandi. Hefur ekki verið leyst úr því máli og er því staða KFUM og KFUK á Íslandi gagnvart heimssambandi KFUK enn í óvissu.

Heimssamband KFUM

KFUM og KFUK á Íslandi er ekki fullgildur aðili að heimssambandinu. Dagana 8.–14. júlí 2018 var haldið Heimssping KFUM í Chiang Mai í Tælandi. Heimssamband KFUM sá um utanumhald og skipulag þingsins. Enginn fulltrúi var frá Íslandi á þinginu.

Alþjóðaráðstefna sumarbúða KFUM

Dagana 7.–10. nóvember fór fram alþjóðaráðstefna um sumarbúðir KFUM og var hún haldin í Estes Park í Colorado. Þar rekur KFUM í Bandaríkjunum stórar sumarbúðir sem taka á móti þúsundum gesta á hverju ári. Ráðstefnugestir voru tæplega 600 frá 30 löndum og 300 sumarbúðum sem allar eru reknað undir merkjum KFUM. Á ráðstefnunni var tækifæri til að deila reynslu, fá nýjar hugmyndir og sækja málstofur. Gert er ráð fyrir sams konar ráðstefnu á þriggja ára fresti. Fulltrúar KFUM og KFUK á Íslandi voru Ársæll Aðalbergsson og Jóhann Þorsteinsson.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Á sólríkum sumardegri þegar ég var 7 ára gömul kom ég fyrst á þann stað sem átti eftir að eiga stóran stað í hjarta mínu um ókomin ár. Amma mín, Sveinbjörg Heiðrún Armundsdóttir, hafði boðið mér að koma í sumarbúðirnar Ölver þar sem hún hafði verið forstöðukona um margra ára skeið. Starf KFUM og K var mér þá vel kunnugt þar sem ég hafði farið með mömmu minni og pabba frá því ég man eftir mér á yngrideildar fundi í Garðabænum. Frá því ég dvaldi þarna sem Ölvirsstelpa í fyrsta sinn hef ég starfað þar sem foringi og síðar sem forstöðukona um margra ára skeið og sit núna sem formaður stjórnar Ölvers sem er ótrúlega gefandi og skemmtlegt starf. Nú fara ég og stelpurnar mínar saman í sumarbúðir sem hljóta að teljast mikil forréttindi. Hvað það var sem dró mig aftur og aftur að þessum stað, hvort það var fjallið og skógurinn, íþróttirnar, söngurinn, leikirnir, félagsskapurinn eða einstaki andinn sem þarna vakir yfir, veit ég ekki, ég veit bara að ég fékk köllun, köllun sem er á milli mín og Guðs. Hvers virði er starf KFUM og K mér? Ég veit allavega að ég væri ekki sú manneskja sem ég er í dag ef það hefði ekki mótað mig, ögrað mér, treyst mér fyrir ábyrgð, hjálpað mér að vaxa sem leiðtogi og manneskja, gefið mér dýrmæta vini og kennt mér að lifa í algjöru trausti á Guð sem aldrei bregst.

Erla Káradóttir

7. Innland samstarfsverkefni

KFUM og KFUK á Íslandi á samstarf við fjölmarga aðila innanlands. Í kaflanum er greint frá helstu samstarfsaðilum og samstarfsverkefnum á starfsárinu.

Æskulýðsvettvangurinn

KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalag íslenskra skáta, Ungmennafélag Íslands og Slysavarnarfélagið Landsbjörg mynda saman samstarfsvettvang undir heitinu Æskulýðsvettvangurinn (ÆV). Þetta samstarf má rekja til ársins 2007, en formleg stofnun ÆV fór fram 2012 þegar ÆV fékk lög og kenntölu og réði til sín starfsmann. Stjórn ÆV á starfsárinu skipuðu þau Auður Þorsteinsdóttir formaður (UMFÍ), Tómas Tórfason (KFUM og KFUK), Sigríður Ágústsdóttir (BÍS) og Gunnar Stefánsson (Slysavarnarfélagið Landsbjörg). Sema Erla Serdar er verkefnastýra ÆV, starfshlutfall hennar er 50%.

Tilgangur og markmið ÆV er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslu- og forvarnarmála, útbreiðslu og kynningar og á öðrum sviðum eftir því sem þurfa þykir. Gildi ÆV eru vellíðan, velferð og öryggi.

Siðareglur

ÆV stendur að útgáfu siðareglna um samskipti og um rekstur og ábyrgð. Eru þær hugsaðar fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða í starfi aðildarfélaganna. Tilgangurinn með þeim er að gefa starfsfólki og sjálfbóðaliðum ramma til þess að starfa innan, bæði til þess að tryggja velferð og öryggi barna og ungmenna sem taka þátt í starfinu og til þess að tryggja fagmennsku í starfi.

Verndum þau

Á árinu 2018 voru auglýst og skipulögð sjö Verndum þau-námskeið víðs vegar um landið. Alls sóttu um 250 manns námskeiðin. Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, höfundar bókarinnar Verndum þau, voru kennarar á námskeiðunum.

Verndum þau fjallar um hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum. KFUM og KFUK krefst þess að þeir sem starfa með börnum og unglingum á vettvangi félagsins hafi sótt námskeiðin nýlega.

Fagræð í meðferð kynferðisbrota

Aðildarfélög ÆV hafa með sér samráð þegar kemur að þessum viðkvæma málaflokki og hefur starfrækt sérstakt fagræð til að koma að slíkum málum. Áfram verður unnið að þróun þessa samstarfs til að tryggja góð og fagleg viðbrögð og vinnubrögð þegar upp kemur grunur um kynferðisbrot á vettvangi aðildarfélaganna. Á starfsárinu voru starfsreglurnar um meðferð kynferðisbrota uppfærðar.

Viðbragðsáætlun

ÆV hefur gefið út viðbragðsáætlun þar sem finna má verkferla sem félög skulu fylgja þegar upp koma atvik eða áföll sem kunna að hafa áhrif á starf félags. Dæmi um atvik sem viðbragðsáætlunin nær til eru agabrot, ávana- og vímuefnanotkun, einelti, kynferðisbrot, alvarleg veikindi, áföll, slys og andlát.



KFUM og KFUK á mikið og gott samstarf við KSS og KSÍ. Hér er kór KSS að syngja á hátíðar- og inntökufundi KFUM og KFUK.





Sakavottorð

KFUM og KFUK (ásamt öðrum aðildarfélögum ÆV) gera þá kröfu til sjálfboðaliða og starfsmanna sem starfa með börnum og ungmennum á vettvangi félagsins að þeir skili inn samþykkt fyrir því að félagið sækir upplýsingar um þau úr sakaskrá. Eitt af verkefnum ÆV er að þrýsta á stjórnvöld að gera þetta ferli einfaldara og skilvirkara, t.d. með rafrænum lausnum.

Átak gegn einelti

Eitt af verkefnum ÆV er útgáfa á aðgerðaráætlun gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun. Tilgangurinn er að stuðla að því að allir geti notið sín á jákvæðan hátt innan þess góða starfs sem aðildarfélög ÆV standa fyrir. Í tengslum við verkefnið var stofnaður ráðgjafarhópur um meðferð eineltismála.

Ekkert hatur

Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð er eitt af verkefnum ÆV. Verkefninu er ætlað að vekja athygli á hatursorðræðu á netinu, vekja ungt fólk til umhugsunar og hvetja það til að bregðast við. Verkefnið stendur fyrir jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika. Því er beint gegn einelti, hatursorðræðu, kynþáttafordómum og mismunun á netinu.

Kristileg skólahreyfing

Kristilega skólahreyfingin (KSH); Kristileg skólasamtök (KSS) og Kristilegt stúdentafélag (KSF) eiga samstarf við KFUM og KFUK á Íslandi og eru samofin starfi félagsins. Fundir KSS eru t.d. haldnir í félagshúsi KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Sr. Ólafur Jón Magnússon er í 50% starf fyrir KSH.

Þjóðkirkjan

KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við marga söfnuði þjóðkirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf (sjá nánar kafla 2). Leikjanámskeið í Kópavogi voru haldin í samstarfi við Lindakirkju. Þá á félagið mikið samstarf við söfnuði þjóðkirkjunnar um fermingarnámskeiðin í Vatnaskógi (sjá nánar í skýrslu Vatnaskógar bls. 34).

Fríðrikskapella á Hlíðarenda

Fríðrikskapella er eitt af samstarfsverkefnum, en hún er í sameiginlegri eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, Knattspyrnufélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarfélög

KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sérstaklega íþrótt- og æskulýðsdeildina. Valgerður Þórunn Bjarnadóttir og Óskar Ármannsson eru tengiliðir ráðuneytisins við félagið. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK á Íslandi og mennta- og menningarmálaráðuneytisins af hálfu ríkisins. KFUM og KFUK á einnig samstarf við fjölmörg sveitarfélög. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK og Reykjavíkurborgar. Þá er einnig þjónustusamningur á milli KFUM og KFUK í Reykjanesbæ og Reykjanesbæjar og milli félagsins á Akureyri og Akureyrarbæjar.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Það sem KFUM og KFUK hefur gefið mér í gegnum tíðina er svo ótrúlega margt. Eftir að hafa farið í sumarbúðir í Kaldárseli og Vindáshlíð sem barn var ekki aftur snúið. Ég fór svo á minn fyrsta fund hjá KFUK í Víðalínaskirkju þegar ég var 13 ára gömul.

Eftir að hafa verið aðstoðarleiddogi varð ég leiðtogi í starfinu. Það þótti mér virkilega skemmtilegt. Ég hef lært ótalmargt, bæði sem þátttakandi og sem leiðtogi á vegum félagsins. Ég tók þátt í leiðtogafræðslu og byrjaði að vinna í sumarbúðum KFUM og KFUK, á fermingarnámskeiðum og leikjanámskeiðum þegar ég hafði aldur til.

Minningarnar, starfið, fræðslan, vinirnir og Guð hefur allt orðið til þess að móta mig að þeirri manneskju sem ég er í dag. Ég hef þjálfast í framkomu, mannlegum samskiptum, að halda fundi sem og að vera úrræðagóð í að finna upp á einhverju skemmtilegu til dæmis til að halda athygli rúmlega 80 stúlkna í sumarbúðastarfi. Síðastliðin 10 sumur hef ég mest starfað í og fyrir Vindáshlíð og mun sá staður alltaf eiga sérstakan stað í hjarta mínu.

Það er mjög dýrmætt að hafa fengið að taka þátt í góðu og faglegu starfi hjá félagi sem leggur upp úr náungakærleika. Þar sem allir fá tækifæri til að kynna Guði og fræðast um hann og fá tækifæri til að efla líkama, anda og sál með fræðslu, söng og samveru.

Hulda Guðlaugsdóttir

8. Útgáfu- og kynningarmál


Útgáfu- og kynningarmálum KFUM og KFUK sinna bæði starfsmenn félagsins og sjálfboðaliðar. Fjölbreyttir miðlar eru nýttir til að koma á framfæri því fjölbreytta starfi sem félagið býður upp á. Mest eru notaðir samfélagsmiðlar og aðrar sambærilegar leiðir, til dæmis fyrir vikulegar fréttir í tölvupósti, en nokkrum sinnum á ári er farið í kostnaðarmeiri kynningar.

Fréttabréf

Fréttabréf KFUM og KFUK kom þrisvar sinnum út á starfsárinu, í lok maí, í september og í byrjun janúar. Fréttabréfið var sent út til allra félagsmanna KFUM og KFUK, marga kirkna, æskulýðssamtaka á landinu, alþingismanna og borgar- og bæjarfulltrúa og fleiri velunnara. Rafræna útgáfu má skoða á slóðinni <http://issuu.com/kfumkfuk>.

Ársskýrsla

Vorið 2018 kom ársskýrsla KFUM og KFUK á Íslandi út fyrir starfsárið 2016–2017. Sú skýrsla var einungis send í prentuðu formi til félagsmanna 50 ára og eldri. Aðrir fengu hana senda á rafrænu formi og hún fór á heimasíðuna og á issuu.com (rafræna útgáfusvæði félagsins). Í skýrslunni er fjallað um starfsemi og verkefni á vegum félagsins.



Vefsvæði og aðrir samskiptavefir

Félagið heldur úti öflugu vefsvæði á slóðinni www.kfum.is. Fyrir utan heimasíðuna sem birtist á www.kfum.is, samanstendur svæðið af níu sjálfstæðum vefsíðum fyrir starfsstöðvar og verkefni innan félagsins. Um

60 manns skrifa fréttir og upplýsingar inn á vefsvæðið.

Halldór Elías Guðmundsson heldur utan um vefsvæði félagsins.

Heimasíðan er tengd við samfélagsmiðlana Twitter og Facebook. Fréttir sem birtast á heimasíðu félagsins birtast þannig samstundis sem „tvít“ á https://twitter.com/KFUM_KFUK og einnig á Facebook-síðu félagsins. Fréttir á heimasvæðum einstakra starfsstöðva birtast einnig sjálfvirkir á Facebook-síðum viðkomandi starfsstöðva.

Á Facebook-síðu KFUM og KFUK á Íslandi birtast fréttir og myndir úr starfinu. Síðan er með rúmlega 2000 fylgjendur. Umsjón er að mestu leyti í höndum Elínar Hrundar Garðarsdóttur. Í félaginu er Facebook notað á marga vegu sem verkfæri í samskiptum. Þannig eru margir hópar, starfsstöðvar og verkefni með sínar eigin Facebook-síður. Þá eru smáskilaboð í Facebook orðin mjög algeng í samskiptum og hafa að nokkru leyti tekið við hlutverki tölvupóstsins.

KFUM og KFUK notar vef Youtube til að birta myndbönd, vef issuu.com til birtingar á útgefnu prentefni og myndir frá starfi félagsins eru birtar á vefnum Flickr: <http://www.flickr.com/photos/kfum-kfuk-islnd/>. Hægt er að nálgast myndböndin, prentefnið og ljósmyndirnar í gegnum heimasíðu félagsins.

Jafnframt heldur félagið úti vefsíðunni www.sumarfor.is sem er sérsmíðuð skráningarsíða fyrir viðburði og starfsemi á vegum félagsins.





KFUM og KFUK notar einnig samfélagsmiðilinn Instagram, undir heitinu kfumkfukiceland. Hann má sjá á slóðinni <http://instagram.com/kfumkfukiceland>.

Í starfi KFUM og KFUK er fræðsluefni fyrir æskulýðsstarf mikið notað og má nálgast það á slóðinni: <http://efnisveita.kfum.is>. Þar eru hugmyndir fyrir fundi, verkefni, hugleiðingar, leikir og fleira efni frá árunum 2007 til dagsins í dag. Fræðsluefni félagsins má skoða á Issuu: <http://issuu.com/kfumkfuk>. Umsjón með fræðsluefni hefur æskulýðssvið félagsins.

Netfréttir

Í upphafi hvernar viku eru yfir vetrarmánuðina sendar út netfréttir um starf félagsins og viðburði sem eru á döfni og fullorðins- og æskulýðsstarfi. Fréttirnar eru sendar með tölvupósti til allra þeirra sem hafa skráð sig á netfangalista í gegnum heimasíðu félagsins. Notast var við netpóstkerfið MailChimp til að halda utan um sendingar á netfréttunum. Netfréttir eru sendar á 580 netföng. Umsjón með netfréttum hefur Elín Hrund Garðarsdóttir.

Kynning á sumarstarfi KFUM og KFUK

Fyrir fyrsta skráningardag 2019 var gefið út 16 síðna sumarþýðablað þar sem sumarþýðir og leikjanámskeið á vegum félagsins sumarið 2019 voru kynnt. Safnað var auglýsingum og styrkjum frá ýmsum fyrirtækjum til að greiða fyrir útgáfu blaðsins. Blaðið var prentað í 78.000 eintökum og dreift á öll heimili á höfðuborgarsvæðinu og á Akranesi, Akureyri og í Grindavík. Auk þess var blaðið sent í pósti til skráðra þátttakenda í starfinu sem búsett eru í öðrum pósthúsum. Rafræna útgáfa af blaðinu er hægt að nálgast á Issuu: <http://issuu.com/kfumkfuk>.

Samhliða útgáfu- og umfangsmikillar dreifingar sumarþýðablaðsins er við upphaf skráningar, auglýst bæði með skjáauglýsingum í sjónvarpi og í útvarpi.

Annað almennt kynningarstarf

Í júní 2018 gaf Vatnaskógur út Sæludagabækling sem var prentaður í 2.000 eintökum. Bæklingurinn var sendur til félagsfólks og forráðamanna barna í sumarstarfi félagsins. Umsjón með gerð hans hafði Ársæll Aðalbergsson.

Bæklingur um verkefnið Jól í skókassa var gefinn út af stjórn verkefnisins. Honum var dreift víðsvegar um landið en rafræna útgáfa af bæklingnum má sjá á heimasíðu félagsins: <http://kfum.is/skokassar/prentefni/>.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Við vinirnir fórum saman í „skúrinn“ við Maríubakka í Breiðholti en þar var KFUM með öflugan yngri deild. Þeir voru mjög líflegir fundirnir og mikið fjör. Sú vinátta og þau tengsl sem þar mynduðust hafa haldist alla tíð síðan og gefið lífinu lit. Sú kristlega fræðsla sem ég fékk þar varð grunnurinn sem ég hef byggt líf mitt á.

Í framhaldi kynntist ég Vatnaskógi og því frábæra starfi sem þar er unnið. Þangað fór ég nokkur ár í röð. Eftir dvölina í Skóginum kom ekki annað til greina en að gerast starfsmaður þar þegar ég hafði aldur til. Vatnaskógur er frábær vinnustaður fyrir ungt fólk, þar sem maður lærir mikið af þeim sem eldri eru og þeim anda sem ríkir þar. Þegar ég var beðinn um að gefa kost á mér í stjórn Skógarmanna fannst mér það heiður að fá að starfa með þeim hætti fyrir þennan góða stað.

KFUM og KFUK hefur haft jákvæð áhrif á líf mitt frá því ég var barn og ég er mjög þakklátur fyrir það. Ég hef fengið að vera þiggjandi í félaginu en einnig verið treyst til að starfa fyrir það í barna-, unglinga- og fullorðinsstarfi. Ég hef séð með eigin augum hve mikilvægt starf KFUM og KFUK er og tel því mikilvægt að það haldi áfram og nái til komandi kynslóða. Í KFUM og KFUK mætir maður kærleika sem hefur áhrif á lífið og vináttu sem varðveitist.

Páll Hreinsson

9. Jól í skókassa

Verkefnið Jól í skókassa er hluti af starfi KFUM og KFUK á Íslandi. Verkefnið er góðgerðarstarf sjálfbóðaliða og snýst um að safna jólagjöfum fyrir börn og unglinga í Úkraínu sem búa við fátækt, veikindi, erfiðar aðstæður eða líða á annan hátt.

Stjórn verkefnisins var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Björgvin Þórðarson, formaður
Mjöll Þórarinsdóttir, gjaldkeri
Hreinn Pálsson, ritari
Ingibjörg Valgeirsdóttir, meðstjórnandi
Áslaug Björgvinsdóttir, meðstjórnandi

Helstu verkefni stjórnar á árinu voru undirbúningur fyrir söfnun jólagjafanna, móttaka á jólagjöfum, samskipti við fjölmöðla og annars konar kynning á verkefninu, samskipti við sjálfbóðaliða, styrktaraðila verkefnisins, tengiliði verkefnisins á landsbyggðinni sem og í Úkraínu. Einnig skýrslugerð í tengslum við flutning jólagjafanna og önnur tilfallandi verkefni.

Fjöldi sjálfbóðaliða tók þátt líkt og undanfarin ár. Mestur fjöldi sjálfbóðaliða tók þátt í yfirferð jólagjafa viku fyrir lokaskiladag, sem og á lokaskiladeginum þann 10. nóvember 2018. Þá var fjöldinn allur af sjálfbóðaliðum á landsbyggðinni sem sá um að taka á móti gjöfum og koma þeim til Reykjavíkur. Starfsmenn Þjónustumiðstöðvarinnar gegndu jafnframt viðamiklu hlutverki í að taka á móti jólagjöfum, svara spurningum og sinna móttöku á leikskóla- og grunnskólabörnum sem komu færandi hendi með jólagjafir.

Söfnun gjafa

Árið 2018 var fimmtánda árið í röð sem jólagjöfum var safnað fyrir munaðarlaus og fátæk börn í Úkraínu. Lokaskiladagur gjafa í Reykjavík í húsi KFUM og KFUK á Holtavegi var laugardagurinn 10. nóvember 2018, en fyrir þann tíma var hægt að koma kössum til skila víða um land. Eins og fyrri ár gekk verkefnið mjög vel.

Alls söfnuðust 4.529 kassar. Öllum skókössum var pakkað á bretti og komið fyrir í stórum gámi. Mánudaginn 12. nóvember 2018 var gámurinn sóttur og hófst þá ferðalag gámsins frá húsi KFUM og KFUK við Holtaveg til Kirovohrad í suðurhluta Úkraínu. Eins og áður gaf Flytjandi flutning á kössum til Reykjavíkur og Eimskip gaf gáminn og flutning hans til meginlands Evrópu.

Útdeiling gjafa til barna í Úkraínu

Sendinefndina skipuðu í ár þau Ástríður Elsa Þorvaldsdóttir, Tómas Njáll Möller og Mjöll Þórarinsdóttir. Þau afhentu gjafirnar m.a. á munaðarleysingjaheimilum, til barna einstæðra mæðra, fjölskyldna sem búa við bágar aðstæður og til fatlaðra barna.

Ferðasögu hópsins má nálgast á Facebook-síðu verkefnisins sem og á heimasíðu félagsins, www.kfum.is.

Fulltrúar KFUM og KFUK í Úkraínu tóku svo við frekari dreifingu jólagjafanna og sáu um að koma þeim í réttar hendur.



Fjöldi sjálfbóðaliða tekur þátt í verkefninu, m.a. þarf af öryggisástæðum að yfirfara alla pakkana.



Fulltrúar verkefnisins voru við dreifingu jólagjafanna í Úkraínu í byrjun janúar 2019 og afhentu gjafirnar m.a. á munaðarleysingjaheimili, til barna einstæðra mæðra og fjölskyldna sem búa við bágar aðstæður.



10. Vindáshlíð

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur stjórnar Vindáshlíðar var haldinn 6. mars 2018 í félagsheimili KFUM og KFUK við Holtaveg. Fundagestir voru 30. Fundarstjóri var Gísli Davíð Karlsson og fundarritari var Anna Elísa Gunnarsdóttir. Fyrir fundinn hafði ekki tekist að skipa kjörnefnd.

Stjórn Vindáshlíðar á starfsárinu skipuðu:

Ragnheiður Guðmundsdóttir, formaður
 Signý Gyða Pétursdóttir, varaformaður
 Gerður Rós Ásgeirsdóttir, gjaldkeri
 Áslaug Haraldsdóttir, varagjaldkeri
 Hildur Margrét Arnbjörgardóttir, ritari
 Sólbjörg Linda Reynisdóttir, vararitari
 Pálína Axelsdóttir Njarðvík, kynningarfulltrúi

Skoðunarmenn reikninga voru Ásta Þorbjörnsdóttir og Ragnheiður Arnkelsdóttir.

Á starfsárinu voru haldnir 17 stjórnarfundir: 10 í húsi KFUM og KFUK á Holtavegi, 4 í Vindáshlíð, 2 í heimahúsi og einn á Skype. Þá eru ótalin allar þær umræður og samskipti sem fram fóru á facebook síðu stjórnar. Segja má að stjórnarkonur hafi verið til taks 24–7 þetta árið.

Helstu verkefni stjórnar

Almenn stjórn sumarbúðastarfsins er mikið verk og allt unnið í sjálfböðavinnu. Meðal verka eru rekstur og viðhald húsakynna, ráðningar starfsfólks, skipulag sumarstarfs og almennur stuðningur við það, kaffisala, kvennaflokkur og mæðgnaflokkur svo nokkur atriði séu nefnd. Þetta árið var mikil vinna lögð í taka ráðningarviðtöl við allt nýtt starfsfólk sem og að halda pizzuveislu þar sem var hópefli og allir skrifuðu undir ráðningarsamning. Einnig var unnið í handbók starfsmanna.

Starfsmenn

Hulda Guðlaugsdóttir var ráðin í tímabundna stöðu hjá Vindáshlíð frá 5. mars 2018 sem verkefnastjóri í 50% starfshlutfalli. Hún starfaði fram til 1. september. Hélt hún m.a. utan um ráðningar starfsfólks og undirbúning sumarsins. Umsóknir um sumarstarf voru fleiri en þau störf sem voru í boði þetta árið.

Starfsemi – sumarstarf

Lýsing sumarstarfs

Daglega var boðið upp á gönguferðir og nánasta umhverfi Vindáshlíðar skoðað. Í hverjum flokki er keppt í brennó og í lokin stendur eitt herbergi eftir sem brennómeistarar. Einnig er keppt í öðrum íþróttum og leikjum. Margvísleg leiktæki eru í Vindáshlíð sem stúlkurnar sækja í og vinsælt er að útbúa svokölluð vinabönd. Herbergin skiptast samkvæmt hefð á að sjá um kvöldvökur og er jafnan glatt á hjalla. Mikið er sungið í Vindáshlíð, bæði á kvöldvökum og öðrum skipulögðum stundum. Auk þess er sunginn fánaðsöngur, borðsöngur fyrir máltíðir og kvöldsöngur fyrir svefninn.

Einu sinni í flokki er guðþjónusta í Hallgrímskirkju í Vindáshlíð og taka allar stúlkur þátt í undirbúningi hennar með ýmsum hætti. Á hverjum degi er biblíulestur og fræðsla úr Biblíunni.

Hver foringi hefur umsjón með einu herbergi og kallast bænakona.

Hver bænakona ber ábyrgð á sínu herbergi og er uppálagt að fylgjast sérstaklega vel með stúlkunum í því herbergi.

Ævintýra- og óvissuflokkar eru haldnir 3–4 sinnum yfir sumarið. Þeir eru ætlaðir eldri stúlkum. Reynt er að hafa þessa flokka ófyrirsjáanlega og spennandi fyrir stúlkurnar.

Sumarið 2018 voru þrír ævintýraflokkar, einn óvissuflokkur og einn flokkur sem nefndur var Skapandi stelpur. Í þeim flokki var lögð áhersla á sköpun og listir. Stelpur í stuði er flokkur sem haldin var í fyrsta skipti í Vindáshlíð þetta sumarið. Flokkurinn er sérsníðinn að stúlkum á aldrinum 10–12 ára með athyglisbrest, óvirkni og skyldar raskanir.

Flokkar sumarsins voru

Flokkur	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi	Skýring
1	6.–9. júní	9–11	4	58	
2	11.–16. júní	12–14	6	58	Ævintýraflokkur
3	18.–23. júní	10–12	6	85	
4	25.–30. júní	11–13	6	88	Ævintýraflokkur
5	2.–7. júlí	9–11	6	90	
6	9.–14. júlí	13–15	6	32	Unglingaflokkur
7	16.–21. júlí	10–12	6	84	
8	23.–28. júlí	11–13	6	25	Ævintýraflokkur
9	30. júlí–2. ágúst		4	8	Stelpur í stuði
10	7.–11. ágúst	10–12	5	46	Skapandi stelpur
11	13.–18. ágúst	9–11	6	51	
12	24.–26. ágúst	18–99	helgi	0	Kvennaflokkur
13	7.–9. sept	7–99	helgi	50	Mæðgnaflokkur

Samtals: 625 stelpur, 86,8% nýting.

Starfsmenn

Forstaða: Auður Pálsdóttir, Bryndís Schram Reed, Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir, Hanna Lára Baldvinsdóttir, Kristín Sveinsdóttir, Ólöf Birna Sveinsdóttir, Pálína Axelsdóttir Njarðvík, Þorgerður Guðrún Garðarsdóttir og Þóra Gísladóttir.

Ráðskönur: Arna Auðunsdóttir, Dagný Dögg Sigurðardóttir, Gunnfríður Tómasdóttir, Ragnheiður Guðmundsdóttir (sjálfbóðaliði) og Sólrún Ásta Steinssdóttir.



Eftir að hitaveita kom í Vindáshlíð hafa smiðir, píparar og rafvirkjar unnið hördum höndum að setja upp ofnakerfi í húsið. Samhliða hefur stjórni Hlíðarmeyja staðið í fjárflyun til að fá magna framkvæmdirnar.

Foringjar: Aldís Helga Björgvinsdóttir, Alexandra Ivalu, Andrea Anna Arnardóttir, Áslaug Lárusdóttir, Ásta Ingólfssdóttir, Ásta Eyrún Andréssdóttir, Berglind Elva Sigvaldadóttir, Birta Lind Guðmundsdóttir, Elísa Sif Hermannsdóttir, Gerður Rós Ásgeirsdóttir, Guðný Sif Sverrisdóttir, Helga Bryndís Schram, Helga Sóley Björnsdóttir, Helena Hafsteinsdóttir, Hildur Margrét Arnbjargardóttir, Ísabella Rós Þorsteinsdóttir, Kristín Högna Magnúsdóttir, Kristjana Guðbjartsdóttir, María Kristín Árnadóttir, Mirra Kristín Ólöfsdóttir, Pálína Agnes Kristinsdóttir, Pálína Njarðvík, Ragnhildur Ásgeirsdóttir, Rebekka Ýr Guðbjartsdóttir, Signý Gyða Pétursdóttir, Sandra Rós Sigurðardóttir, Thelma Karen Jónsdóttir og Þorgerður Guðrún Garðarsdóttir.

Aðstoðarforingjar sumarsins voru: Ásta Ísabella Kent, Alice Viktoría Kent, Bína Hrönn Hjaltardóttir, Emma Katrín Jakobsen, Hildur Anna Geirsdóttir, Ísabella Rós Þorsteinsdóttir, Rebekka Guðbjartsdóttir.

Ekki má gleyma þeim dygga hóp sjálfbóðaliða sem kom í vinnuflokka og tók þátt í að gera staðinn tilbúinn til þess að taka við glöðum börnum.

Viðburðir

Kvennaflokkur féll niður vegna dræmrar þátttöku. Ópið var fyrir skráningu fram á síðustu viku en því miður náðist ekki næg þátttaka, þar sem aðeins 11 konur voru skráðar.



Fjör á kvöldvöku í dvalarfokki sumarið 2018.

Mæðgnaflokkur var helgina 7–9 september. Stjórn og skipulag var í höndum Hönnu Láru Baldvinsdóttir. Leikir, gönguferðir, kvöldvökur og fræðslustund voru m.a. á dagskrá. Starfsfólk var:

Hanna Lára Baldvinsdóttir forstöðukona, Bryndís Schram Reed ráðskona, Ásta Schram Reed eldhússtarfsmaður, Alexandra Ivalu Einarsdóttir foringi, Sandra Rós Sigurðardóttir Wium foringi, Alice Viktoría Kent foringi, Ásta Ísabella Kent foringi og Kristný Eiríksdóttir foringi.

Fyrsti AD-KFUK fundur vetrarins var að venju í Vindáshlíð þann 3. október. Að loknum dýrlegum kvöldverði, sem Hlíðarstjórn sá um, sameinuðust konur í bæn og söng í setustofunni. Dagný Bjarnhéðinsdóttir leiddi sönginn og Signý Rós Pétursdóttir leiddi bæn. Sólbjörg Linda Reynisdóttir fræddi konur um framkvæmdirnar sem framundan voru í Hlíðinni sem og fjárförlunina sem fara átti í. Því næst var horft á gamlar upptökur frá því að skálinn í Vindáshlíð var reistur, að lokum var Áslaug Haraldsdóttir með hugvekju.

Jólatrjásalan féll niður þetta árið vegna framkvæmda. Ekki var hægt að hafa húsið opið þar sem bæði var verið að klára að setja upp ofnana sem og viðgerðir voru í setustofu vegna lekans í loftinu. Engu að síður gat fólk fengið að fara í Hlíðina og ná sér í jólatré.

Ýmsir viðburðir í starfi Vindáshlíðar:

Árshátíð Hlíðarmeyja

Árshátíð stelpnanna var haldin sunnudaginn 3. febrúar 2019. Starfsfólk sumarsins sá um skemmtiatriði, dregið var í happdrætti og hlustað á hugleiðingu. Á eftir var svo boðið upp á veitingar.

Vinnuflokkar

Vinnuflokkar voru þrír í maí 2018. Það tókst að gera Hlíðina tilbúna undir sumarstarfið en það mæddi mikið á stjórninni því fáir sjálfboðaliðar gáfu sig í verkið. Í janúar á þessu ári hafa einnig verið þrír vinnuflokkar, mikil vinna liggur í að þrifa eftir allar framkvæmdirnar og gera klárt fyrir útleigu. Vonast er til að ekki þurfi að vera margir vinnuflokkar í maí næstkomandi.

Kaffisala

Kaffisalan var haldin í Vindáshlíð sunnudaginn 2. september og var mjög vel sótt. Helga Kolbeinsdóttir leiddi guðspjónustu í Hallgrímskirkju kl. 14 og síðan var haldið inn í aðalbyggingu. Á tímabili var ekki til nægt leirtau fyrir allan þann fjölda sem mætti.



Útleiga

Hlíðin var tvisvar leigð út að hausti en lokað var á útleigu frá seinni hluta október og út starfsárið í Vindáshlíð vegna framkvæmda.

Gjafir og styrkir

Við höfum verið svo blessuð að þetta árið eins og áður hafa einstaklingar fært Vindáshlíð peningagjafir.

Framkvæmdir

Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir í Vindáshlíð þetta starfsár. Eftir að teikningar að ofnakerfi lágu fyrir hafa smiðir, píparar og rafvirkjar unnið hörðum höndum og nú er komin hiti í allt húsið. Hafist var handa 15. október, tveir píparar og smiður voru við vinnu fyrstu dagana en svo var aðallega 1 pípari við vinnu ásamt smið. 1. nóvember 2018 urðu söguleg tímamót í Vindáshlíð þegar fyrsti ofninn var tengdur í millirými. Ofnalögnin kláraðist í lok nóvember og brunalögnin í desember. Allur frágangur á að klárast í febrúar 2019.

Eldvarnarkerfi þarfnadist endurnýjunar og var farið í þær framkvæmdir og í janúar 2019 var brunkerfið allt samtengt í öll húsin á svæðinu. Einnig þurfti að endurnýja vatnslögn sem fer í slökkvitæki í þvottahúsi.

Leki kom fram í lofti setustofunnar og þurfti því að bregðast skjótt við. Loftaplötur voru teknar niður og komið fyrir lekann. Fyrir liggur að fara þarf í viðgerðir á þaki og gluggum í setustofu þessu tengdu.

Leirtau var endurnýjað að stórum hluta og nýr matreiðsluofn keyptur í eldhús, en sá gamli var hættur að virka. Hann var fluttur inn í matstöð starfsfólks og er notaður í bakstur.

Kominn var tími á nokkur rúm á foringjahæðinni. Á starfsárinu voru keypt fjögur ný rúm til að bæta úr því.

Tölva sem starfsfólk hefur haft til afnota í Vindáshlíð gaf sig eftir áratuga þjónustu. Sem betur fer náðist að sækja öll gögn og færa yfir á flakkara.

Nýtt upplag af söngbókum var prentað ásamt því að láta merkja töskur og boli.

Fjáröflun

Stjórnin hefur unnið mikið verk í að koma söfnun af stað á Karolina fund og lýkur þeirri söfnun 5. mars. Einnig er mikilli undirbúningsvinnu lokið að fjáröflun sem hægt er að hafa áfram næsta árið. Samin voru bréf til velunnara Vindáshlíðar sem og bréf til fyrirtækja, þar sem leitað er eftir stuðningi. Nú þegar hafa 70 bréf verið send til einstaklinga. Signý Pétursdóttir stjórnarkona tók það hlutverk að sér að skipuleggja söfnunina og halda um alla þræði hennar.

Lokaorð

Hlíðarstjórn færir þakkir fyrir fyrirbærir og góðar gjafir og þakkar öllum sem tekið hafa þátt í starfi Vindáshlíðar á liðnu starfsári með einum eða öðrum hætti. Það er okkur meira virði en orð fá lýst. Guð launi ykkur allan velvilja og hlýjan hug til Vindáshlíðar.



11. Vatnaskógur

Ársskýrsla þessi er yfirlit yfir starfsemi Skógarmanna KFUM árið 2018.

Samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (2. og 3. grein) eru markmið Skógarmanna þessi:

„Að leiða fólk til trúar á Jesú Krist og vinna að útbreiðslu ríkis hans á grundvelli KFUM. Að afla fjár í Skálasjóð Skógarmanna KFUM til hagsbóta fyrir starfið í Vatnaskógi. Að vinna að og efla áhuga á skógrækt í Vatnaskógi“.

Leiðir að markmiðum eru, samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (4. grein), þessi:

„Skógarmenn KFUM vinna að markmiðum sínum með skipulögðum dvalarflokkum, mótum, útgáfu- og fræðslustarfi, fundahöldum, fjáröflun, skógrækt og á annan þann hátt sem stjórnin ákveður hverju sinni í samræmi við markmið þessara laga“.

Aðalfundur Skógarmanna KFUM var haldinn 22. mars 2018.

Stjórn Skógarmanna var þannig skipuð á starfsárinu:

Ólafur Sverrisson, formaður
 Sigurður Pétursson, varaformaður
 Páll Skaftason, gjaldkeri og fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi
 Nanna Guðný Sigurðardóttir, ritari
 Páll Hreinsson, varagjaldkeri
 Davíð Örn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi
 Björgvin Hansson, meðstjórnandi
 Gísli Guðlaugsson 1. varamaður og vararitari
 Sigurður Grétar Sigurðsson 2. varamaður

Nanna Guðný er fyrsta konan sem er kjörin í aðalstjórn Skógarmanna, en hún hafði áður verið 1. varamaður.

Skoðunarmenn reikninga eru:

Kári Geirlaugsson (fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi)
 Bjarni Árnason.

Stjórnin hélt 11 fundi á árinu: 20. janúar, 14. febrúar, 20. mars, 4. apríl, 3. maí, 6. júní, 26. júlí, 27. ágúst, 26. september, 29. október, 29. nóvember.

Starfsmenn

Fastir starfsmenn voru þeir Ársæll Aðalbergsson, framkvæmdastjóri og Þórir Sigurðsson, staðarráðsmaður. Sigurður Jóhannesson var sjálfboðaliði allt árið. Auk þeirra starfaði fjöldi fólks með einum eða öðrum hætti fyrir Skógarmenn árið 2018.



Framkvæmdir

Helstu framkvæmdir voru í tengslum við Birkiskála II bæði innan- og utandyra, auk þess var almennu viðhaldi sinnt, hús máluð og gólf endurnýjað á flotbryggjunni. Þá var sett upp útikarfa á malbikinu fyrir framan íþróttahúsið, borðplötur í eldhúsi voru endurnýjaðar og ljós sett upp í bátaskýli. Skógarmenn hófu flokkun sorps á svæðinu og settar voru upp flokkunartunnur fyrir pappír og plast.

Vígsla Birkiskála

Sunnudaginn 27. maí sl. voru mikil tímamót í starfi Vatnaskógar, en þá var Birkiskáli II vígður. Húsið tengist Birkiskála I og er hið glæsilegasta og hefur verið í byggingu síðan 2007, en síðastliðið ár hefur verið unnið við innréttingar í miðrymi hússins og utandyra þar sem hellulagt var að framanverðu, settir upp bekkir ofl. Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, vígði húsið, en áður höfðu Skógarmenn rakið byggingasögu og fjármögnun verkefnisins. Um 300 manns heimsóttu staðinn af þessu tilefni og þakka Skógarmenn öllum þeim sem glöddust með þeim þennan dag.

Gullmerki Skógarmanna

Við vígslu Birkiskála voru fimm manns sæmdir gullmerki Skógarmanna fyrir frábært framlag til starfsins í Vatnaskógi. Þetta voru þau Heiðrún Sveinbjörnsdóttir, Hans Gíslason, Ragnar Baldursson, Sigurður Jóhannesson og Albert E. Bergsteinsson.



Sumarstarf

Flokkar sumarsins 2018 voru:

Fl.	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi	
	27.–29. apríl	6–99	2	30	Feðginaflokkur
1	8.–18. júní	10–12	5	24	Gauraflokkur
2	13.–18. júní	9–11	6	102	
3	19.–24. júní	10–12	6	100	
4	25.–30. júní	12–14	6	87	Ævintýraflokkur I
5	2.–7. júlí	9–11	6	99	
6	9.–13. júlí	11–13	5	100	
7	14.–19. júlí	12–14	6	70	Ævintýraflokkur I
8	21.–26. júlí	10–12	6	78	Blandaður flokkur
9	26.–31. ágúst	12–14	6	65	
10	7.–12. ágúst	14–17	6	53	Unglingaflokkur
11	24.–26. ágúst	6–99	2	96	Feðgaflokkur
12	31. ágúst–2. sept.	17–99	2	54	Karlaflokkur

Fjöldi dvalargesta í dvalarflokkum var 778. Fjöldi dvalargesta í feðga- og feðginaflokkum og í karlaflokki var 180 og heildarfjöldi þátttakenda í sumarstarfi Skógarmanna árið 2018 var 958 þátttakendur.

Forstöðumenn:

1. Flokkur: Ásgeir Pétursson og Styrmir Magnússon
 2. Flokkur: Ársæll Aðalbergsson og Pétur Ragnarsson
 3. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson
 4. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson
 5. Flokkur: Ársæll Aðalbergsson og Þór Bínó Friðriksson
 6. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson
 7. Flokkur: Þór Bínó Friðriksson og Ögmundur Ísak Ögmundsson
 8. Flokkur: Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson og Gríma Katrín Ólafsdóttir
 9. Flokkur: Davíð Örn Sveinbjörnsson og Benjamín R. Sveinbjörnsson
 10. Flokkur: Guðmundur Karl Brynjarsson og Þorleifur Einarsson
- Feðgaflokkur: Ársæll Aðalbergsson og Davíð Örn Sveinbjörnsson

Foringjar:

- Ásta Guðrún Guðmundsdóttir (1 flokkur),
Ástráður Sigurðsson (5 flokkar),
Baldur Ólafsson (3 flokkar),
Benjamín Pálsson (6 flokkar),
Benedikt Guðmundsson (2 flokkar),
Bogi Benediktsson (1 flokkur),
Dagur Adam Ólafsson (5 flokkar),
Davíð Guðmundsson (2 flokkar),
Eiríkur Skúli Gústafsson (2 flokkar),
Fannar Hannesson (3 flokkar),
Gunnar Hrafn Sveinsson (7 flokkar),
Hannes Guðrúnarson (1 flokkur),
Hjalti Jól Magnússon (4 flokkar),
Hreinn Pálsson (1 flokkur),
Ísak Henningsson (2 flokkar),
Jól Fjalarsson (2 flokkar),
Jóhanna Elísa Skúladóttir (1 flokkur),
Jón Ómar Gunnarsson (1 flokkur),



Myndir frá víslu Birkiskála II, 27. maí 2018.

Kári Arnarsson (4 flokkar),
 Matthías Guðmundsson (6 flokkar),
 Mirra Kristín Ólafsdóttir (1 flokkur),
 Ólafur Long (1 flokkur),
 Sandra Björk Jónasdóttir (1 flokkur),
 Sigurður Pétursson (1 flokkur),
 Sveinn Elliði Björnsson (1 flokkur),
 Þórdís Hafþórsdóttir (1 flokkur),
 Þráinn Andreusson (5 flokkar),
 Ögmundur Ísak Ögmundsson (1 flokkur).

Í Gauraflokki störfuðu sem sérfræðingar:

Guðrún Ásta Bergsteinsdóttir félagsráðgjafi,
 Pétur Óli Pétursson fylgdarmaður,
 Sigurbjörg Fjölfnisdóttir sálfræðingur,
 Tómas Kristjánsson sálfræðingur,
 Þorsteinn Otti Jónsson meðferðarráðgjafi.

Forstöðumenn flokksins voru félagsráðgjafarnir Styrmir Magnússon og Ásgeir Pétursson sem jafnframt var verkefnastjóri. Auk Gauraflokks komu þeir Ásgeir og Styrmir sem stuðningsfulltrúar í 4. og 7. flokk.

Ráðsmenn og vinnumenn:

Auk þeirra Sigurðar og Þóris, sem áður eru nefndir, komu þau Fannar Hannesson, Ástráður Sigurðsson og Gríma Katrín Ólafsdóttir að viðhaldi og umhirðu staðarins hluta af sumri, einnig fjölmargir sjálfboðaliðar, þar af nokkrir í vikutíma.

Eldhússtjórnun:

Harpa Vilborg Schram (1 flokkur), Hreiðar Örn Stefánsson (2 flokkar), Ingibjörg L. Friðriksdóttir (6 flokkar) og Valborg Rut Geirsdóttir (1 flokkur).

Eldhústarfsfólk:

Anna Laufey Halldórsdóttir (6 flokkar)
 Anna Lovísa Danielsdóttir (1 flokkur)
 Anna Pálsdóttir (1 flokkur)
 Ástráður Sigurðsson (1 flokkur)
 Bára Sigurjónsdóttir (1 flokkur)
 Benjamín Pálsson (1 flokkur)
 Birta Lind Guðmundsdóttir (1 flokkur)
 Fannar Hannesson (3 flokkar)
 Gríma Katrín Ólafsdóttir (1 flokkur)
 Gunnhildur Einarsdóttir (7 flokkar)
 Hjalti Jóel Magnússon (1 flokkur)
 Harpa Vilborg Schram (3 flokkar)
 Oddur Einar Kristinsson (1 flokkur)
 Rebekka Ýr Guðbjörnsdóttir (2 flokkar)
 Sara Lind Sveinsdóttir (5 flokkar)
 Salóme Pálsdóttir (3 flokkar)
 Þórhildur Einarsdóttir (3 flokkar)



Úr feðgaflokki.

Sjálfboðaliðar:

Nokkrir af ofantöldum starfsmönnum voru sjálfboðaliðar, en starfsmenn fyrri ára og fleiri velunnarar Skógarmanna hafa komið og stutt við starfið með sínu vinnuframlagi. Einnig tóku ungmennti þátt í ýmsum verkum eins og t.d. uppvaski og umhirðu staðarins í sjálfboðavinnu. Þá eru ótaldir þeir sjálfboðaliðar sem komið hafa í vinnuflokka og unnið við nýbygginguna, skógrækt og fleira.

Viðburðir í starfi Skógarmanna

Fjölskylduflokkur

Fjölskylduflokkur var í febrúar. Þátttakendur voru 60 manns.

Feðgaflokkur

Í lok sumars var feðgaflokkur í boði fyrir feður og syni. Þátttakendur voru 96 talsins.

Sæludagar

Að venju stóðu Skógarmenn fyrir Sæludögum, vímulausri hátíð fyrir alla fjölskylduna um verslunarmannahelgina. Á hátíðinni var þess minnst að 95 ár eru síðan fyrsti dvalarflokkurinn kom í Vatnaskóg árið 1923. Á milli 800 og 900 manns heimsóttu Vatnaskóg þessa helgi. Markmiðið með dagskrá hátíðarinnar var að höfða til sem flestra aldurshópa. Benjamín Pálsson og Ögmundur Ísak Ögmundsson stýrðu undirbúningi. Fjöldi starfsmanna og sjálfboðaliða sem kom að hátíðinni hljóp á tugum og ljóst er að þessi stærsti árlegi viðburður Skógarmanna hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem valkostur fyrir fjölmarga um verslunarmannahelgina.

Karlaflokkur

Helgina 1. til 3. september var arlaflokkur í Vatnaskógi. Að venju var lögð áhersla á heilbrigði líkama, sálar og anda. Á föstudagskvöldinu fjallaði Benedikt Jóhannesson fyrrverandi ráðherra um hrúðið og afleiðingar þess.

Á laugardegnum var biblíulestur í umsjón Halldórs Elíasar Guðmundssonar. Að loknum biblíulestri var vinnutími í þágu Vatnaskógar. Meðal verkefna má nefna skógrækt, snyrtingu á svæðinu og nýja bekk sem settir voru við íþróttahús. Lokið var við að mála norðurhlíð Gamla skála, unnið í raflögnum, gróðursett, eldiviður sagaður, þrifið, búin til skilti ofl.



Ólafur Sverrisson formaður Skógarmanna.

Á sunnudeginum var haldið í messu í Hallgrímskirkju í Vindáshlíð, en messan var haldin í tengslum við kaffisölu Hlíðarmeyja. Alls tóku 54 karlmenn þátt í Karlaflokki 2018 auk nokkurra gesta sem heimsóttu staðinn þessa daga. Björgvin Hansson, Ólafur Sverrisson og Páll Skaftason sáu um skipulagningu karlaflokks.

Gauraflokkur

Gauraflokkur fyrir drengi sem eru greindir með óvirkni, athyglisbrest eða skyldar raskanir var haldinn í 12. sinn. Í ár voru 24 drengir í flokknum. Að venju voru mun fleiri starfsmenn en í hefðbundnum flokki og dagskráin var í samræmi við þarfir drengjanna.

Leikskólar

Í maí komu fjölmargir leikskólahópar í dagsferð eða til gistingar í eina til tvær nætur og nutu dagskrár sem starfsmenn Skógarmanna skipulögðu og stýrðu. Alls komu 625 leikskólabörn vorið 2018.

Kynningarstarf

Sameiginlegt blað sumarbúða KFUM og KFUK var gefið út í tengslum við fyrsta skráningardag sem var þann 1. mars 2018.

Stínusjóður

Skógarmenn starfrækja Stínusjóð til minningar um Kristínu Guðmundsdóttur ráðskonu í Vatnaskógi til áratuga. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styðja við börn sem ekki hafa tök á að fara í Vatnaskóg vegna fjárhagsaðstæðna heima fyrir. Framlög í sjóðinn hafa í flestum tilvikum komið frá einstaklingum og er það mikið þakkarefni. Í ár fengu tíu börn dvöl í Vatnaskógi að gjöf fyrir tilstilli sjóðsins.

Þakkargjörðarhátíð

Í lok starfsársins 2018, þann 23. nóvember, var starfsfólki ársins boðið í kvöldverð og dagskrá í Vatnaskóg þar sem því var þakkað fyrir vinnuframlag sitt.



Vaskir menn í karlaflokki.

Fermingarnámskeið og skálaleiga

Fermingarnámskeið

Um haustið og veturinn komu hópar tilvonandi fermingabarna á fermingarnámskeið.

Námskeiðin voru allt frá einum degi upp í fimm daga. Námskeiðin voru í umsjón Skógarmanna, en prestar og/eða starfsmenn sóknanna aðstoðuðu við dagskrá og fræðslu.

Árið 2018 komu samtals 2296 unglingar á 36 námskeið.

Forstöðufólk á námskeiðum haustsins voru Ársæll Aðalbergsson, sem einnig sá um undirbúning og skipulag, Tinna Dögg Birgisdóttir, Magnús Magnússon, Sigurður Grétar Sigurðsson, Þór Bínó Friðriksson og Ögmundur Ísak Ögmundsson.

Fastir starfsmenn á fermingarnámskeiðunum voru Ástráður Sigurðsson, Dagur Adam Ólafsson, Hannes Guðrúnarson, Mirra Kristín Ólafsdóttir, Rebekka Ýr Guðbjörnsdóttir og Práinn Andreusson.

Starfsmenn í eldhúsi á fermingarnámskeiðunum voru Jón Grétar Þórsson, Ragnheiður Guðmundsdóttir og Valborg Rut Geirsdóttir.

Skálaleiga

Hluti af starfi Skógarmanna er móttaka hópa í Vatnaskógi.

Hópar sem komu árið 2018:

Skólar af höfuðborgarsvæðinu: Nokkrir skólar komu og tóku þátt í dagskrá sem var í umsjá starfsmanna Vatnaskógar.

KFUM og KFUK: Landsmót æskulýðsstarfsins (Friðriksmót).

Miðnæturíþróttamót, leiðtoganámskeið og vorferð yngri deilda starfsins.

Viðburðir á vegum safnaða Þjóðkirkjunnar: Febrúarmót ÆSKR, TTT-mót ÆSKR og fleiri hópar úr safnaðarstarfi kirkjunnar.

Kristileg skólasamtök: Vor- og haustskólarmót.

Aðrir hópar: Landsbjörg ungmennamót, Hjálpræðisherinn ofl.

Í lok árssins var unnið að því að fjölga hópum, bæta nýtingu staðarins og er þá sérstaklega horft á vormánuði og var Hannes Guðrúnarson fenginn til vinna að þessum þætti.



Myndir frá Sæludögum um Verslunarmannahelgina 2018.

Fjáröflun – styrkir

Kaffisala og tónleikar

Kaffisala til styrktar Skálasjóði var haldin Sumardaginn fyrsta. Fjölmargir komu og studdu við framkvæmdir við Birkiskála II, ýmist með því að gefa veitingar á kaffisöluna eða með því að greiða fyrir aðgang að kaffihlaðborðinu. Um kvöldið voru haldnir styrktartónleikar fyrir Skálasjóð. Fram kom söngkonan Jóhanna Elísa Skúladóttir og Karlaþór KFUM.

Línuhappdrætti Skógarmanna

Á Sæludögum um verslunarmannahelgina hófst sala á „línun“ í línuhappdrætti Skógarmanna til stuðnings Skálasjóði eins og tíðkast hefur undanfarin ár. Sölulok og útdráttur vinninga fór fram í karlaflokki, en þá höfðu allar 500 línurnar sem í boði voru verið seldar.

Herrakvöld KFUM

Herrakvöld aðaldeildar KFUM var haldið 1. nóvember. Meðal þeirra sem komu fram var auglýsingamaðurinn og fyrrum foringi í Vatnaskógi, Örn Úlfar Sævarsson. Allur ágóði rann í Skálasjóð Vatnaskógar. Við þetta tilefni var kerfishönnuðum Birkiskála færður þakklætisvottur en þeir gáfu allir vinnu sína við húsið. Þeir eru Sveinn Valdimarsson, Jóhann Tómas Egilsson og Fjölur Guðmundsson.

Stuðningur/styrkir:

Vegna framkvæmda við Birkiskála:

- Kirkjuráð
- Nokkrir söfnuðir Þjóðkirkjunnar
- Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar
- Bakland Vatnaskógar - fyrirtæki lögðu verkefninu lið
- Gjafir einstaklinga með mánaðarlegum framlögum.

Gjafir vegna sumarbúða með sérparfir:

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Velferðarráðuneytið
- Forvarnasjóður Embættis Landlæknis
- Landsbanki Íslands

Gjafir vegna Stínusjóðs:

- Gjafir velunnara

Eignarhaldsmál

Enn er unnið að því að fá eignarhaldsmál Vatnaskógar á hreint. Fyrir hönd stjórnarinnar hefur Davíð Örn Sveinbjörnsson lögfræðingur leitt þá vinnu og er stjórn Skógarmanna vongóð um að málin skýrist og fari í farsælan farveg.

Annað

- Skógarmenn sömdu við Veiðifélagið Sporðablik um einkarétt á veiði í sunnanverðu Eyrarvatni vegna ársins 2018.
- Framkvæmdastjóri Skógarmanna tók þátt í alþjóðlegri ráðstefnu sumarbúða sem KFUM og KFUK í Bandaríkjunum hélt og kynnti sér rekstur sumarbúðanna YMCA of the Rockies, Estes Park í Colorado.
- Ný perónuverndarlöggjöf tók gildi sl. sumar og þurfa því öll fyrirtæki og stofnanir að huga að vinnslu persónuupplýsinga í sinni starfsemi. Stjórn Skógarmanna er byrjuð að skoða þessi mál og á fulltrúa í persónuverndarhópi KFUM og K.

Lokaorð

Starfsárið 2018 var viðburðarríkt í Vatnaskógi. Óhætt er að segja að starfið hafi gengið vel og áþreifanleg er Guðs blessun yfir öllu starfinu. Mjög ánægjulegt hefur verið að sjá fjölda þátttakenda í sumarstarfinu aukast milli ára enn eitt árið. Þar hafa margir án efa átt uppbyggilegar gleðistundir í Skóginum góða sem mörgum er svo kær. Það var líka mikil gleðistund er Skógarmenn vígðu Birkiskála II þann 27. maí síðastliðinn að viðstöddu fjölmenni. Þar er öll aðstaða hin besta og dvalargestir njóta þeirra þæginda og öryggis sem húsið hefur upp á að bjóða. Frágangur utanhúss vekur líka mikla athygli þar sem tré úr Vatnaskógi eru nýtt sem bekkir á nýju torgi fyrir framan Birkiskála. Frágangi fyrir sunnan húsið er ólokið og stefnan er að ljúka við þann hluta fljótlega.

Eftir verklok við Birkiskála II verður sjónum beint að kostnaðarsömum viðhaldsframkvæmdum við eldri hús staðarins og er horft fyrst til Matskálans og nú þegar er hafin hugmyndavinna um endurbætur á húsinu. Einnig er unnið að því að auka nýtingu staðarins á ársgrundvelli og eflingu sumarstarfsins.

Stjórn Vatnaskógar er afar þakklát fyrir stuðning, gjafir og styrki sem einstaklingar, félög og opinberir aðilar hafa veitt starfinu, einnig vinnu frábærra starfsmanna og sjálfboðaliða fyrir starfið í Vatnaskógi. Án alls þessa væri ómögulegt að taka á móti þeim þúsundum einstaklingum sem um staðinn fara á hverju ári. Það verður seint hægt að sýna öllum þeim sem taka þátt í starfi Vatnaskógar verðskuldað þakklæti en það er þó ávallt ofarlega í huga stjórnarfélags. Sérstaklega þökkum við þeim sem biðja fyrir Vatnaskógi og starfinu þar. Það er ekki að ástæðulausu að vernd og blessun Guðs hefur verið yfir starfinu frá upphafi. Höldum áfram með bæn og trú að vopni. Skógarmenn! Áfram að markinu!

12. Hólavatn

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Hólavatns var haldinn 5. mars 2018.

Stjórn Hólavatns á starfsárinu skipuðu:

Jón Ómar Gunnarsson, formaður
Jóhann Þorsteinsson, gjaldkeri
Herdís Helgadóttir, ritari
Arnar Yngvason, meðstjórnandi
Þórður Danielsson, meðstjórnandi
Pétur Ragnhildarson, varamaður
Bára Dís Sigmarsdóttir, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru:

Gísli Örn Bjarnhéðinsson
Þorsteinn Arnórsson

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 6 og fóru 4 fram í félagsheimilinu í Sunnuhlíð, einn í Rimasíðu 2 og einn í Oddeyrargötu 12. Auk þess sótti formaður 3 sameiginlega formannafundi sumarbúðanna í Reykjavík. Verkefni stjórnar snesru aðallega að undirbúningi og skipulagi sumarstarfsins. Nokkur fyrirhöfn var að finna starfsfólk fyrir sumarið og þá sérstaklega í stöðu matræðs.

Starfsmenn:

Forstaða: Helga Vilborg Sigurjónsdóttir, Jóhann Þorsteinsson, Pétur Ragnhildarson, Stefanía Steinsdóttir
Ráðskonur: Anna Elísa Hreiðarsdóttir, Arna Gerður Ingvarsdóttir, Eydís Ösp Eypórsdóttir, Póllý Rósa Brynjólfssdóttir
Foringjar: Bára Dís Sigmarsdóttir, Birna Guðrún Baldursdóttir, Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Herdís Helgadóttir, Ída Hlín Steinþórsdóttir, Jón Páll Norðfjörð, Ríkhartur Esterarson og Þórður Danielsson.
Aðstoðarforingjar: Elísabet Eik Jóhannsdóttir, Margrét Helga Kristjánsdóttir og Þóra Kolbrún Jóhannsdóttir
Ráðsmaður: Ingimar Baddi Ingimarsson Eydal

Sumarstarf á Hólavatni 2018

Flokkar sumarsins 2018 voru:

Flokkur	Aldur	Tímabil	Fjöldi
1. Frumkvöðlaflokkur	7-9 ára	7.-9.júní	26
2. Flokkur - KVK	8-11 ára	11.-15.júní	26
3. Flokkur - KVK	8-11 ára	18.-22.júní	33
4. Flokkur - KK	8-11 ára	25.-29.júní	30
5. Ævintýraflokkur KK	11-14 ára	2.-7.júlí	15
6. Ævintýraflokkur KVK	11-14 ára	9.-13.júlí	33
7. Listaflokkur KVK	9-12 ára	16.-20.júlí	25
8. Meistaraflokkur	13-16 ára	23.-27.júlí	23
		Samtals:	211



Á árinu 2018 var suðurhlíð gamla hússins endurnýjuð, skorsteinninn klæddur upp á nýtt og sett ný rennihurð sem jafnframt er flóttaleið úr salnum.



Yfirlit starfs

Sumarið 2018 var boðið upp á átta dvalarflokka. Aðsókn var nokkru minni en árið á undan og munaði þar mest um minnkandi aðsókn í eldri strákaflokkinn, en aðeins 15 drengir voru í þeim flokki. Það er mikið þakkarefni að vel tókst að fá starfsfólk í alla flokka sumarsins og sérstaklega var ánægjulegt að nokkrir af foringjum sumarsins hafa tekið virkan þátt í starfi félagsins á Norðurlandi um nokkurra ára skeið og eru því ávöxtur af þeirri leiðtogauppbyggingu sem unnið hefur verið að með markvissum hætti síðastliðinn áratug. Heilt yfir má segja að sumarið hafi gengið vel, börnin ánægð og engin slys. Við sem störfum í stjórn Hólavatns sjáum svo vel hve mikils virði það er þegar hæfileikaríkt ungt fólk gefur kost á sér til sumarstarfa á Hólavatni og erum við öllu þessu góða fólki þakklát fyrir þeirra störf fyrir Hólavatn.

Árleg kaffisala

Árleg kaffisala sumarþúðanna Hólavatni fór fram sunnudaginn 19. ágúst kl. 14.30–17.00. Fjöldmargt var í boði fyrir alla fjölskylduna, útileiktæki, bátar o.fl. Ánægjulegur dagur fyrir alla vini og velunnara Hólavatns og mikilvægur þáttur í fjáröflun fyrir staðinn því tekjur af kaffisöluinni námu um 446 þúsund krónum.

Aðrir liðir í starfi Hólavatns

Fermingarnámskeið

Í ágúst var boðið upp á tvö fermingarnámskeið, en tveir hópar komu frá Glerárkirkju. Starfsmenn á námskeiðunum voru Pétur Ragnhildarson og Íris Andrésdóttir. Auk þess voru frá Glerárkirkju prestar kirkjunnar, þeir sr. Gunnlaugur Garðarsson og sr. Stefánía Steinsdóttir og djákni Glerárkirkju, Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir. Mikil ánægja er með þessum námskeiðum og standa vonir til að hægt verði að bjóða fleiri söfnuðum á Eyjafjarðarsvæðinu að koma með hópa í framtíðinni.

Framkvæmdir

Helstu framkvæmdir á starfsárinu voru að suðurhlíð gamla hússins var endurnýjuð og sett í ný rennihurð sem jafnframt er flóttaleið úr salnum. Þá var hellulagt í kringum nýbyggingu og komu til þess verks sjálfboðaliðar úr hópi sem hefur fengið staðinn til afnota um helgar tvisvar á ári og vildu þeir leggja sitt af mörkum fyrir starfið.

Gjafir og styrkir

Gjafir og styrkir til starfsins voru talsvert lægri en árin á undan og er ekki alveg ljóst hverju það sætir. Við erum þó þakklát þeim vinum og velunnurum sem hafa gefið til starfsins og munar um hverja gjöf.

Lokaorð

Í Orðskviðunum, 22. kafla 6. versu, segir:

Fræð hinn unga um veginn sem hann á að halda og á gamals aldri mun hann ekki af honum víkja.

Á Hólavatni fá börn ekki aðeins tækifæri til að eignast nýja vini og skapa góðar minningar, heldur einnig að kynnast Jesú Kristi. Markmið starfsins er að vekja trú á Krist og kalla til þjónustu í ríki hans, efla trúarlíf og siðferðiskennd og hlúa að andlegri, líkamlegri og félagslegri velferð hvers einstaklings. Í sumarþúðunum gefst einstakt tækifæri til að segja börnum og unglingum frá Jesú og sýna kærleika hans í verki með því að mæta öllum með kærleika og án mismununar. Við biðjum þess að Drottinn leiði allt starf á Hólavatni, því að hans áætlun er ætíð sú besta.



13. Ölver

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur

Aðalfundur Ölvers var haldinn miðvikudaginn 7. mars 2018 að Holtavegi 28, Reykjavík. Á fundinum fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf og sátu 21 manns fundinn. Fundarstjóri var Anna Guðný Hallgrímsdóttir og fundarritari Hjördis Rós Jónsdóttir. Endurskoðaðir reikningar og ársskýrsla voru lögð fram til umræðu og afgreiðslu. Fjárhags- og starfsáætlun var kynnt af Ernu Björk Harðardóttur gjaldkera. Í kjörstjórn sátu þær Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir og Sandra Björk Jónasdóttir. Kosið var um tvo í aðalstjórn og tvo í varastjórn. Fráfarandi stjórnarmeðlimum var þakkað fyrir vel unnin störf og voru þeir leystir út með gjöfum. Þá var kjörinn skoðunarmaður reikninga.

Stjórnarfundir á starfsárinu voru sjö. Þeir voru haldnir þann 9. apríl 2018, 14. ágúst 2018, 11. september 2018, 18. október 2018, 13. desember 2018, 10. janúar 2019 og 5. febrúar 2019.

Stjórn

Stjórn Ölvers á starfsárinu 2018-2019 var þannig skipuð:

Erla Björg Káradóttir, formaður.

Aníta Eir Einarsdóttir, ritari.

Erna Björk Harðardóttir, gjaldkeri.

Hrafnhildur Garðarsdóttir, stjórnarmaður.

Þóra Björg Sigurðardóttir stjórnarmaður.

Alla Rún Rúnarsdóttir, varamaður.

Kristín Hákonardóttir, varamaður.

Skoðunarmenn reikninga starfsárið 2018-2019 voru Ásta Sólilja Sigurbjörnsdóttir og Drífa Kristín Sigurðardóttir.

Helstu verkefni stjórnar

Stjórnin sá um skipulagningu sumarstarfsins. Í því fólst meðal annars að undirbúa staðinn og kaupa aðföng, setja saman flokkaskrá, ráða starfsfólk, setja upp vinnuskipulag og margt fleira.

Miklar framkvæmdir voru gerðar á húsinu á starfsárinu eins og starfsárið á undan og krafðist það mikillar samheldni og vinnu af hálfu stjórnar. Búið er að endurnýja þrjú svefnherbergi í húsinu, laga ræstiaðstöðu og snyrtingu starfsfólks á neðri hæð. Einnig var gólf á neðri hæð flotað að hluta og skipt um gólfdukk. Stjórnin réð Jón Jóhannsson smíð og Láru Dröfn Gunnarsdóttur arkitekt til verksins ásamt fjöldann allan af verktökum. Framkvæmdirnar klárðust að mestu á síðast starfsári, en síðasti hluti framkvæmdanna var Ræstiver og kláraðist það á þessu starfsári. Ræstiveri var skipt í tvennt með rennihurð. Í innra rýminu var gerð snyrting með salerni, vaski og sturtu fyrir starfsfólk. Í fremra rýminu var síðan gerð ræstiaðstaða. Rangur vatnshalli var á herberginu og gólf of hátt þannig að það var brotið burt og fjarlægt að öllu. Plata einangruð samkvæmt reglugerð, járnabundin og steipt að nýju og flotuð með réttum vatnshalla og réttum gólfkvóta. Endurnýja þurfti timburverk fremst í Ræstiveri vegna fúa. Settur var nýr gluggi, og við smíði hans var tækifærið notað til að stækka opnanlega fagið. Gert var við burð í lofti og einnig tengingu við rakasperru á efri hæð. Við þessar framkvæmdir var tækifærið notað og lagnir endurnýjaðar inn í eldhús, og eins voru nýjar lagnir lagðar í ræstivask, sturtu, klósett og vask. Einnig voru lagðar nýjar lagnir í snyrtingu á efri hæð. Rafmagn var hannað og endurnýjað í rýminu miðað

við breytta notkun þess og rafmagnstafla var endurnýjuð. Einnig voru allar dýnur í Skógarverri, Lindarverri og Hlíðarverri endurnýjaðar. Á döfinni er endurnýjun á glugganum í eldhúsinu og einnig viðgerð á útvegi í Ræstiveri.

Sumarstarf

Flokkar

Það voru samtals 411 börn sem dvöldu í Ölveri sumarið 2018. Fjölbreytni var í flokkaskránni til að stuðla að því að allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Þjakkaflokkurinn var á sínum stað eins og síðustu ár og gekk mjög vel. Fókusflokkur var haldinn í þriðja skiptið og var hann vel sóttur. Í Fókusflokki er lögð áhersla á sjálfsefningu, sjálfstraust og góð samskipti. Áætlað var að hafa kvennaflokk í september, en því miður þurfti að leggja hann niður vegna ónægðrar skráningar.

Flokkur	Tímabil	Aldursbil	Fjöldi	Nýting
1. Þjakkaflokkur	7.–10. júní	6-9 ára	23 af 30	77%
2. Ævintýraflokkur	12.–18. júní	10-12 ára	46 af 46	100%
3. Listaflokkur	19.–24. júní	9–12 ára	46 af 46	100%
4. Leikjaflokkur	25. – 29. júní	8–10 ára	46 af 46	100%
5. Ævintýraflokkur	2. – 8. júlí	10–12 ára	46 af 46	100%
6. Leikjaflokkur	9. – 13. júlí	8–10 ára	46 af 46	100%
7. Unglingaflokkur	16. – 22. júlí	13–15 ára	43 af 46	94%
8. Fókusflokkur	24. – 29. júlí	10–12 ára	46 af 46	100%
9. Krílaflokkur	30. júlí – 2. ágúst	6–8 ára	23 af 30	77%
10. Ævintýraflokkur	7. – 12. ágúst	10–12 ára	46 af 46	100%

Starfsfólk

Starfsfólk Ölvers vann frábært starf í sumar, líkt og önnur sumar. Það er lán Ölvers að hafa fengið til liðs við sig framúrskarandi starfsfólk, sem sá til þess að dvöl barnanna varð skemmtileg, lærdómsrík og eftirminnleg.

Forstöðukonur og forstöðumenn sumarsins voru Guðni Már Harðarson, Alla Rún Rúnarsdóttir, Jóhanna Elísa Skúladóttir, Hjördís Rós Jónsdóttir, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Ólóf Dómhildur Jóhannsdóttir, Erla Björg Káradóttir, Kristín Hákonardóttir og Erna Björk Harðardóttir.



Miklar framkvæmdir voru í Ölveri vorið 2018, þegar herbergi og gangur á neðri hæð hússins voru endurnýjuð.



Ráðskonur voru Huguína Helgadóttir, Erla Björg Káradóttir, Aðalheiður M. Steindórsdóttir, Kristín Hákonardóttir, Þóra Björg Sigurðardóttir og Aníta Eir Einarssdóttir.

Bakarar voru Anna Pálsdóttir, Kristín Gunnlaugsdóttir, Þórhildur Einarssdóttir, Huguína Helgadóttir, Jóhanna Elísa Skúladóttir, Aníta Eir Einarssdóttir, Irena Rut Jónsdóttir og Agnes Þorkelsdóttir.

Foringjar voru Sara Líf Sylvíudóttir, Viktoría Ásgeirsdóttir, Mirra Kristín Ólafsdóttir, Anna Pálsdóttir, Gríma Katrín Ólafsdóttir, Sandra Björk Jónasdóttir, Huguína Helgadóttir, Erla Björg Káradóttir, Þórhildur Einarssdóttir, Jóhanna Elísa Skúladóttir, Hrafnhildur Emma Björnsdóttir, Unnur Eir Guðbjörnsdóttir, Messíana Halla Kristinsdóttir, Rósa Jóhannsdóttir, Krístrún Guðnadóttir, Fanney Rún Ágústssdóttir, Þráinn Haraldsson, Þorsteinn Arnórsson, Einar Helgi Ragnarsson og Davíð Sveinbjörnsson.

Sjálfboðaliðar voru Sólrún Dögg Jósefsdóttir, Anna Birna Kjartansdóttir, Þórdís Katla Sverrisdóttir, Ísabella Ýr Héðinsdóttir, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Sólveig Rún Rúnarsdóttir, Kolfinna Dröfn, Ása Hrönn Magnúsdóttir, Theodóra Sveinbjörnsdóttir, Rebekka Rán Guðnadóttir, Matthildur María Jónsdóttir, Krístrún Guðmundsdóttir, Eva Sigurðardóttir, Sara Elísabet Guðmundsdóttir, Marta Karítas Ingibjartsdóttir, Esja Sigurðardóttir og Sigrún Þorsteinsdóttir.



Ýmsir viðburðir í starfi Ölvers

Þakkargjörðarhátíð

Var haldin í Ölveri föstudaginn 14. september 2018. Alla Rún Rúnarsdóttir hélt utan um þakkargjörðina þar sem starfsfólki sumarsins var boðið upp í Ölver í kvöldverð og huggulegheit. Nokkrar starfsstúlkur nýttu tækifærið og gistu eina nótt og skemmtu sér vel yfir spilum, leikjum og góðu spjalli.

Kaffisala

Einstaklega góð mæting var á kaffisöluna í ár, en um 300 manns mættu á kaffisöluna 19. ágúst 2018 sem er metaðsókn. Erla Björg Káradóttir sá um kaffisöluna með dyggri aðstoð frá Anítu Eir Einarsdóttur, Öllu Rún Rúnarsdóttur, Hrafnhildi Garðarsdóttur, Ernu Björk Harðardóttur, Irenu Rut Jónsdóttur og Kristbjörgu Heiðrúnu Harðardóttur.

Vetrarleiga

Fyrri hluta starfsársins var staðurinn að mestu lokaður fyrir útleigu vegna framkvæmdanna. Einhverjar útleigur voru þó þrátt fyrir framkvæmdir og var þá reynt að hafa staðinn eins huggulegan og hægt var miðað við aðstæður. Eins og undanfarin ár fengum við leikskólahópa í maí í heimsókn og frá Hjallastefnuskóla og síðan voru nokkrar útleigur um haustið. Þurður Þórðardóttir annaðist umsjón vetrarleigunnar eins og fyrri ár og á hún okkar dýpsta þakklæti fyrir ómetanlegt starf og umhyggju fyrir staðnum.

Fjáröflun, gjafir og styrkir

Hlaupið fyrir Sveinusjóð

Eins og undanfarin ár vorum við svo lánsöm að nokkrir hlauparar hlupu í Reykjavíkummaraboninu til styrktar Sveinusjóðs. Markmið sjóðsins er að safna fyrir nýjum leikskála við Ölver.

Brúsar og handklæðasett

Við vorum með þá nýjung í fjáröflun á þessu ári að selja handklæðasett og vatnsbrúsa. Salan á vörum hefur gengið vonum framár.

Sem hluti af fjölbreyttri fjáröflun býður Ölver vönduð handklæðasett til sölu.



Sörubakstur

Þetta árið var sörubaksturinn þann 16. nóvember heima hjá Erlu Björgu Káradóttur. Söurnar seldust upp eins og undanfarin ár. Hópur af velunnurum og starfsfólki sumarsins lagði sitt af mörkum og hjálpaði til við þetta stóra verkefni. Eins og undanfarin ár hefur hráefnið í söurnar verið gjöf frá Einarsbúð á Akranesi og erum við þeim ótrúlega þakklát.

Gjafir

Allnokkrir velunnarar gefa Ölveri fastar peningagjafir mánaðarlega, áætlun næsta starfsárs er að fá fleiri velunnara til að gera slíkt hið sama.

Styrkir

Ölver fékk styrk frá Byko sem var milljón króna úttekt í versluninni. Einnig fékk Ölver styrk frá Valitor upp á 800.000 kr.

Lokaorð

Stjórn Ölvers þakkar þeim fjölmörgu sem lagt hafa starfinu lið með einum eða öðrum hætti. Fúsar hendur, fyrirbæn og fjárhagslegur stuðningur er ómetanlegur. Öflugt bakland sjálfbodaliða er nauðsynlegt fyrir starfið og fyrir það ber að þakka.



14. Kaldársel

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur var haldinn 28. febrúar 2018 í Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Fundarstjóri var Guðmundur Jóhannsson og fundarritari var Gísli Davíð Karlsson. Kjörnefnd skipuðu Gísli Davíð Karlsson og Sveinn Valdimarsson.

Stjórn Kaldársels og aðrir kosnir fulltrúar

Stjórn Kaldársels á starfsárinu skipuðu:

- Arnór Heiðarsson, gjaldkeri og tengiliður við Vinasetrið
- Ástríður Jónsdóttir, meðstjórnandi
- Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson, ritari og fulltrúi æskulýðs-, fræðslu- og boðunarmála
- Berglind Hönnudóttir, formaður og ráðningarfulltrúi
- Jóna Þórdís Eggertsdóttir, kynningar- og ráðningarfulltrúi

Edda Hlíf Hlífarsdóttir, varamaður og meðtengiliður við Vinasetrið
Jónína Ólafsdóttir, varamaður

Á árinu voru haldnir 7 stjórnarfundir, en milli funda átti stjórnin í virkum samskiptum í gegnum facebookhóp stjórnar.

Skoðunarmenn reikninga voru kosin þau Elín Elíasdóttir og Guðmundur Jóhannsson.

Helstu verkefni stjórnar

Meðal þeirra verkefna sem stjórnin sinnti á starfsárinu eru:

Undirbúningur sumarstarfs: Undirbúningur sumarstarfsins hófst með góðu auglýsingaáttaki sem skilaði sér í frábærri skráningu. Keyptar voru auglýsingar í Fjarðapóst, Garðapóst og Kópavogsblaðið sem og „sponsoraðar“ auglýsingar á facebook. Loks var sérstakur auglýsingabæklingur borinn út í Hafnarfirði undir lok apríl, og var hann að hluta til borinn út af stjórnarmeðlimum, og að hluta sendur út með póstinum.

Að öðru leyti átti hefðbundinn undirbúningur sér stað að venju svo sem ráðningar, starfsmannapjálfun, undirbúningur dagskrár, regluleg innkaup, almennt viðhald staðarins og bakvakt fyrir alla flokka.

Samskipti við Hafnarfjarðarbæ: Líkt og undanfarin ár greiddi Hafnarfjarðarbær laun þriggja starfsmanna í sex vikur í sumarstarfi Kaldársels sem er mikil blessun fyrir starfið. Í haust var líka klárað að loka veginum að Kaldárseli frá Kaldárselshellunum þar sem nýtt bílastæði hafði verið útbúið. Frá þeim stað er vegurinn núna orðinn að þjónustuvegi fyrir Kaldársel en lyklabox er á staðnum til að opna keðjuna sem lokar þjónustuveginum. Loks voru teikningar að fyrirhuguðum framkvæmdum í Kaldárseli samþykktar af Hafnarfjarðarbæ, en meira verður fjallað um þær síðar.

Samskipti við starfsmenn: Stjórn Kaldársels tók alla starfsmenn sumarsins í starfsmannaviðtal fyrir sumarið. Þá var haldið sérstakt

starfsmannanámskeið í Kaldárseli þar sem farið var yfir allt sem skiptir mestu máli fyrir sumarstarfið, t.d. samskipti, útvíst, eftirlit og hlutverk foringja. Haldin var uppskeruhátíð eftir sumarið þar sem starfsfólki var boðið í mat og leiki og auk þess sem starfsfólki var gefið tækifæri til að koma með athugasemdir og ábendingar fyrir starfið í Kaldárseli. Er það mat stjórnar Kaldársels að öflugur starfsmannakjarni sé að myndast sem við erum gríðarlega þakklát fyrir og vonandi næst að halda vel í hann.

Eftirfylgni með starfsemi Vínasetursins: Stjórn Kaldársels skipaði stjórn Vínasetursins sem samanstóð af Arnóri Heiðarssyni, formanni stjórnar, Ástríði Jónsdóttur, Helga Gíslasyni og Puriði Björg Wiium Árnadóttur sem varamann. Framkvæmdastjóri Vínasetursins, Guðrún, og stjórn Vínasetursins hefur haldið utan um starfsemina og stjórn Kaldársels hefur fengið reglulegar fréttir af stöðu starfsins þar.

Starfsmenn: Eftir sumarið var auglýst eftir ráðsmanni fyrir Kaldársel í 10-15% hlutastarf, en ákveðið var að fresta þeirri ráðningu vegna lakari fjárhags en gert hafði verið ráð fyrir þegar staðan var auglýst. Því var enginn fastur starfsmaður að vinnu hjá Kaldárseli.

Starfsemi – sumarstarf

Flokkar sumarsins 2018:

Flokkur	Tímasetning	Tegund flokks	Aldursbil	Fjöldi
1	11.-15. júní	Leikjanámskeið	6-9 ára	42
2	18.-22. júní	Leikjanámskeið	6-9 ára	40
3	25.-29. júní	Dvalarflokkur	8-11 ára	41
4	2.-6. júlí	Leikjanámskeið	6-9 ára	41
5	9.-13. júlí	Leikjanámskeið	6-9 ára	40
6	7.-10. ágúst	Leikjanámskeið	6-9 ára	40
7	13.-17. ágúst	Leikjanámskeið	6-9 ára	42
			Samtals	286

Þær breytingar voru gerðar á flokkaskránni milli ára að Stelpur í stuði-flokkurinn fluttist til Vindáshlíðar og í staðinn var boðið upp á leikjanámskeið í Kaldárseli. Þetta gaf 20 fleiri pláss yfir sumarið og var ánægjulegt að sjá fulla nýtingu.

Tölfræði þátttöku

Heildarnýting: Allir flokkar sumarsins voru fyrir öll kyn. Þátttakendur voru samtals 286 í sumarstarfinu árið 2018 sem er 102,1% nýting á þeim plássum sem auglýst voru.

Búseta þátttakenda: Það er greinilegt að samstarf og auglýsingaáttak í Hafnarfirðinum er að skila sér vel en 54,5% þátttakenda var úr Hafnarfirði en Reykvikingar nýttu síðan 19,6% plássanna, Kópavogsbúar nýttu 14,3% plássanna og Garðbæingar 7,0%. Önnur sveitafélög og börn búsett erlendis nýttu síðan þau 4,6% plássanna sem eftir sitja.

Endurkoma: Það var ánægjulegt að sjá marga koma aftur sem verið höfðu sumarið á undan og sumir komu tvisvar sama sumar. Alls voru 86 börn sem höfðu dvalið áður í Kaldárseli sem komu aftur og nýttu þau samtals 101 pláss eða 35,3%. Einnig voru 19 börn sem komu oft en einu sinni í flokk yfir sumarið og nýttu samtals 42 pláss þetta sumarið (þar af 14 sem höfðu komið í Kaldársel á fyrri árum). Þetta þýðir jafnframt að 177 börn voru að koma í fyrsta sinn á leikjanámskeið eða í dvalarflokk í Kaldárseli.



Starfsmenn

Við erum gríðarlega þakklát fyrir allt það starfsfólk sem hefur verið tilbúið að starfa fyrir okkur síðastliðin sumur enda gegna þau lykilhlutverki í upplifun barnanna af starfinu. Sumarið 2018 störfuðu eftirtaldir starfsmenn á leikjánaðmskeiðum og dvalarflokki Kaldársels í sumar:

Starfsmaður	Hlutverk	Fjöldi flokka
Aldis Freyja Kristjánsdóttir	Sjálfboðaliði	2
Ása Hrönn Magnúsdóttir	Foringi	1
Ásta Eyrún Andrésdóttir	Foringi	2
Berglind Hönnudóttir	Forstaða, foringi	3
Brynja Björk Guðmundsdóttir	Foringi	1
Guðni Nathan Gunnarsson	Foringi	6
Guðrún Ósk Gunnarsdóttir	Ráðskona	5
Hrafnhildur Emma Björnsdóttir	Foringi	3
Ísak Henningsson	Foringi	1
Jóna Þórdís Eggertsdóttir	Forstaða, foringi	7
Lena Inaba Árnadóttir	Foringi	5
Lilja Maren Elíasdóttir	Foringi	1
Monika Jónsdóttir	Ráðskona, foringi	2,5
Nanna Amelía Baldursdóttir	Foringi	1
Pétur Ragnhildarson	Forstaða	3
Sigríður Stella Gunnarsdóttir	Foringi	6
Sveinn Elliði Björnsson	Foringi	6
Tamara Akinyi	Sjálfboðaliði	1
Porgrímur Guðni Bjarnason	Foringi	1
Práinn Andreusson	Foringi	1

Þar að auki keypti Bjarkey Heiðarsdóttir inn mat fyrir sumarstarfið.

Annað

Af öðru má nefna að búningakostur Kaldársels var tekinn í gegn og efldur af starfsfólki sumarsins og ber þeim þakki fyrir það. Loks má nefna þá skemmtilegu nýjung í starfi Kaldársels að Guðni Nathan Gunnarsson gerði stutt myndbönd með ýmsum myndbrotum úr flokkum sumarsins sem dvalargestir hafa án efa haft gaman af og fær Guðni Nathan sérstakar þakki fyrir það.

Viðburðir

Vorhátíð Kaldársels var haldin sunnudaginn 6. maí 2018 og tókst vel til. Boðið var upp á pylsur og safa, andlitsmálningu og leik í hoppuköstulum inni í íþróttasal. Gestir fengu þarna tækifæri til að kynna staðnum og var góð þátttaka á vorhátíðinni. Skipulagning var í höndum stjórnar og tóku makar og sumarstarfsfólk einnig þátt í undirbúningi og framkvæmd.

Í lok apríl og byrjun maí fór stjórnin fyrir kynningarátaki fyrir Kaldársel í Hafnarfirði. Sérstakur bæklingur var gerður fyrir 6-9 ára börn og gekk stjórnarfolk með bæklinginn í hús að hluta, en einnig var þó nokkuð magn af bæklingnum sendur með pósti.

Þann 31. janúar 2019 fór fram starfsmannahátíð Kaldársels. Hátíðin var haldin í Kaldárseli til að þakka starfsmönnum sérstaklega fyrir frábært sumar. Skipulagning og umsjón var í höndum stjórnar.

Framkvæmdir og starfsaðstaða

Framkvæmdir

Stærsta framkvæmd ársins var sú að hurðin við pallinn var tekin í gegn ásamt nærliggjandi svæði á þeirri hlið hússins. Einnig var skipt um glugga í búrinu.

Síðan var stefnt að endurinnréttingu á Fjallaseli, fatahenginu þar fyrir utan, og geymslunni innan af íþróttahúsinu yfir í nokkur smærri herbergi sem myndu gefa 25-30 ný svefnpláss í stað þeirra 20 sem fyrir voru. Teikningar að endurinnréttingunni voru fengnar og samþykktar af Hafnarfirði. Því miður reyndist kostnaður of mikill til að hefja verkið núna, en í ljósi þess að teikningar eru til staðar sem hafa verið samþykktar af Hafnarfjarðarbæ þá ætti að vera hægt að ganga til verks þegar nægilegir fjármunir verða til staðar. Einnig er gert ráð fyrir að þetta verði samstarfsverkefni með Vínasetrinu sem fengi þá leyfi fyrir fleiri börnum, sem leiðir til hagræðingar fyrir báða aðila.

Ýmsum öðrum viðhaldsverkefnum var einnig sinnt af Vínasetrinu, stjórninni og mökum stjórnar, en þau verða ekki öll talin upp hér. Það er þó enn nóg af verkefnum fyrir stafni og öllum þeim sem áhuga hafa á að leggja starfinu lið á einn eða annan hátt er tekið fagnandi.

Starfsaðstaða

Fyrir sumarið var geymslan innan af íþróttasalnum tekin í gegn þar sem óþarfa og ónýtum hlutum var hent og sófar voru settir inn til að útbúa smá starfsmannaaðstöðu. Einnig er stefnt að því að finna lausn á netmálum svo að starfsfólk geti verið nettengt í vinnunni.

Lokaorð

Eins og skýrsla þessi ber með sér var starfsárið 2018-2019 mjög ánægjulegt. Við erum sérstaklega þakklát fyrir fullnýtingu sumarbúðanna síðastliðin sumar og fyrir hið góða starfsfólk sem hefur tekið þátt í enduruppbyggingu staðarins þessi síðastliðnu ár. Það er dýrmætt traust sem foreldrar sýna okkur þegar þau senda börnin sín í sumarbúðirnar okkar og við munum vinna hörðum höndum áfram að því að gera dvöl barnanna sem ánægjulegasta og að orðspor sumarbúðanna megi blómstra og þátttaka einnig um ókomin ár. Samstarfið við Vínasetrið hefur einnig gengið vel og það hefur verið gott að sjá rekstur þess vaxa á liðnu ári. Samstarf stjórnar Kaldársels við Hafnarfjarðarbæ er okkur líka mikilvægt og við munum halda áfram að sinna því af alúð. Loks voru ýmsar misstórar framkvæmdir gerðar á staðnum og við horfum björtum augum til framtíðar um að halda áfram að bæta og þróa staðinn og starfsemi í Kaldárseli á komandi árum.

Stjórn Kaldársels vill koma á framfæri kærum þökkum til allra þeirra fjölmörgu sem lagt hafa starfinu í Kaldárseli lið á árinu, starfsmönnum, sjálfboðaliðum, velunnurum og gestum.

15. KFUM og KFUK á Akureyri

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur KFUM og KFUK á Akureyri var haldinn 5. mars 2017 í félagsheimili KFUK og KFUK á Akureyri í Sunnuhlíð. Guðmundur Ómar Guðmundsson var kosinn fundarstjóri og fundaritari Hanna Þórey Guðmundsdóttir.

Í stjórn KFUM og K á Akureyri voru eftirfarandi kosin:

Katrín Harðardóttir, formaður
Ragnheiður Harpa Arnardóttir, ritari
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, gjaldkeri
Varamenn: Valborg Rut Geirsdóttir og Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir

Haldnir voru 6 stjórnarfundir á starfsárinu, allir í fundaraðstöðu KFUM og KFUK á Akureyri í Sunnuhlíð. Eydis Ösp Eypórsdóttir, svæðisfulltrúi, sat fundina á vormánuðum, sem starfsmaður, en á haustmánuðum kom Sindri Geir Óskarsson í hennar stað, þar sem hún fór í barneignarleyfi í sumarbyrjun. Á milli funda voru ýmis mál rædd og leyst með tölvupóstssamskiptum.

Helstu verkefni stjórnar

Helstu verkefni stjórnar á árinu, fyrir utan hefðbundin stjórnarstörf, hafa líkt og undanfarin ár tengst barna- og unglingastarfi félagsins en markmiðið var að styðja við fundi yngrideildar með umsjón þeirra í 2-3 skipti á önn. Á þeim fundum hefur gjarnan verið boðið upp á einhvers konar föndur eða bakstur. Einnig var unnið að því að endurnýja styrktarsamning við Akureyrarbæ til næstu þriggja ára.

Áfram var unnið í takti við framtíðarsýn félagsins til 2027, sem samþykkt var árið 2017, ásamt markmiðum til 2020, á svipaðan hátt og síðastliðið ár. Þar má nefna traust samstarfi við þjóðkirkjusöfnuði í nágrenninu, verkefnið jólfélagið í skókassa, góða leiðtogafræðslu, fjölskyldusamveru á vormisseri, hækkun á útleiguverði salar og fastar leigutekjur af hluta húsnæðisins. Bænaundir yfir veturinn eru enn ekki orðnar vikulegar, eins og stefnt var að, en eru haldnar hálfsmánaðarlega yfir vetrarmánuðina. Efling innra starfs meðal fullorðinna félagsmanna var því miður lítið sinnt á árinu, en barna- og unglingastarfið var í forgangi. Þó voru haldnar tvær fullorðinssamkomur í samstarfi við kristnibóðsfélagið á árinu. Nokkuð miðaði í rétta átt í fjármálum félagsins þegar nýr samningur fyrir árin 2018-2020 var undirritaður við Akureyrarbæ.

Starfsemi og viðburðir

Barna- og unglingastarfið í vetur hefur verið með sama sniði og síðustu ár, það er einu sinni í viku fyrir hverja deild í 10-11 vikur yfir misseri, nema deildirnar á Dalvík og Ólafsfirði sem hafa verið í 8 vikur á misseri.

Deildastarf

Vormánuðir: Réttur mánuður var eftir af deildastarfinu eftir aðalfund síðasta árs. Þátttakendur í Leikjafjöri (yngri deildum) á Akureyri voru átta strákar og tíu stelpur, auk sjö barna á Ólafsfirði og 21 á Dalvík. Í unglingadeildinni UD-Glerá voru tíu unglingar á þessu tímabili. Klúbburinn, deild fyrir unglinga á framhaldsskólastigi hélt fjórar samverur á vormánuðum og voru þátttakendur 10-12.

Í vetur hafa eftirfarandi deildir verið starfræktar á Norðurlandi:

- Leikjafjör KFUM – skráðir voru 17, en meðaltalsmæting um 10 drengir. Leiðtogar: Sindri Geir Óskarsson, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Telma Guðmundsdóttir, Dórótea Gerður Örnólfsdóttir, og Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir.
- Leikjafjör KFUK – skráðar 17, en meðaltalsmæting um 12 stúlkur. Leiðtogar: Sindri Geir Óskarsson, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Telma Guðmundsdóttir, Dórótea Gerður Örnólfsdóttir, og Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir.
- Leikjafjör KFUM og KFUK á Dalvík – skráð 41 barn en meðaltalsmæting um 25. Leiðtogar: Sindri Geir Óskarsson og Elísabet Jóhannsdóttir.
- Leikjafjör KFUM og KFUK á Ólafsfirði – skráð 19 börn en meðaltalsmæting um 10. Leiðtogar: Sindri Geir Óskarsson, Sigríður Munda Jónsdóttir, Sindri Geir Óskarsson og Elísabet Jóhannsdóttir.
- Unglingadeild í samstarfi við Glerárkirkju, UD-Glerá – skráðir þátttakendur alls 38, meðaltalsmæting á fund var um 20 unglingar. Leiðtogar: Sindri Geir Óskarsson, Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir, Ingimar Baddi Ingimarsson Eydal, Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson.
- Í janúarbyrjun 2019 var bryddað upp á þeirri nýng að bjóða upp á Vinadeild fyrir 6-9 ára börn, (strákar og stelpur) að frumkvæði og í aðalumsjá Sindra Geirs Óskarssonar. Með honum eru Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir, Elísabet Jóhannsdóttir, Stefán Sigurðsson o.fl. ungleiðtogar. Óhætt er að segja að það starf hafi farið vel á stað, alls eru skráðir 41 og meðaltalsmæting á fund um 20 börn.
- Í janúarbyrjun hófust líka vikulegar samverur unglinga á framhaldsskólastigi í samstarfi við Glerárkirkju, Hvítasunnukirkjuna og Hjalpræðisherinn. Samverurnar eru haldnar til skiptis á þessum þremur stöðum. Nú eru þar skráðir 18 þátttakendur.



Viðburðir

Þann 15. mars var haldin hæfileikasýning yngri deilda, undir stjórn Eyðisar Aspar Eypórsdóttur. Sýningin tókst með miklum ágætum, margir sýndu þar hæfileika sína og fjölmargir áhorfendur mættu, nánast húsfyllir í Rósenborg.

Jólasamvera leiðtoganna var haldin hátíðleg í desember og var ágætlega mætt. Snæddum við saman hefðbundinn jólamat og áttum saman góða stund.

Fullorðinsstarfið var, sem fyrr segir, fremur rólegt á árinu, en haldnar voru tvær samkomur í samstarfi við Kristniboðsfélagið. Bænastundir hafa verið aðra hverja viku yfir veturinn og eru skipulagðar út maí.

Framkvæmdir og starfsaðstaða

Nokkuð var um útleigu á salnum, einna helst fyrir fermingar- og útskriftarveislur, auk þess sem hópur kvenna frá Dalvík hefur fengið að nota salinn fyrir kaffispijall einu sinni í mánuði yfir vetrartímann.

Gjafir og styrkir:

Hjónin Guðmundur Ómar Guðmundsson og Anna Ingólfsdóttir hafa gefið félaginu vinnu sína við að þrifa húsnæðið í Sunnuhlíð allt starfsárið og eiga þau mikinn heiður skilinn fyrir sitt fórnfúsa starf.

Félagið fékk hundrað og fimmtíu þúsund króna styrk úr Menningar- og viðurkenningarsjóði KEA, vegna fyrirhugaðra skipta á gólfefni í salnum og brýnt er að ráðast í það verkefni á komand starfsári. Nýr samningur við Akureyrarbæ færði einnar milljónar króna styrk árið 2018.

Lokaorð

Árið hefur verið gjöfult og gott og þökkum við Guði fyrir blessun og handleiðslu. Mörg börn og unglingar hafa tekið þátt í starfinu sem hefur verið vandað, hressilegt, kærleiksríkt og miðast að því að efla jákvæða sjálfsmynd þeirra. Ungleiðtogarnir, aðrir sjálfbóðaliðar ásamt starfsmönnum Eyðisi Ösp og Sindra Geir eiga þakkið skildar fyrir skemmtilegheit, hugmyndauðgi og dugnað sem hefur skilað sér í öflugum starfi. Megi Guð blessa þau í leik og starfi. Með gleði og trú um enn betra næsta ár ljúkum við þessu starfsári. „Guð er þess megnugur að veita yður allar góðar gjafir ríkulega, til þess að þér í öllu og ávallt hafið allt sem þér þarfnist og getið sjálfir veitt ríkulega til sérhvers góðs verks.“ (II. Kor. 9:8)

16. KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur KFUM og K í Vestmannaeyjum var haldinn 15. mars kl. 12:00 í safnaðarheimili Landakirkju. Fundinn sóttu sex manns. Fundarstjóri var sr. Viðar Örn Stefánsson og sr. Guðmundur Örn ritaði fundargerð. Hefðbundin aðalfundarstörf.

Stjórn KFUM & K í Vestmannaeyjum á starfsárinu skipuðu:

Guðmundur Örn Jónsson, formaður

Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, ritari

Gísli Stefánsson, gjaldkeri

Helgi Bragason, meðstjórnandi

Sigurjón Ingvarsson, meðstjórnandi

Stjórnin hélt þrjá stjórnarfundir á starfsárinu, alla í safnaðarheimili Landakirkju. Stjórnin hittist einnig við óformleg tilefni þar sem mál félagsins voru rædd.

Helstu verkefni stjórnar

Á aðalfundi 16. mars 2017 var tekin lokaákvörðun um að setja húsnæði félagsins í sölumeðferð og sá Fasteignasala Vestmannaeyja um það ferli. Nokkur tilboð bárust og úr varð að húsið var selt í september sl. Nýir eigendur hússins þekkja vel til starfsemi félagsins og hafa börn þeirra verið þátttakendur og leiðtogar í starfi þess.

Stjórnin styrkti ferðir leiðtoga og þátttakenda á liðnu starfsári ásamt því að hefja hugmyndavinnu í tengslum við þær breytingar sem félagið gengur í gegnum eftir sölu félags hússins.

Starfsemi og viðburðir

Deildastarf

Opið hús í KFUM og K húsinu við Vestmannabraut. Í Vestmannaeyjum er starfrækt unglingadeild fyrir 8. 9. og 10. bekk. Á fimmtudagskvöldum var opið hús í húsnæði deildarinnar við Vestmannabraut eins og hefur tíðkast undanfarin ár og sóttu það um 10-15 unglingar að jafnaði í hverri viku. Eftir að félagshúsið var selt færðist sú starfsemi í safnaðarheimili Landakirkju. Leiðtogarnir Ásgeir Þór Þorvaldsson og Ingi Þór Halldórsson héldu utan um starfið á starfsárinu með aðstoð Gísla Stefánssonar æskulýðsfulltrúa og eiga heiður skilinn fyrir það. Rabbabarin og spilaðastaðan hefur gengið í endurnýjun lífdaga eftir flutningana í safnaðarheimili Landakirkju.

Æskulýðsfundir í Landakirkju

Á sunnudagskvöldum eru haldnir æskulýðsfundir í Landakirkju og að jafnaði sækja um 25 þá fundi. Krakkar úr 8. og 10. bekk og á fyrsta ári í framhaldsskólanum eru máttarstólpar starfsins. Stór hluti þátttakenda eru einnig í leiðtogabjálfun í Landakirkju og hjá KFUM og KFUK á Íslandi og starfa sem ungleiðtogar í einum af krakkaklúbbum Landakirkju.



Sjálfboðaliðar í starfinu

Sjálfboðaliðar í starfinu voru: Alma Líska Hafþórsdóttir, Arnar Gauti Egilsson, Aron Kristinn Smáráson, Ásgeir Þór Þorvaldsson, Bára Viðarsdóttir, Gabríel Guðmundsson, Guðmundur Örn Jónsson, Helgi Bragason, Ísabella Ýr Héðinsdóttir, Jóhannes Þór Jóhannesson, Per Henrik Haraldsson, Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, Rósa Kristín Friðriksdóttir, Sandra Dögg Valgeirsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Sigurlás Máni Hafsteinsson, Sigurlaug Sigmarsdóttir, Snorri Rúnarsson, Stefanía Bjarnadóttir, Trausti Mar Sigurðarson og Veigar Máni Vattnes Sævarsson.

Viðburðir

Friðriksmótið í Vatnaskógi

27 þátttakendur og 3 leiðtogar á vegum Æskulýðsfélags Landakirkju og KFUM og K í Vestmannaeyjum fóru á Friðriksmótið sem haldið var í Vatnaskógi dagana 9.-11. febrúar 2018. Er það líklega met þátttaka á vegum deildarinnar í Eyjum. Mótið var framúrskarandi, enda vel skipulagt og valinn maður í hverju rúmi. Ekki skemmdist það skemmtunina að hópurinn varð veðurtepptur eina nótt í Vatnaskógi og þurfti því að gista auka nótt. Þetta mót er án nokkurs vafa einn af hápunktum ársins hjá Æskulýðsfélagi Landakirkju og KFUM og K í Vestmannaeyjum.

Vorhátíð Landakirkju og Gospelmessa

Árleg vorhátíð Landakirkju sem haldin var 29. apríl heppnaðist gríðar vel. Vorhátíðin markar lok vetrarstarfsins og hefst með sunnudagaskóla í Landakirkju. Að henni lokinni er haldið út á kirkjulóðina þar sem kirkjugestum er boðið upp á grillaðar pylsur og ungvíðinu boðið í leiki og fjör sem ungleiðtogar safnaðarins og KFUM og K héldu utan um. Um kvöldið var svo gospelmessa í Landakirkju þar sem kór Landakirkju, ásamt hljómsveit flutti vel valda gospel „standarða“ og ungleiðtogarnir sáu um bænir og ritningarlestra. Margt var um manninn og mikil skemmtun.



Landsmót á Egilsstöðum

12 þátttakendur og 2 leiðtogar á vegum Æskulýðsfélags Landakirkju og KFUM og K í Vestmannaeyjum fóru austur á Egilsstaði dagana 26.–28. október til þess að taka þátt í árlegu Landsmóti ÆSKP. Mótið var í alla staði vel heppnað og ut anumhald gott. Þrátt fyrir langt ferðalag og miklar keyrslur komu ferðalangarnir sælir og sáttir heim eftir gott mót.

Framkvæmdir og starfsaðstaða

Félagshúsið að Vestmannabraut var selt á árinu 2018. Starf félagsins fer nú allt fram í safnaðarheimili Landakirkju fyrir velvilja sóknarnefndar. Fræðslustofa safnaðarheimilisins er heimili félagsins á fimmtudagskvöldum en þar eru opnu húsin nú starfrækt. Stjórn KFUM og K í Vestmannaeyjum er afar þakklát fyrir það góða samstarf sem félagið á við söfnuðinn og vonar að það megi vera áfram svona gott um ókomna tíð.

Lokaorð

Árið 2018 var ögn rólegra en oft áður hjá Æskulýðsfélagi Landakirkju og KFUM og K í Vestmannaeyjum. Nú í ár voru stóru verkefni þátttaka í æskulýðsmótum, líkt og undanfarin ár, sem og sala húsnæðisins. Stjórn KFUM og K í Vestmannaeyjum vill koma á framfæri þökkum til þeirra fjölmörgu sem lagt hafa starfinu lið og ber þar helst að nefna sjálfboðaliðana sem eiga mikla og óeigingjarna vinnu að baki til stuðnings féluginu.

17. KFUM og KFUK á Suðurnesjum

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur KFUM og KFUK á Suðurnesjum var haldinn 27. febrúar 2018.

Stjórn KFUM og KFUK á Suðurnesjum á starfsárinu skipuðu:

Sigurbjört Kristjánsdóttir – formaður
Sveinn Valdimarsson – gjaldkeri
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir – ritari
Blær Elíasson – varamaður
Erla Guðmundsdóttir – varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru:

Páll Skaftason
Sigvaldi Björgvinsson

Stjórnarstörf

Stjórnin hélt 8 fundi á árinu og voru verkefni hennar margvísleg. Fólust þau í almennri umsjón með deildarstarfi á Suðurnesjum, en starfsstöðvarnar eru 3 talsins: fjórar deildir í félagsheimili KFUM og KFUK í Keflavík, ein deild í safnaðarheimili kirkjunnar í Innri-Njarðvík í samstarfi við Njarðvíkursókn og þrjár deildir í Grindavík í samstarfi við Grindavíkursókn. Hlutverk stjórnar var að fá leiðtoga til að leiða starfið í Reykjanesbæ og gekk það mjög vel. Haldin voru fjögur leikjanámskeið sumarið 2018. Einnig bar stjórnin ábyrgð á umsjón og viðhaldi félagsheimilisins að Hátúni 36 í Reykjanesbæ.

Leiðtogar

Leiðtogar og ungleiðtogar starfsins úr Reykjanesbæ og Grindavík voru 30 talsins.

Starfsemi starfsstöðvar

Skráðir þátttakendur í deildarstarfi KFUM og KFUK á Suðurnesjum haustið 2018 voru 241 talsins sem er ágætis fjölgun frá fyrra ári.



Deildarstarfið

Deildarstarfið gekk mjög vel og ánægjulegt hversu margir leiðtogar, börn og unglingar hafa áhuga á starfinu. Dagskrá fundanna var fjölbreytt og skemmtileg þar sem vel var hugað að hvað hentar hverjum aldurshópi. Til þess að hafa gott upplýsingastreymi voru eins og áður fésbókarsíður notaðar sem leiðtogar starfsins hafa aðgang að. Auk þess voru reglulega settar inn fréttir og myndir af starfinu á fésbókarsíðu sem foreldrar og velunnarar starfsins á Suðurnesjum hafa aðgang að. Sú síða hefur vakið góða eftirtekt og ánægju hér á svæðinu.

Æskulýðsfulltrúi

Enginn æskulýðsfulltrúi var starfandi á Suðurnesjum þetta starfsárið. Góð tengsl voru við æskulýðsfulltrúana frá þjónustumiðstöð KFUM og KFUK í Reykjavík og upplýsingaflæðið var mjög gott.

Leiðtogafræðsla

Leiðtogar á Suðurnesjum hafa sótt leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK sem fer m.a. fram í sumarbúðum KFUM og KFUK tvisvar á ári. Þar fá leiðtogar góða fræðslu sem nýtist þeim í deildarstarfi. Við hvetjum alla ungleiðtoga okkar til þess að taka þátt í leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK.

Leikjanámskeið

Fjögur leikjanámskeið voru í júní 2018. Forstöðukona var Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir. Brynja Eiríksdóttir og Þráinn Andreusson störfuðu einnig mestan hluta námskeiða. Auk þeirra unnu á námskeiðunum 9 unglingar, Bergrún Dögg Bjarnadóttir, Einar Sæþór Ólason, Elísabet María Kristinsdóttir, Eliza Liv Taylor, Eva María Thorarensen, Ólafur Þór Gunnarsson, Ragnar Snær Sigurðsson, Rakel Jóhanna Jóhannsdóttir og Þórunn Kolbrún Árnadóttir. Þátttakendur á námskeiðunum voru 92. Leikjanámskeiðin gengu vel og vöktu góða athygli í bæjarfélaginu þar sem bæði börn og leiðtogar settu svip sinn á bæinn.

Önnur starfsemi

Eins og undanfarin ár hefur húsið verið lánað fyrir fáeinar veislur og einnig hafði þrjónahópur afnot af húsinu aðra hvora viku veturinn 2018-2019.

Ýmsir viðburðir

Í apríl var haldið í Vatnaskóg í vorferð yngri deilda KFUM og KFUK. Stór hópur barna úr deildunum í Keflavík, Innri-Njarðvík og Grindavík fór í ferðina sem gekk mjög vel.

Leiðtogum í KFUM og KFUK í Reykjanesbæ var boðið í óvissuferð í maí sem þakklætisvott fyrir dýrmætt og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Haldið var til Reykjavíkur þar sem hópurnin skemmti sér dagspart og borðaði saman.

Haustið 2018 fór vel af stað. Þátttakendur úr yngri deildum í Keflavík, Innri-Njarðvík og Grindavík skelltu sér í nóvember á náttfata-Halloween party í Reykjavík sem tókst mjög vel. Börnin voru mjög ánægð. UD-Keflavík og UD-Grindavík fóru á miðnætúríþróttarmót í Vatnaskógi sem einnig var haldið í nóvember. Þar komu saman fjölmargir unglingar og tóku þátt í fjölbreyttri dagskrá.



Í janúar ár hvert er leiðtogum eldri en 20 ára boðið í máltíð og huggulega kvöldstund sem þakklætisvott fyrir starfið um haustið. Leiðtogar undir 20 ára fá jólagjöf sem þakklætisvott fyrir sín góðu störf.

Nýja árið fór ágætlega af stað en í febrúar fóru unglingadeildirnar í Keflavík og Grindavík á Æskulýðsmótið Friðrik í Vatnaskógi. Dagskráin var fjölbreytt og áhugaverð enda skemmtu unglingarnir sér konunglega.

Gjafir og styrkir

Stærstur hluti tekna KFUM og KFUK á Suðurnesjum kemur frá Reykjanesbæ samkvæmt samstarfssamningi við bæinn og einnig kemur góður styrkur frá Keflavíkursókn. Þá koma styrkir frá ýmsum fyrirtækjum og velunnurum starfsins. Þá er ótalin hinn mikli styrkur sem felst í starfi sjálfbóðaliða sem koma að starfinu.

Viðhald félagsheimilis að Hátúni 36

Á liðnu starfsári var hafist handa við að endurnýja innri salinn í félagsheimilinu. Veggir voru fjarlægðir svo og gólfefni og lofðefni. Þakeinangrun var endurnýjuð, lagðar hitalagnir í gólf og steyp yfir. Næsta sumar er stefnt að því að klæða loft og útveggi, leggja gólfefni, endurnýja innréttingar og fleira. Sumarið 2018 voru stólar í félagsheimilinu endurnýjaðir með 50 nýjum stólum.

Framtíðarsýn

Vinna við framtíðarsýn KFUM og KFUK í Reykjanesbæ og ýmis verkefni samhliða henni eru í gangi. Auk viðhalds heldur endurnýjun á húsbúnaði áfram og stefnum við á að kaupa ný borð. Stefnt verður að að efla drengjastarfið enn betur með því að byggja upp öfluga leiðtoga með fræðslu og leiðsögn. Vinum KFUM og KFUK á Suðurnesjum fjölga jafnt og þétt á samskiptasiðu okkar á fésbókinni enda er hún frábær leið til að auglýsa starfið okkar á svæðinu. Tengslum við bæjarstjórn, menningarfulltrúa og íþrótta- og tómstundarfulltrúa Reykjanesbæjar verður haldið áfram til að taka þátt í hinum ýmsu menningarviðburðum Reykjanesbæjar.

Lokaorð

Eins og alltaf hefur árið verið viðburðarríkt og áhugavert en umfram allt sýnt okkur hvað við eigum öflugan, skapandi og hæfileikaríkan leiðtogahóp. Það er okkar helsti styrkur og gefur starfinu okkar gildi og metnað til að gera enn betur. Verkefni eru margvísleg og ögrandi í okkar nútímasamfélagi en við tökumst á við þau með hjálp Drottinn og með gleði í hjarta.

„Meistarinn er hér og vill finna þig“

Jóhannes 11,28



18. Vinagarður leikskóli KFUM og KFUK

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur

Aðalfundur Vinagarðs leikskóla KFUM og KFUK var haldinn þann 14. mars 2018 á Holtavegi 28. 13 manns sóttu fundinn, Hulda Björg Jónsdóttir var fundarstjóri og Ragnhildur Gunnarsdóttir ritaði fundargerð. Fyrir fundinn höfðu Páll Skaftason og Jessica Leigh Andrésdóttir verið skipuð í kjörnefnd.

Stjórn

Stjórn leikskólans á starfsárinu skipuðu:

Magnús Fjalar Guðmundsson, formaður
 Anna Guðný Hallgrímsdóttir, varaformaður
 Guðmundur Karl Einarsson, ritari
 Einar Helgi Ragnarsson, gjaldkeri og fulltrúi foreldra
 Jóhanna María Friðriksdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi
 Fjölur Guðmundsson, varamaður
 Helga Sigríður Þórsdóttir, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru María Aðalsteinsdóttir og Anna Kristín Guðmundsdóttir. Skoðunarmaður reikninga til vara var Páll Skaftason.

Haldnir voru 6 stjórnarfundir á árinu á kaffistofu leikskólans.

Helstu verkefni stjórnar

Á árinu vann stjórnin áfram að hugmyndum um stækkun leikskólans en Reykjavíkurborg hefur óskað eftir að kaupa fleiri vistunarpláss. Vinnunni er ekki lokið en hún stendur í samhengi við framtíðarskipulag lóðarinnar sem KFUM og KFUK á Íslandi vinnur að. Ný lög um persónuvernd tóku gildi á starfsárinu og þarf leikskólinn að gera einhverjar breytingar á vinnuferlum til þess að fylgja þeim. Verkefnið er unnið í samstarfi við KFUM og KFUK á Íslandi en einnig nýtir leikskólinn efni frá Samtökum sjálfstæðra skóla sem Vinagarður er aðili að.

Vinagarður fékk höfðinglega gjöf frá Altis sem gaf leikskólanum hjartastuðtæki til þess að hafa staðsett í húsinu.

Starfsmenn leikskólans

Við leikskólann eru rúmlega 20 stöðugildi, en starfsmenn leikskólans á árinu voru María Sighvatsdóttir leikskólastjóri, María Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri og Sigrún Lilja Hjartardóttir matráður, í veikindaleyfi frá 16. janúar 2018.

Brynjar Kristinsson matráður og Mindaugas Iligus aðstoð í eldhúsi. Deildarstjórnar voru Ingibjörg Leifsdóttir, Hulda Björg Jónasdóttir, Sesselja Kristinsdóttir, Alma Auðunardóttir (kom úr fæðingarorlofi 2. janúar) og Eva Dögg Sveinsdóttir (kom úr fæðingarorlofi 25. febrúar).

Sérkennslustjóri er Ragnhildur Gunnarsdóttir og tónlistarkennari er Gerður Bolladóttir.



Aðrir háskólamenntaðir starfsmenn eru Anna Jóhanna Hilmarsdóttir, BA í þjóðfræði og María Sigurðardóttir, BA í umhverfis- og auðlindafræði og nemi í kennslufræði við HA.

Leiðbeinendur eru Aðalheiður Sighvatsdóttir, Anna Peta Guðmundsdóttir, Grumnesh Lenchesa, Gyða Rut Arnmundsdóttir, Katarzyna Jakubowska (fæðingarorlof frá 9. desember), Sigrún Ásta Kristinsdóttir, Svetlana Iligus, Þorbjörg Tómasdóttir og Hafsa Alhashim.

Þrír starfsmenn hafa verið í fæðingarorlofi í vetur og einn starfsmaður í veikindaleyfi. Nokkuð erfiðlega gekk að manna þessar stöður, en flestar tókst að manna að lokum.

Leikskólastarfið

Á Vinagarði er vináttan höfð að leiðarljósi og eru gildi leikskólans trú, von og kærleikur. Markmið starfsins er að efla kristið siðgæði, virðingu og sjálfstæði, frumkvæði og sköpunargleði.

Lögð er rík áhersla á að í leikskólanum sé notalegt andrúmsloft og að þar ríki gleði og væntumþykja. Börnunum er kennt að við séum hluti af sköpunarverki Guðs og að bera skuli umhyggju fyrir náttúrunni og öllu því sem Guð hefur skapað. Einnig er lögð áhersla á að börnin beri umhyggju fyrir öðrum og að þau læri að verða sjálfstæðir einstaklingar með góða og sterka sjálfsmynd.

Á hverri önn er unnið með ákveðin áhersluatriði sem hafa áhrif á allt starf leikskólans hvort sem það er hópastarf, hreyfing, málörvun, myndsköpun o.s.frv. Síðastliðið haust unnu yngstu börnin með litina. Eldri börnin fræddust um og unnu með efni tengt vatni fyrir áramótið og eftir áramót vinna öll börnin með söguna Regnbogafiskurinn eftir Marcus Pfister. Sagan fjallar um vináttu og samskipti, þannig eru gildi leikskólans trú, von og kærleikur kennd í leik og starfi.

Kristinfræðsla skipar alltaf stóran þátt í starfinu þar sem daglega er lesið úr Barnabíblíunni og börnunum kenndar bænir, minnisvers og söngvar. Börnin á Vinagarði tóku þátt í verkefninu Jól í skókassa og skiluðu börnin 80 kössum að þessu sinni.

Kristný Rós Gústafsdóttir djákni í Áskirkju kemur í heimsókn einu sinni í mánuði. Hún er með fræðslustundir með sama sniði og sunnudagaskóli með börnunum og hefur þetta samstarf við sóknarkirkjuna verið skemmtileg viðbót við starf leikskólans. Um jól og páska fara börnin á leikskólanum í heimsókn til sr. Sigurðar í Áskirkju þar sem einstaklega vel hefur verið tekið á móti hópnum.

Elstu börnin á leikskólanum fara mánaðarlega í Fríðuhús sem er dagvistarstofnun fyrir minnissjúka. Þar syngja börnin fyrir fólkið og Dadda segir öllum stutta sögu. Í lokin er svo boðið upp á hressingu og spjall. Þessar stundir hafa gefið öllum aðilum mikið og verið mjög þroskandi fyrir



börnin svo ekki sé nú talað um ánægjuna sem fylgir strætóferðunum.

Hinrik Valsson danskennari sá um danskennslu fyrir börnin, eins og undanfarin ár, sem endar á danssýningu þar sem foreldrum og forráðamönnum er boðið.

Á haustönn hóf Gerður Bolladóttir, leikskóla- og tónlistakennari, tónlistakennslu við leikskólann og kemur hún tvo morgna í viku og er með börnin í litlum hópum í tónlistarstundum.

Í vetur er haldið áfram með útikennslu og nú hefur hún verið innleidd fyrir yngri aldurshópina.

Á miðvikudagsmorgnum höfum við aðgang að TBR-salnum fyrir börnin. Eins og undanfarin ár var elstu börnum leikskólans boðið á sundnámskeið síðastliðið vor. Oft er sundferðunum fléttað saman við vettvangsferðir um Laugardalinn.

Samstarf er á milli elsta árgangs leikskólans og Langholtsskóla. Á degi íslenskrar tungu var börnunum boðið á samverustund í Langholtsskóla og í desember var þeim boðið á leikssýningu hjá nemendum. Börnin sem fara í Langholtsskóla í haust fara í skólaheimsókn þar sem þau taka þátt í frímínútum og kennslustund. Í vor munu hittast leikskólarnir og Langholtsskóli við þvottalaugarnar, syngja saman og skreyta trén. Einnig verður börnunum boðið á leikjadag í Langholtsskóla.

Samstarfið milli leikskólanna í hverfinu og Langholtsskóla hefur verið í þróun síðastliðið ár. Ýmsar nýjungar hafa verið prófaðar í vetur. Hafa skólarnir fundað reglulega og miðlað af reynslu sinni í starfinu sem hefur verið mjög áhugavert. Haldinn var kynningarfundur í Langholtsskóla fyrir foreldra barna sem hefja nám í skólann næsta haust. Skólastjóri Langholtsskóla bauð verðandi nemendum í heimsókn í skólann. Ákveðið hefur verið að vinna áfram með Erasmus-verkefnið sem byrjað var á síðastliðinn vetur. En um er að ræða verkefni sem snýr að skólabyrjuninni og skólaskilunum milli leikskóla og grunnskóla og er HLJÓM-2 okkar framlag í þetta verkefni. Hljóm-2 er próf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum. Verkefnið er í samstarfi við leikskóla í Króatíu, Grikklandi, Noregi, Danmörku og Írlandi. Stefnt er á ráðstefnu í Þessaloníku í Grikklandi nú í vor þar sem hvert land kynnir verkefnið sitt.

Elstu börnin fara nokkrum sinnum yfir veturinn á Sólheimabókasafn á kynningu og sögulestur. Elstu börnin fara í útskriftarferð í maí, þar sem haldið verður á Suðurnesin og Skessuhellir í Keflavík og Hvalneskirkja verða skoðuð. Ferðin endar í Smíðshúsum þar sem verður leikið, grillaðar pylsur og farið í fjöruferð. Elstu börnin enda skólaárið á hátíðlegri útskriftarathöfn þar sem foreldrum er boðið að vera með.



Framkvæmdir og starfsaðstaða

Á árinu var ráðist í umfangsmiklar endurbætur á eldhúsi Vinagarðs. Öll tæki voru fjarlægð úr eldhúsinu og skipt var um gips í veggjum. Sett voru ný niðurföll í gólfð og rafmagn í eldhúsi endurnýjað. Veggir og gólf voru að lokum klædd með epoxy sem auðvelt er að þrifa og stenst kröfur um hreinlæti. Kælir og frystir voru færð og viðbótar bökunarofn settur upp. Einnig voru rakaskemmdir á salerni á gangi lagfærðar. Hafist var handa strax og sumarleyfi hófst og gert ráð fyrir að ljúka því við upphaf starfsemi eftir verslunarmannahelgi. Verkið tafaðist þó umtalsvert og í nokkra mánuði fékk leikskólinn að nýta eldhús KFUM og KFUK í félagshúsi ásamt því að eldri börnin borðuðu hádegismat þar. Eldhúsið var tekið í notkun að nýju í nóvember. Gert er ráð fyrir að klára lagfæringar á salerni á ganginum á fyrsta ársfjórðungi 2019.

Ungagarður, Grísagarður og Kópagarður voru málaðir í sumarfríinu ásamt því að gert var við rakaskemmdir sem höfðu orðið við svalahurðir. Farið var í vinnu við að bæta lýsingu á milli leikskólahúsnæðis og félagsheimilis og tveir nýir ljósastaurar settir þar upp. Vorið 2019 er svo gert ráð fyrir að gróðursetja tré á svæðinu á milli húsanna til þess að skapa gott svæði til útiveru.

Foreldrasamstarf

Foreldrafélag Vinagarðs hefur starfað síðan í febrúar 2001 en starfsár foreldrafélagsins er 1. október – 30. september ár hvert. Foreldrafélagið stóð fyrir nokkrum viðburðum á árinu. Fræðslukvöld var haldið þann 15. mars. Yfirskriftin var Uppeldi og hegðun leikskólabarna og voru það sálfræðingarnir Hafdís Einarsdóttir og Magnús Friðrik Ólafsson sem héldu erindi. Vorhátíð Vinagarðs var haldin þann 5. maí en þá

skipulagði foreldrafélagið viðburði utandyra og stóð fyrir sælkerabasar. Foreldrafélagið bauð börnum og foreldrum upp á rútuför í Vatnaskóg í október en leikskólinn greiddi fyrir leigu á staðnum og veitingar. Í nóvember komu foreldrar saman til þess að pakka inn jólagjöfum fyrir börnin en þær voru afhentar á jólaballinu. Jólaballið var haldið í byrjun desember og stóð foreldrafélagið þar fyrir basar.

Foreldrafélagið ákvað að gefa leikskólanum nýtt útileiktæki á lóð leikskólans. Vegna anna við framkvæmdir sumarsins gafst ekki tækifæri til þess að setja það upp í sumar en stefnt er á að setja nýtt leiktæki upp sumarið 2019.

Foreldrafélagið hélt viðtekinni venju og gaf hverjum starfsmanni einn launaðan frídag, en þá hlupu foreldrar í skarðið og unnu á leikskólanum. Óhætt er að halda því fram að samstarf við foreldra sé til fyrirmyndar á leikskólanum og taka foreldrar þátt í starfi leikskólans á nánast öllum sviðum.

Lokaorð

Eins og sjá má á þessari skýrslu er starf leikskólans yfirgripsmikið og líflegt. Alltaf er eitthvað skemmtilegt um að vera og margt spennandi framundan. Stjórn leikskólans þakkar starfsfólkinu fyrir framúrskarandi störf á árinu með börnunum og fyrir að hafa skapað þeim hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi.





Allir eiga þeir að vera eitt
(Jóh. 17:21)

Ekki með valdi né krafti,
heldur fyrir anda minn!
-segir Drottinn allsherjar
(Sak. 4:6)